

# Virði lista verður ekki metið til fjár

## *Sviðslistir og sinfónísk tónlist á Íslandi;*

*Mikilvægi, staða og þróun sex stærri félaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar*

Lokaverkefni til MA gráðu í menningarstjórnun

Félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst

Nemandi:

Linda Lea Bogadóttir

Leiðbeinandi:

Ása Richardsdóttir

Haust 2016



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



Sviðslistir og sinfónísk tónlist á Íslandi; Mikilvægi, staða og þróun sex stærri félaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar.

30 ECTS-eininga meistararitgerð © Linda Lea Bogadóttir, 2016

Menningarstjórnun/Cultural Management

Félagsvísindadeild/Department of Social Sciences

Háskólinn á Bifröst/Bifröst University

311 Borgarnes

Sími: 433 3000

Reykjavík: 12. desember 2016

# Virði lista verður ekki metið til fjár

*Sviðslistir og sinfónísk tónlist á Íslandi;*

*Mikilvægi, staða og þróun sex stærri félaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar*

---

Háskólinn á Bifröst

# Útdráttur

Hér er tekin upp umræða um mikilvægi, stöðu og þróun, sex stærri félaga<sup>1</sup> á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar sem rekin eru með framlögum úr ríkissjóði og/eða með fjárstuðningi sveitarfélaga. Rannsókninni er ætlað að styðja við þær rannsóknir sem þegar liggja fyrir um hagræn áhrif og stærð skapandi greina, menningar og lista.

Markmiðið rannsóknar var að rýna hlutverk ríkisins og stoðir menningar; lög og reglugerðir ásamt þeim mælikvörðum sem ríkið notar við úthlutun opinbers fjár til félaganna, stöðu þeirra og þróun frá efnahagshruni.

Rannsóknarspurningunum, um hvort félögin séu mikilvæg menningarhagkerfi landsins; hvort þau skapi menningarlega verðmæti fyrir samfélagið og hvort þau stuðli að auknum lífsgæðum var einnig svarað.

Í ljósi fákeppni á markaði félaganna var að mestu stuðst við opinber gögn enda var það vilji viðmælenda rannsóknarinnar að ekki væri farið dýpra í fjárhagsáætlanir og ársreikninga félaganna. Nokkur þessara félaga birta ekki ársreikninga sína opinberlega og því reyndist rannsakanda erfitt að afla sér viðunandi upplýsinga sem til þurfti svo að samanburður á nýtingu fjármagns yrði sem nákvæmastur.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna ágætlega að stærsti hlutur tekna félaganna koma frá hinu opinbera. Einnig kom í ljós að stærri félögin njóta forgangs þegar kreppir að og skorið er niður í málaflokknum sömuleiðis að úthlutunarreglur eru ekki aðgengilegar. Það er mjög mikilvægt fyrir hið opinbera að hafa mælikvarða aðgengilega fyrir þegnanna og að úthlutunarreglur séu samræmdar og sanngjarnar. Það vakti furðu rannsakanda að ríkisvaldið hafi dregið úr opinberum fjárframlögum til félaganna eftir hrun í ljósi þess að eftirspurn og þörf fyrir hverskonar menningu stór jókst. Listamenn þjóðarinnar voru mörgum skjól, veittu hugarró á meðan aðrir fengu útrás fyrir réttláta reiði.

Það væri tilefni til frekari rannsóknar að skoða tengsl og áhrif menningar á ferðaþjónustu á Íslandi. Það er von höfundar að þessi rannsókn sé upplýsandi og áhugaverð fyrir lesandann og lestur hennar gefi innsýn inn í stöðu þessara sex lykilfélaga í listum Íslandi.

---

<sup>1</sup> Rannsakandi notar hugtakið „félag“ í stað „stofnun“ af fagurfræðilegum ástæðum.

# Abstract

This thesis addresses the importance, status and development of six larger performance art and symphonic institutions which are either funded by the Icelandic Government or Townships. The intent is for this thesis to support existing research on the economic impact and the scale of the Icelandic creative industries, art and culture.

The thesis goal is to analyze the role of the Government and the pillars of culture; the regulatory system in addition to the decisive factors the Government uses to determine the distribution of public funds to the institutions, their current status and development since the economic crash in 2008

The research question the thesis seeks to answer is threefold and address if the institutions are important to the Icelandic cultural economy; if the institutions create cultural value for society and if the institutions improve the standard of living.

Due to the limited size of the market the institutions operate in, the thesis mainly uses public documentation for review. It was also the subject's disposition that the institutions' financial and annual reports not be dissected. A few of the institutions do not publicly publish their annual reports. This fact complicated the quest for the proper material to use in order to produce the most accurate comparison analyses of the funding distribution.

The results of this thesis indicate that the largest proportion of the institutions' income come through public funding. It is also apparent that the larger institutions are privileged when funding is cut and that the funding regulations are not easily accessible. It is important for the public sector to allow public access to the funding guidelines and that the guidelines are unified and fair. It was to the researcher's surprise that public funding was cut in the wake of the financial crash in 2008 even though the need and demand for cultural experiences increased. The nation's artists eased the minds of many while others expressed themselves in devout anger.

There are grounds to further investigate the relation and impact of culture on the Icelandic tourism industry. It is the hope of the author that for the reader, this thesis has been informative, spiked interest and provided insight into the operation of these six Icelandic art institutions.

# Formáli

Ritgerð þessi er rannsóknarverkefni til fullnaðar MA-gráðu í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst haustið 2016. Vægi ritgerðarinnar er 30 ESTC-einingar. Rannsóknin fjallar um sviðslistir og sinfóníska tónlist á Íslandi; mikilvægi, stöðu og þróun sex stærri félaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar. Rannsóknin byggir á eigindlegri aðferðafræði sem byggir á viðtölum með samtali við sex stjórnendur og forsvarsmenn félaga á sviði sinfónískrar tónlistar og sviðslista ásamt fulltrúum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Áhugann á rannsóknarefninu má meðal annars rekja til tveggja skýrslna sem komu út á árunum 2011 og 2012. Annars vegar var það skýrslan „Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina“ sem unnin var að frumkvæði Samráðshóps skapandi greina og kom út í maí 2011 og hins vegar skýrsla sem kom í kjölfar hennar, „Skapandi greinar – sýn til framtíðar“. Sú skýrsla leit dagsins ljós á haustdögum 2012 og innihélt 19 mismunandi tillögur um hvernig stjórnvöld gætu bætt starfsumhverfi skapandi greina. Lestur þessara skýrslna ásamt fjölda áhugaverðra námskeiða sem kennd voru í námi höfundar við Háskólann á Bifröst, leiddu hugann að umfjöllunarefni þessarar rannsóknar.

Leiðbeinandi verkefnisins var Ása Richardsdóttir og þakka ég henni fyrir metnaðarfullar góðar ábendingar og leiðsögn, þekking hennar á viðfangsefninu nýttist mér einstaklega vel. Verkefnið var unnið á tímabilinu maí til desember 2016.

Ég þakka vinum og ættingum sem studdu mig og hvöttu á þessari löngu leið. Viðmælendum rannsóknarinnar færi ég góðar þakkir fyrir þátttöku þeirra og fyrir að veita mér innsýn í starfsemi félaga sinna. Þakka ég börnum mínum sérstaklega fyrir endalausan skilning, stuðning og þolinmæði. Sérstaklega þakka ég Sigrúnu Emblu, 5 ára, fyrir jákvæðni, hjartahlýju og tillitssemi. Síðast en ekki síst þakka ég Beggu (Bergþóru Laxdal), vinkonu, fyrir andlegan stuðning, yndislegan vinskap, áhugaverðar þrekaunir á fjalli og að vera mér samferða gegnum námið allt að takmarkinu.

---

Linda Lea Bogadóttir

*Virði verður ekki metið til fjár<sup>2</sup>*

---

<sup>2</sup> Munnleg heimild: Steinunn Birna Ragnarsdóttir, óperustjóri



# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>v</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>vi</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>vii</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
Markmið rannsóknar _____	2
Aðferðir _____	2
Uppbygging rannsóknar _____	3
Rannsóknarmælikvarðar _____	4
<b>Þáttur 1</b> .....	<b>5</b>
<b>Fræðileg umfjöllun og skilgreiningar</b> .....	<b>5</b>
Menning _____	6
Hlutverk ríkisins _____	6
Menningarhagfræði _____	11
Menningarstefna _____	12
Virði menningar _____	14
<b>Þáttur 2</b> .....	<b>18</b>
<b>Umfjöllun</b> .....	<b>18</b>
Sviðslistir og símfónísk tónlist _____	18
Stoðir menningar _____	19
Árangursstjórnunarsamningar _____	19
Fjárlagagerð ríkisins _____	20
Menningarsamningar _____	21
Fjármál ríkisins _____	22
Sviðslistalög _____	26
Menningarneysla Íslendinga _____	27
Borgarleikhúsið / Leikfélag Reykjavíkur _____	29
Leikfélag Akureyrar _____	32
Íslenski dansflokkurinn _____	35
Íslenska óperan _____	37
Sinfóníuhljómsveit Íslands _____	39

Þjóðleikhúsið .....	41
<b>Þáttur 3 .....</b>	<b>44</b>
<b>Aðferðafræði .....</b>	<b>44</b>
Rannsóknaraðferð .....	45
Eigindlegar rannsóknaraðferðir .....	45
Rannsóknargögn og úrvinnsla .....	45
Réttmæti og áreiðanleiki .....	46
Rannsóknarskiðferði .....	47
<b>Þáttur 4 .....</b>	<b>48</b>
<b>Úrvinnsla og greining viðtala .....</b>	<b>48</b>
Hlutverk ríkisins .....	50
Lög og reglugerðir .....	50
Menningarhagfræði .....	55
Fjárhagslegt umhverfi félaganna .....	55
Aðhaldsaðgerðir .....	60
Samfélagslegir þættir - Virði .....	63
Samstarf og hagsmunaaðilar .....	63
Tilgangur, markmið og listræn stefna .....	66
Greining viðtala .....	69
<b>Þáttur 5 .....</b>	<b>71</b>
<b>Niðurstöður og ályktanir.....</b>	<b>71</b>
Menning .....	73
Hlutverk ríkisins .....	74
Lög um opinbert fjármagn .....	74
Menningarhagfræði .....	76
Menningarstefnur .....	77
Virði menningar .....	77
Eru félögin mikilvæg menningarhagkerfi landsins ? .....	77
Stuðla félögin að auknum lífsgæðum ? .....	78
Skapa félögin menningarleg verðmæti fyrir samfélagið ? .....	79
<b>Samantekt ályktana.....</b>	<b>80</b>
Hagfræði .....	80

<b>Menning</b> .....	<b>80</b>
<b>Atvinna</b> .....	<b>81</b>
<b>Opinber fjármál</b> .....	<b>81</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>82</b>
<b>Viðaukar</b> .....	<b>86</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>89</b>

## Myndaskrá

Mynd 1 <i>Billy Elliott e. Lee Proud/Karl Ágúst Úlfsson. Mynd: Borgarleikhúsið</i> .....	29
Mynd 2 <i>Fló á skinni e. Gísla Rúnar Jónsson.</i> .....	32
Mynd 3 <i>Black Marrow e. Ernu Ómarsdóttir og Damien Jalet Mynd: Viðskiptablaðið</i> .....	35
Mynd 4: <i>Óperan Don Giovanni e. Wolfgang Amadeus Mozart Hallveig Rúnarsdóttir sem Donna Anna, Elmar Gilbertsson sem Don Ottavio, Hanna Dóra Sturludóttir sem Donna Elvira. Mynd: Íslenska óperan</i> .....	37
Mynd 5: <i>Sinfónúhljómsveit Íslands í Hörpu. Mynd: Sinfónúhljómsveit Íslands</i> .....	39
Mynd 6: <i>Þjóðleikhúsið. Mynd: Þjóðleikhúsið</i> .....	41
Mynd 7 <i>Viðtalsspurningar</i> .....	49

## Töfluskrá

Tafla 1 Röksemdir fyrir því að stjórnvöld eigi að styðja við menningu .....	8
Tafla 2 Menningarþrámiði Peter Duelund, (1995:33) .....	13
Tafla 3 Menningarútgjöld 2007-2015 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera .....	23
Tafla 4 Opinber útgjöld til menningarmála 2007-2015 í millj. kr. á verðlagi ársins 2015 .....	24
Tafla 5 Opinber útgjöld til menningarmála 2007 - 2015 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu .....	25
Tafla 6 Heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga til menningarmála á árunum 2008-2015 .....	25
Tafla 7 Heildarútgjöld ríkisins til menningarmála á árunum 2008-2015 .....	26
Tafla 8 Tónleikagestir Sinfó og SN árin 2008-2015 .....	28
Tafla 9 Gestir Leikfélags Reykjavíkur á leikárunum 2007/2008-2013/2014 .....	30
Tafla 10 Fjöldi leiksýninga og uppfærslna hjá LR á árunum 2007/2008-2013/2014 .....	31
Tafla 11 Framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur á árunum 2007/2008-2015/2016 .....	31
Tafla 12 Menningarframlag ríkisins til Akureyrarbæjar árin 2010-2017 .....	32
Tafla 13 Fjárframlag Akureyrarbæjar til Leikfélags Akureyrar á árunum 2007/2008-2014/2015 .....	33
Tafla 14 Fjöldi leikhúsgesta og uppfærslna hjá Leikfélagi Akureyrar leikárin 2007/2008-2014/2015 .....	34

Tafla 15 Greiðslur úr ríkissjóði til Íd á árunum 2008-2016 .....	36
Tafla 16 Uppfærslur og gestir Íslenska dansflokksins á árunum 2007/ 2008 - 2013/014 .....	36
Tafla 17 Opinber framlög til Íslensku óperunnar á árunum 2008-2016 .....	37
Tafla 18 Uppfærslur og gestir Íslensku óperunnar á árunum 2007/2008 - 2013/2014 .....	38
Tafla 19 Opinber framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2008-2016 .....	40
Tafla 20 Fjöldi tónleika og gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2008-2014 .....	40
Tafla 21 Framlög úr ríkissjóði til Þjóðleikhúss á árunum 2008-2015 .....	42
Tafla 22 Leikhúsgestir Þjóðleikhússins á leikárunum 2007/2008-2014/2015 .....	43

# Inngangur

*„Listin er mikilvæg næring fyrir líkama og sál“<sup>3</sup>*

---

<sup>3</sup> Erna Ómarsdóttir (2016)

Efnahagshrunið haustið 2008 leiddi af sér róttæka hagræðingu og niðurskurð, meðal annars á fjármagni hins opinbera til menningar og lista. Ríki og sveitarfélög þurftu að forgangsraða og skera niður í nánast öllum rekstri, þar með talið framlög til þeirra sex félaga sem hér verða til umfjöllunar. Sömu félög misstu að auki á sama tíma einkafjármögnun frá fyrirtækjum sem, í sumum tilvikum, skipti miklu máli í heildarrekstri félaganna.

Á sama tíma og allt fór hér á hvolf varð ákveðin vitundarvakning í samfélaginu um mikilvægi menningar og lista. Rannsókn þessi mun leiða í ljós aukna aðsókn að viðburðum í sviðslistum og sinfónískri tónlist strax á fyrsta vetri og árunum eftir hrun.

Þær rannsóknir á hagrænum áhrifum menningar og lista, sem ýtt var úr vör í kjölfar efnahagshrunsins, sýndu með óyggjandi hætti hagræna stærð skapandi greina sem og hverju vöxtur og viðgangur greinanna skilar, bæði til ríkissjóðs og til þjóðarinnar. Þessar rannsóknir leiddu til tillagna um hvernig hægt væri, á komandi árum, að auka skilvirkni og fjárfestingu hins opinbera enn frekar, innan menningar og lista.<sup>4</sup>

## Markmið rannsókna

Markmiðið rannsókna er að rýna hlutverk ríkisins og stoðir menningar; lög og reglugerðir ásamt þeim mælikvörðum sem ríkið notar við úthlutun opinbers fjár til félaganna, stöðu þeirra og þróun frá efnahagshruni.

## Aðferðir

Viðtöl voru tekin við forsvarsmenn sex félaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar sem og sérfræðinga hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Tilgangur viðtalanna var að draga fram og sýna hvert mikilvægi, staða og þróun sviðslista og sinfónískrar tónlistar á Íslandi hefur verið frá efnahagshruninu árið 2008. Einnig er leitast við að svara rannsóknarspurningunum um hvort félögin séu mikilvæg menningarhagkerfi landsins; hvort þau skapi menningarleg verðmæti fyrir samfélagið og hvort þau stuðli að auknum lífsgæðum.

Þótti rannsakanda mikilvægt að viðmælendur rannsóknarinnar hefðu alla þá grunnþekkingu sem til þurfti til að geta, hvað best, svarað rannsóknarspurningum og reyndi rannsakandi að leggja til hliðar þær áður gefnu hugmyndir sem hann hafði á efninu og leitaðist þess í stað við að auka vitneskju sína á hlutlausan hátt. Rannsakandi gerði sér grein fyrir, meðan á rannsókn

---

<sup>4</sup> (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011) og (Ása Richardsdóttir ofl., 2012)

stóð, að ekki var með öllu hægt að stjórna utanaðkomandi áhrifum og leitaðist hann því við að vera vakandi fyrir þeim þáttum sem gætu haft áhrif á niðurstöðuna.

Hafðar voru til hliðsjónar rannsóknir og skýrslur frá fagaðilum í menningargeiranum. Má þar nefna skýrsluna „Hagræn áhrif skapandi greina“<sup>5</sup> og skýrsluna „*Skapandi greinar – Sýn til framtíðar*“<sup>6</sup>. Einnig var stuðst við skýrslur og greinar unnar og ritaðar af félögum, meðal annars frá Bandalagi íslenskra listamanna, tölulegar upplýsingar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Hagstofu Íslands, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Aðrar skýrslur sem fjalla um efnahagslegt mikilvægi menningar og stefnumörkun stjórnvalda í menningarmálum voru einnig rýndar við vinnslu rannsóknar. Þær rannsóknir og kenningar sem þegar liggja fyrir um menningu og virði menningar, hlutverk hins opinbera er kemur að sviðslistum og sinfónískri tónlist, menningarhagfræði og menningarstefna hins opinbera voru einnig skoðaðar. Að lokum voru niðurstöður dregnar saman í greiningu á ályktunum.

## Uppbygging rannsókna

Rannsókninni er skipt upp í fimm þætti sem hver um sig leiða að niðurstöðu rannsóknarinnar. Fyrsti þáttur fjallar um kenningar fræðimanna og skilgreiningar hugtaka sem styðja við efnið og/eða tengjast því beint. Í öðrum þætti er umfjöllun um stöðu sviðslista og sinfónískrar tónlistar í dag og félögin sex kynnt til sögunnar. Þriðji þáttur inniheldur ítarlega lýsingu á aðferðafræði rannsóknarinnar, þeirri aðferð sem rannsakandi notar við framkvæmd rannsókna. Í fjórða þætti er fjallað um úrvinnslu og greiningu viðtala og í þeim fimmta setur rannsakandi fram niðurstöður sínar en þær eru byggðar á viðtölum og fræðilegri nálgun rannsóknar ásamt þeim gögnum og heimildum sem rannsakandi hefur aflað sér gegnum ferli rannsóknarinnar.

Rannsóknarspurningarnar eru:

- Eru félögin mikilvæg menningarhagkerfi landsins?
- Skapa félögin menningarleg verðmæti fyrir samfélagið?
- Stuðla félögin að auknum lífsgæðum?

---

<sup>5</sup> (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011)

<sup>6</sup> (Ása Richardsdóttir ofl., 2012)

## Rannsóknarmælikvarðar

Þeir mælikvarðar sem rannsakandi horfði til voru grunnstoðir menningar; opinber framlög, lög og reglugerðir, mælikvarðar ríkisins við úthlutun opinbers fjármagns til félaganna og þeir samningar og stefnur sem unnið er eftir ásamt aðsóknartölum félaganna.

Þau félög og stofnanir sem um ræðir eru Borgarleikhúsið – Leikfélag Reykjavíkur (LR), Íslenski dansflokkurinn (Íd), Íslenska óperan (Íó), Leikfélag Akureyrar (LA), Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) og Þjóðleikhúsið (ÞL).



# Þáttur 1

## Fræðileg umfjöllun og skilgreiningar

*„[...] Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir að hin séríslenska menning er afskaplega sérkennileg blanda, gerð úr kínverskum taóisma, íslenskum sviðum, súrsuðum hrútpungum, einstaklingshyggju, gamaldags marxisma og nútímalegu, engilsaxnesku poppi.“<sup>7</sup>*

---

<sup>7</sup>Hvað er menning ? Bein tilvitnun úr bók Gunnars Dals, *Að elska er að lifa* (Gunnar Dal, 1992).

Í þessum þætti er farið yfir helstu hugtök og kenningar sem rannsakandi taldi nauðsynlegt að skilgreina meðal annars til þess að umræðan síðar í ritgerðinni sé skýr og hægt sé að greina niðurstöður rannsóknarinnar út frá fræðilegum forsendum.

## Menning

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er *menning* skilgreind sem:

[...] „þroski mannlegra eiginleika mannsins, það sem greinir hann frá dýrum, þjálfun hugans, andlegu lífi“.

Íslensk orðsifjabók skilgreinir menningu sem:

[...] „þroska hugar og handa, þróun, efling, siðmenning“.

Orðabók Menningarsjóðs túlkar einnig orðið menning á þann hátt að hún sé:

[...] „sameiginlegur arfur, rótgróinn háttur, siður“ (Orðabók, 2016).

### Skilgreining Páls Skúlasonar á hugtakinu menningu

Páll Skúlason heitinn, heimspekingur, setti einnig fram skilgreiningu á orðinu menning;

„Menning er allt sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar.“ (Páll Skúlason, 1994:11).

Menning er að sögn Páls (1994) sú skipulega viðleitni einstaklingsins til að takast sameiginlega á við það verkefni að skynja og skoða veruleikann, að framkvæma og skapa hluti og að deila lífinu með öðrum (Páll Skúlason, 1994:84).

Menningu má greina í þrjá þætti samkvæmt Páli (1994). Í fyrsta lagi sem þann þátt sem kalla Tmá „*bókmenningu*“ (e. Theoria) en sá þáttur tengist vitund manna og skoðunum þeirra sem áhorfanda að því sem gerist í kringum þá. Í öðru lagi „*verkmenningu*“ (e. Poiesis) sem tengist sköpun manna og vilja. Í þriðja lagi þann þátt sem tengist breytni mannsins í venjubundnum samskiptum og tilfinningum og nefnd er „*siðmenning*“ (e. Praxis) (Páll Skúlason, 1994:84).

## Hlutverk ríkisins

Eitt af hlutverkum íslenskra stjórnvalda er að skapa skilyrði, til handa öllum landsmönnum, fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði menningar og lista. Einnig telja þau aðgengi að menningarstarfi mikilvægt ásamt almennri vitund um menningararf þjóðar. Þátttaka ríkisins í menningarlífinu er settur rammi með löggjöf og stuðningsaðgerðum og snýr stuðningur

stjórnvalda einkum að starfsemi atvinnumanna á sviði lista og álíta stjórnvöld að fjölbreytt menningarstarfsemi sé mikilvægur þáttur í atvinnulífinu sem muni þegar fram í sækir vega enn þyngra. Menningarlífið hefur viðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti og má þar meðal annars nefna áhrif innan ferðaþjónustunnar og gildi menningar fyrir menntun þjóðarinnar. Sjálfstæði stofnana á sviði menningar eru viðurkennd og gerð er krafa til stjórnenda þeirra sem og starfsmanna um fagleg vinnubrögð. Lögð er áhersla á að þeir aðilar sem hljóti stuðning hins opinbera á sviði menningar og lista viðhafi vönduð vinnubrögð og bjóði uppá faglega starfsemi og þjónustu við almenning. Á sama hátt meta þau árangur stofnana og félaga en hafa ekki beina aðkomu að daglegu starfi ríkisstyrktra menningarstofnana. Sérstök áhersla er lögð á eflingu menningar barna og ungmenna. Lögð er áhersla á samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök á sviði menningarmála. Menningarsamningar eru gerðir um stuðning við menningarstarf á landsbyggðinni (Alþingi, 2012b).

*„Hlutverk ríkisins á svið lista og menningarmála er í stórum dráttum með þrennum hætti. Í fyrsta lagi rekstur stofnana, í öðru lagi starfræksla sjóða til stuðnings menningarstarfsemi og í þriðja lagi stuðningur við starfsemi og verkefni, ýmist með lögbundnum framlögum eða styrkjum á grundvelli fjárveitinga í fjárlögum hverju sinni. Sjóðir til stuðnings lista- og menningarstarfsemi veita einkum verkefnastyrki, nema listasjóðir og launasjóður höfundu fræðiritu sem veita starfslaun. Starfsemi áhugaleikhópa og atvinnuleikhópa njóta framlaga á fjárlögum.“*

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2005).

### **Skilgreining Ágústar Einarssonar á hlutverki ríkisins**

Opinberir styrkir eru flokkaðir sem rekstrarfé félaganna, rekstrarlán, ríkisábyrgð, skattaávilnun af einhverju tagi, lækkun skulda eða lækkun á opinberum gjöldum. Landslagið sem umvefur menningargeirann og viðhorf almennings og stjórnvalda hefur breyst á síðustu árum. eru það helst þrjár ástæður sem taldar eru orsökinn fyrir því. Fyrir það fyrsta eru menningarmál meira rædd í samfélaginu en áður og þá út frá hagrænum sjónarmiðum. Þá hefur aukinn skilningur, reynsla og þekking almennings sem og hins opinbera gert alla umfjöllun um menningarmál skynsamlegri auk greiningu hagrænna þátta með hliðsjón af menningarlegum afurðum, menningariðnaði og menningarstefnum. Niðurstöður þess konar greininga eru grundvöllur umræðunnar um opinberar fjárveitingar. Í öðru lagi má svo nefna auknar kröfur um aðgang almennings að stofnunum, áhersla á fræðslu barna innan menningargeirans fer vaxandi og að menningarstofnanir almennt taki mið af breyttum og markþættari samfélögum. Þriðja ástæðan

er talin snúa að aukinni aðild hins opinbera í menningarmálum. Umfang opinberrar þjónustu er nú mælt í ríkari mæli og metið á ýmsan hátt. Útgjöld hins opinbera eru til að mynda mæld í aðsóknarfjölda<sup>8</sup> þeirra sem sækjast eftir menningu og listum (Ágúst Einarsson, 2012:95).

Ágúst Einarsson (2012) færir fyrir því margvísleg rök í bók sinni Menningarhagfræði, hvernig stjórnvöld ættu að styðja við menningu og byggja mörg raka hans á hagrænum sjónarmiðum. Flest þeirra eiga þó við fleiri lönd en Ísland, en önnur byggja eingöngu á séríslenskum aðstæðum. Þessum röksemdum skiptir Ágúst upp í heila sex flokka sem verða ekki ræddir hér og en sjá má í meðfylgjandi töflu ásamt lykilorðum hvers flokks (Ágúst Einarsson, 2012:96).

Flokkar	Lykilorð
Hagfræði	verðleikavörur, ytri áhrif, hlutfallslegir yfirburðir ,eftirspurn, markaðsbrestir, skapandi atvinnugreinar
Menning	uppruni, jöfnuður, varðveisla, menningarstefna, umfang menningar, forsjárhuggja, áhugasamur
Atvinna	tenging atvinnugreina, erlend samstarfsfyrirtæki, hagsmunagæsla
Byggðamál og menntun	dreifbýli, nýting fastafjármuna
Landfræði	skólar, klasar, klasaáhrif
Opinber fjármál	landkyrning sem samgæði, ferðaþjónusta, gjaldeyristekjur, skattar, arðsemi

Tafla 1<sup>9</sup> Röksemdir fyrir því að stjórnvöld eigi að styðja við menningu

Ágúst telur þó alltaf álitamál hversu mikið hið opinbera eigi að styðja við menningu og að það megi spyrja sig hver sé nákvæmlega hinn rétti stuðningur. Ýmis rök hafa verið talin fyrir því að það sé hagfellt fyrir stjórnvöld að styðja við menningu, ekki síst vegna hinna jákvæðu ytri áhrifa, en rétt sé að halda því til haga að ýmislegt í því getur verið álitaefni og fellur að einhverju leyti undir stefnuhagfræði. Ágúst segir að hagfræðilegu rökin fyrir því að ríkisvaldið eigi að styrkja menningu séu all nokkur. Innan hagfræðinnar er til að mynda rætt um verðleikavörur eða virðisgæði (e. Merit good) sem eru þess konar vörur og/eða þjónusta í efnahagslífinu sem sagt er að auðgi sérhvert samfélag og færi samfélaginu virði sem ekki sé hægt að mæla með

<sup>8</sup> Tölur um aðsóknarfjölda er að finna í þætti 3

<sup>9</sup> Tafla unnin uppúr bók Ágústar Einarssonar, menningarhagfræði frá árinu 2012 (Ágúst Einarsson, 2012:96).

hefðbundnum mælingum. Rekstur sinfóníuhljómsveita er eitt dæmi um slíka vöru og eða þjónustu. Það getur reynst erfitt að bjóða upp á slíka þjónustu án styrkja þar sem þar er um að ræða mjög kostnaðarsaman rekstur og hópurinn sem nýtir sér þjónustuna er yfirleitt hlutfallslega lítill. Flestir myndu þó telja að samfélagið yrði einsleitara ef slíkra hljómsveita nyti ekki við og þar af leiðandi hefur það verið markmið flestra stjórnvalda að styrkja með almannafé slíka starfsemi (Ágúst Einarsson, 2012:96-97).

Fastur kostnaður er yfirleitt all nokkur við framleiðslu menningar og lista og oft reynist erfitt að verðleggja vöruna í takt við útlagðan kostnað, hvað þá með álagningu, þannig að yfirleitt þarf að niðurgreiða verð vörunnar með fjárhagslegri aðkomu hins opinbera. Hætta er á mismunun þegar kemur að veitingu opinberra styrkja til menningar sem geta komið þannig út að rótgónar stofnanir njóti forgangs að styrkveitingum á kostnað minni listastofnanna. Það er mikilvægt að stefna stjórnvalda er varðar styrkveitingar sé í stöðugu endurmati samkvæmt Ágústi (Ágúst Einarsson, 2012:98).

### **Skilgreining Harry Hillmann Chartrand á hlutverki ríkisins**

Menningarhagfræðingurinn Harry Hillman Chartrand hefur sett fram líkan um fjármögnun á list og listastarfsemi, en þar skiptir hann hlutverki ríkisins niður í fjóra flokka. Þeir eru miðlarinn, velgerðarmaðurinn, arkitektinn og verkfræðingurinn.

Sá fyrsti er miðlarinn (e. The Facilitator). Fjármögnun á list sem leið fyrirtækja til þess í senn að sýna samfélagsábyrgð og fá að auki skattaívilnum. Með þessu móti er ríkið að beita stjórnækjum sínum til þess að örva einkafyrirtæki og félagasamtök til þátttöku í að leggja sitt lóð á vogaskálar listmenningar í landinu. Þar með er ríkið orðinn óbeinn styrktaraðili og allir hagnast. Allt regluverk í kringum menningargeirann er mjög lítið og hefur ríkið lítið með það að gera hverskonar menningarstarfsemi fær styrki og um leið nýtur mestrar athygli almennings. Má því ætla að fyrir vikið verði menningarstarfsemin mun markaðsdrifnari en ella. Þessi aðferðarfræði stuðlar að menningarlegri fjölbreytni þar sem fjármagnið kemur úr ýmsum áttum sem er mikill kostur. Hins vegar er gallinn helstur sá að gæði og metnaður menningar og lista ráða ekki endilega för. Sömuleiðis er ákveðin hætta á að menning sem hefur sögulegt eða þjóðlegt mikilvægi lúti í lægra haldi fyrir efnisminni menningu. Erfitt getur reynst að reikna út hvað slíkt kerfi kostar skattgreiðendur í raun og veru því oft skortir á gagnsæi þegar kemur að því að veita skattaívilnanir og frádrátt hvers konar (Chartrand, Harry Hillman, 2002: 4-5).

Annar flokkurinn nefnist velgjörðarmaðurinn (e. The Patron), en hann á við þegar ríkið leggur fé til menningarstarfsseminnar gegnum nefndir eða ráð sem oftast eru skipuð fagfólki úr

listageiranum. Ákveða ríkisstjórnir þeirra landa sem tilheyra þessum flokki, hversu miklum fjármunum er varið í menningargeirann hverju sinni en ekki er fyrirfram ákveðið í hvaða eða hvers konar starfsemi fjármagnið skuli renna. Megináherslan er á gæði umfram magn og því skapast svokölluð hámenning og fín list um velgjörðarmanninn. Markmið velgjörðarmannsins er ekki að ná til sem flestra samfélagshópa heldur miklu frekar til fagfólks sem hefur þekkingu á og starfar innan menningargeirans. Í kerfi sem þessu, líkt og í kerfi miðlarans, tíðkast að veita skattafrádrátt og ívilnanir til þeirra sem leggja til fjármagn í listastarfsemina. Kerfið höfðar því meira til þeirra „velunnara“ sem sjá beinan hag fólgin í því að styrkja menninguna (Chartrand, Harry Hillman, 2002:5).

Arkitektinn (e. The Architect) er þriðji flokkurinn en þar eru það fjárlög sem segja til um hve mikið fjármagn fer í lista og menningarstarfsemi. Þar er sérstak menningaráðuneyti sem mótar og framkvæmir menningarstefnu. Það er litið á menningarstarfsemi sem hluta af velferðarkerfinu og aðgangur þegnanna að menningu og listum er helsta markmiðið. Stefna ríkisins er að halda miðaverði og öðrum kostnaði í lágmarki svo almenningur geti notið menningarinnar óháð efni og aðstæðum. Algengt er að listamenn og starfsfólk tengt menningarstarfsemi sé ráðið af ríki eða borg og njóti því ákveðins starfsöryggis. Þar með eru starfsmenn ekki háðir því að menningin sé keypt af almenningi eða að hún höfði til ákveðins samfélagshóps. Helsti gallinn við þetta er að ákveðin stöðnun og andvaraleysi gæti orðið í menningarstarfseminni (Chartrand, Harry Hillman, 2002:5-6).

Verkfræðingurinn (e. The Engineer) er fjórða og síðasta kerfið. Þar er megin einkennið að öll menningar- og listastarfsemi er í eigu ríkisins. Þannig verður ríkið einvaldur og stjórnar öllum þeim þáttum sem gerðir eru á sviði menningar og lista. Sömuleiðis styður ríkið einvörðungu þá listsköpun sem er þóknanleg pólitíkinni og yfirvöldum. Sköpunarkraftur og frumleiki fær ekki notið sín sé hann ekki þóknanlegur ríkisvaldinu og listamenn þurfa að gæta þess að vera þóknanlegir ríkisvaldinu í listsöpun sinni til þess að verða ekki útskúfaðir. Þar af leiðandi ræðst frami listamanna af því hvort þeir beygi sig undir þær pólitísku kröfur sem settar eru á þá. Þarna er ríkið í hlutverki verkfræðingsins og stjórnar listsköpun í pólitískum tilgangi meðal annars til þess koma áróðri á framfæri. Það má segja að listamenn verði nokkurskonar strengjabrúður í höndum yfirvala. Gallarnir við þetta kerfi eru fyrst og fremst hamlandi listsköpun og takmarkanir ásamt pólitísku ofríki. Gífurleg ritskoðun á öllu menningartengdu efni á sér stað í ríkjum sem fylgja verkfræðikerfinu. Í þeim ríkjum sem þetta kerfi er notað getur myndast einhverskonar neðanjarðarmenning í algerri andstöðu við ríkjandi viðhorf, sem yfirvöld berjast síðan gegn (Chartrand, Harry Hillman, 2002).

## Menningarhagfræði

*Á íslensku eru hugtökin menning og listir nátengd og í almennri umræðu oftast ekki tengd við þann hluta sköpunar sem notið hefur ríkisstyrkja. Áherslan á hlutverk opinberra aðila hefur einnig verið nátengd áherslu menningarhagfræði á réttlætingu þess að styðja við menningu og listir vegna menningarlegs gildis (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011).*

### **Skilgreining Ágústar Einarssonar á menningarhagfræði**

Ágúst Einarsson (2012) telur að menning og listir séu samofin þeim hluta sköpunar og lista sem notið hafa ríkisstyrkja. Ágúst nefnir í bók sinni Menningarhagfræði, að áherslan á hlutverk hins opinbera aðila sé einnig nátengd áherslu á menningarhagfræði (e. Cultural Economics), en sérstakar aðstæður innan menningar og lista gera það að verkum að menningarhagfræði hefur orðið að sérgrein innan hagfræðinnar (Ágúst Einarsson, 2012:13). Samkvæmt Ágústi er mögulegt að meta hversu mikla hlutdeild menning hefur í hagkerfi hvers lands með því að skoða hverju einstaka þættir hennar skila til landsframleiðslunnar, það er til verðmætasköpunar. En sérstaða menningarhagfræðinnar er sem dæmi fólgin í regluverkinu sem umlykur menningu og listir og hegðun neytandans. Menningarhagfræði fellur vel að grunnatriðum hagfræðinnar (Ágúst Einarsson, 2012:187).

### **Skilgreining David Throsby á menningarhagfræði**

Thorsby<sup>10</sup> (2001) vill meina að ekki sé hægt beina kenningum um efnahagslegt virði yfir á menningarafurðir án þess að greina fyrst í milli áþreifanlegrar vöru og almannagæða. En einkenni áþreifanlegra vara og almannagæða leynast víða og hafa margar menningarafurðir slík einkenni (Thorsby, 2001:23-24).

Menningarlegt fjármagn gefur tilefni til menningar- og efnahagslegra gilda, meðan venjulegt fjármagn veitir aðeins efnahagslegt gildi. Almenna skilgreining á „fjármagni“ er virði fjárfestingar sem bundin er af hálfu fyrirtækja í vélum, tækjum, verksmiðjum og öðrum fastafjármunum og er þýðingarmikil þjóðhagsstærð. Uppsöfnun fjármagns í gegnum sparnað og fjárfestingu knýr hagkerfið áfram og lyftir framleiðslu og tekjum þannig hærra og þá um leið lífskjörum almennings. Þess konar fjármagn er innan hagfræðinnar kölluð eign. Thorsby (2001)

---

<sup>10</sup> Þýðing á hugtakinu menningarhagfræði (e. Cultural Economics) var gerð af höfundri rannsóknar úr bókinni Economics and Culture eftir David Thorsby.

segir að hagfræði geri ráð fyrir að fjármagn megi skipta í þrjá meginflokka það er: Efnislegt fjármagn (e. Physical Capital) svo sem lýst er hér að framan og felst í hefðbundnum skilningi í eignum svo sem vörubirgðum, vélum, tækjum, verksmiðjum, byggingum og fleiru sem stuðlar að framleiðslu á frekari vörum. Þessi flokkur hefur verið þekktur og ræddur frá upphafi hagfræðinnar. Annar flokkurinn er hið mannlega fjármagn eða mannauður (e. Human Capital) sem felst í menntun, verkþekkingu og þjálfun mannaflans sem og áþreifanlegum verðmætum í framleiðslunni og sá þriðji sem færst hefur nær í umræðunni er svo náttúrulegt fjármagn eða náttúrugæði (e. Natural Capital), en þar flokkast til að mynda endurnýjanlegar og ekki endurnýjanlegar auðlindir, gróðurfar, fiskimið, málmar í jörðu, hiti og orka í iðrum jarðar, fossar, fallvötn og annað slíkt. Throsby bendir einnig á að hugtakið fjármagn sé í raun svipað í menningu og í hagfræði enda hefur það áhrif bæði á virði innan menningar sem og innan hagfræðinnar. Á meðan „venjulegt“ fjármagn hefur aðeins áhrif innan hagfræðinnar (Throsby, 2001:45-46).

## Menningarstefna

Fræðimenn og samfélagið hafa leitast við að skilgreina hugtakið menningarstefnu á ýmsan hátt, en viðfangsefni hennar eru ekki einföld í eðli sínu. Menningarstefnu er ætlað í, sem þrengstri merkingu, að svara spurningunni hvers konar menningarstarfsemi ríki og sveitarfélög eigi að stuðla að og styðja með almannafé. Einnig fjallar menningarstefna um hvað það er í „menningararfi“ samfélaga, og í listum, sem skipti mestu máli að mati þeirra sem stefnuna móta og hanna. Menningarstefna er ekki greytt í stein og á að mótast af samfélaginu öllu með aðkomu sem flestra. Þegar hið opinbera hefur skilgreint styrkjakerfið leitar einstaklingurinn frekar yfir í þann geira þar sem hægt er að nálgast fjármagn með auðveldum og skipulögðum hætti. Opinber stefna mótast mjög mikið hvað er list og skilgreinir hver er „listamaður“. Nauðsynlegt er að vita og skilgreina til hvers menningarstefna er sett og hvaða vandamál hún á að leysa. Í henni þurfa að vera markmið sem hægt er að mæla, tímasetja og um leið að ná. Hún þarf að fjalla um „menningarhugtak“ sem virkar fyrir þessar aðstæður. Hlutverk hins opinbera er mikilvægt að skilgreina (Njörður Sigurjónsson, 2009).

Þann 7. mars 2013 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem varðaði menningarstefnu. Það var Mennta- og menningarmálaráðherra sem lagði tillöguna fyrir þingið og var þetta í fyrsta skipti sem þingið tók til meðferðar og samþykkti sérstaka lista og menningarstefnu. Með menningarstefnunni er fyrst og fremst horft til aðkomu stjórnvalda að málefnum listgreina og



menningararfs og í þágu allra þeirra sem njóta menningar, hvort heldur er með flutningi, sköpun menningar eða sem almennir njótendur. Í stefnunni eru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar:


*„Í fyrsta lagi sköpun og þátttaka í menningarlífinu, í öðru lagi áhersla á gott aðgengi að listum og menningararfi, í þriðja lagi er undirstrikað mikilvægi samvinnu stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar og loks er bent á mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu.“*

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013.)

### Skilgreining Peter Duelund á hugtakinu menningarstefna<sup>11</sup>

Tilgangur menningarstefnu er að draga saman og upplýsa samfélagið um fjármögnun menningar og lista í samfélaginu. Menningarstefnur snúast um, að mati Duelund (2003), hvernig almenningur annars vegar og einstaklingar innan menningargeirans hins vegar takast á um og endurspeglar listir og menningu (Duelund, 2003: 13).

Menning tekur annars vegar á list og viðburðum og hins vegar öllum þáttum samfélagsins eins og píramídið bendir til. Menningarstefna getur tekið til allra þessara þátta.



Tafla 2 Menningarpíramídi Peter Duelund, (1995:33)

Eins og áður hefur verið rætt hér að framan þykir hugtakið menning margþætt og hefur fræðimönnum oftast en ekki reynst erfitt að ná utan um skilgreiningu þess. Einn af þeim fræðimönnum sem sett hefur fram skilgreiningarlíkan á hugtakinu er Peter Duelund (1995), en

<sup>11</sup> Þýðing á hugtakinu menningarstefna (e. Cultural policy) var gerð af höfundi rannsóknar úr bókinni The Nordic Cultural Model eftir Peter Duelund (2013)

hann notast við svokallaðan menningarpíramíða við skilgreiningu sína. Þar flokkar hann menningu sem og menningarstefnustrauma í ákveðið form (Duelund, 1995;33).

Menningarpíramíði Duelunds (1995) byggir á samhengi milli menningarlýðræðis og félagslegs lýðræðis og sýnir einnig fram á hvernig menning og menningarstefna hins opinbera geta tengst á mismunandi hátt. Píramíðinn er þrepaskiptur. Í fyrsta þrepi eru „listir“ skilgreindar sem hluti af menningu, list atvinnulistamanna, svo sem atvinnuleikhúsa. Í öðru þrepi skilgreinir hann fjölmiðla sem tekur til fjölmiðlunar, upplýsinga, afþreyingar og upplifunar. Þriðja þrepið fjallar um þjóðmenningu, en þar koma fram sameiginleg gildi, viðhorf, hefðir og lífshættir samfélagsins. Fjórða þrepið tekur á samfélaginu og felur sú skilgreining í sér allar fyrri skilgreiningar og allar víddir samfélagsins (Duelund, 1995;33).

## Virði menningar

### Skilgreining Ágústar Einarssonar á hugtakinu virði

Það sem skapar menningarlegt virði í huga einstaklingsins að mati Ágústar (2012) er verkið sjálft eða upplifun hans af listinni. Því má segja að menningarafurð hafi sérstakt virði, ólíkt öðrum afurðum vegna hinnar listrænu og fagurfræðilegu birtingar og eðli vörunnar. Þar af leiðandi er ekki mögulegt að meta menningarafurðina með venjubundum aðferðum hagfræðinnar (Ágúst Einarsson, 2012:15).

Ágúst (2012) segir það ekki síður nauðsynlegt, til að meta verðmæti menningar, að lögð séu til grundvallar, hvort um sig hagfræðilegt eða efnahagslegt virði og svo menningarlegt virði. Ef litið er á virði út frá hinu efnahagslega annars vegar og hinu menningarlega hins vegar fæst mögulega heppilegt umhverfi til að meta hina hagrænu þætti menningar (Ágúst Einarsson, 2012:16).

Hins vegar er það svo í langflestum tilfellum, að mati Ágústar (2002), að þegar rætt er um efnahagslegt virði er átt við peningalegt virði menningarafurða, samanber sölugróða og virðisaukaskatt. Oft getur verið um að ræða samþættingu milli efnahagslegs virðis og svo menningarlegs virðis (Ágúst Einarsson, 2012:16-18).

Hagrænt mat hefur reynst góð aðferðarfræði meðal annars til að betur megi átta sig á samhengi hlutanna, enda kemur það fram í lífskjörum og verðmætasköpun í samfélaginu. Það að menningarafurðir hafi hvort um sig hagrænt og menningarlegt virði tryggir að öllum skoðunum sé haldið til haga. Ef þetta er sett í samhengi þá getur sem dæmi leikrit bæði innihaldið hagrænt og menningarlegt virði þar sem hagræna virðið felst í sölu aðgöngumiða og launum

starfsmanna. Menningarlegt virði er þá það hvernig sýningargestir upplifa sýninguna og um hvers konar sýningu er að ræða (Ágúst Einarsson, 2012:16-18).

Í menningarlegum sjónarmiðum er fólgið menningarlegt og hagrænt virði. Virðið er, samkvæmt kenningum Ágústar (2012) ekki sýnilegt öllum en í því geta falist verðmæti fyrir félagasamtök og stjórnvöld sem setja áherslu í að verja ákveðna listsköpun og þar skiptir hughrif og upplifun miklu máli eins vitnað hefur verið í áður (Ágúst Einarsson, 2012:15).

### **Skilgreining David Throsby á hugtakinu virði**

David Throsby skilgreinir „virði“<sup>12</sup> fyrir verðmæti og að í raun sé hægt að horfa á virði sem einhverskonar upphaf í því ferli að tengja saman menningu og hagfræði (Throsby, 2001:27). Hann segir einnig að menningar- og efnahagslegt virði sé ekki alltaf það sama. Hann telur að aðgreining þess menningarlega frá hinu hagræna verði aldrei fullkomnuð, til þess koma of margir þættir að borðinu. Dæmi um menningu sem hefur hvort um sig efnahagslegt og menningarlegt gildi samkvæmt Throsby (2001) er til dæmis málverk eftir Van Gogh. Listaverkið hefur þá efnahagslegt virði fyrir þann sem selur það eða kaupir og á hinn bóginn hefur sama listaverk mikið, eða jafnvel eingöngu, menningarlegt virði, ekki einungis fyrir þann sem horfir á það heldur einnig vegna þeirrar aldagömlu sögu sem liggur að baki tilurð þess. Á sama hátt má gera ráð fyrir að sjónvarpsþættirnir Game of Thrones hafi mikið hagrænt gildi, en minna menningarlegt, þó svo einhverjir muni eflaust segja að þar eigi hið menningarlega virði einnig við (Throsby, 2001:23).

Að mati Throsby (2001) má rekja vandann að mælingu virðis innan menningar til þriggja þátta: Merkingar orðsins „menning“, ákefðar þess að finna skilgreiningu orðsins og til þess hversu erfitt er að mæla hið eiginlega virði menningar. Kenningar Throsby hafa fyrst og fremst tekið mið af verði og þar með verðmæti menningarinnar. Dregur hann meðal annars fram skilgreininguna á virði sem tiltekna eiginleika fyrirbæra eins og lita í málverki eða tóna í tónverki eða verðmæti þeirrar vinnu sem liggur á bak við menninguna, hlutar og/eða reynslu menningarlegra fyrirbæra. Það má því skilja orð Throsby á þann veg að líta megi á virði sem upphafspunkt í ákveðnu ferli við að tengja saman menningu og hagfræði. Að hans mati þarf að yfirfæra hugmyndir um efnahagslegt virði menningar yfir á afurðina sjálfa (Throsby, 2001:20-24).

---

<sup>12</sup> Þýðing á hugtakinu virði menningar (e. Culture Value) var gerð af höfundi rannsóknar úr bókinni Economics and Culture eftir David Throsby.

## Huglægt, óápreifanlegt og samfélagslegt virði

Tilgangur skýrslunnar „Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina“ var meðal annars að gefa vísbendingu um hagrænt umfang þeirra. Í skýrslunni kemur fram að ákveðin hætta sé á, að með því að sýna fram á hagrænt umfang þeirra, geti sú staða komið upp að að hið opinbera leggi meiri áherslu á þær greinar sem mestu skila til þjóðarbúsins í formi útflutningstekna og komi því niður á þeim sem minna skila fjárhagslega. Nefnt er að „*skapandi greinar tengist mjög innbyrðis og mikilvægi klassískrar tónlistarmenntunar verði ekki eingöngu metið í arði af klassískri tónlist heldur hafi hún sömuleiðis áhrif í annarri tegund tónlistar, kvikmyndum og tölvuleikjum*“ (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011: 19-20).

Skýrslunni var einnig ætlað að sýna fram á að skapandi greinar væru mikilvægar í hagkerfi landsins og að þær væru atvinnuskapandi og hefðu í för með sér auknar tekjur ríkis og sveitarfélaga. Af því leiðir að það opinbera fjármagn sem lagt er til menningar og lista í landinu skapar ekki eingöngu menningarleg verðmæti heldur skapar einnig fjölda fólks atvinnu. Af þeim sökum er ljóst að bein velta greinarinnar hefur ekki eingöngu hagrænt virði heldur hefur einnig áhrif á aðrar atvinnugreinar sem og nýsköpun (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011:20).

Gísli Sverrir Árnason (2013) segir að öflugt menningarlíf styðji jákvæða samfélagsþróun og auki ánægju íbúa með sinn stað og geri viðkomandi samfélag áhugaverðara fyrir gesti og til búsetu. Menning er burðargrein í upplifunarhagkerfinu og æ fleiri velja sér ýmis skapandi störf sem atvinnu. Samfélag þar sem slík störf er ekki að finna er því fábreyttara, ekki einungis félagslega heldur einnig efnahagslega (Gísli Sverrir Árnason, 2013).

Gísli (2013) leyfir sér að setja fram huglægar fullyrðingar byggðar á reynslu hans og nýlegum samtölum við fjölda Íslendinga um allt land. Að sögn Gísla er hægt er að fjalla um virði menningarstarfs frá ýmsum sjónarhornum. Birtar hafa verið rannsóknir sem sýna fram á efnahagslegt virði menningar, en lítið um samfélagslegt virði og mikilvægi menningarsamninganna. Saga menningarsamninganna hefst 2001, en aðdragandinn var lengri, því árið 1997 vann Stefán Ólafsson, félagsfræðingur, rannsóknina „Búseta á Íslandi“ og varpaði með henni, ef til vill fyrstur, skýru ljósi á að fjölbreytt framboð afþreyingar og menningar getur skipt sköpum þegar kemur að ákvörðun einstaklingsins um búsetu, ekki síður en aðrar atvinnugreinar svo sem atvinnumöguleikar, aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, dagvistun og fleira (Gísli Sverrir Árnason, 2013). Að mati Gísla (2013) er raunverulegur áhrifaþáttur í samfélögum öflugt og fjölbreytt menningarstarf og að geta tekið þátt í

menningarstarfi og sótt menningarviðburði er samkvæmt honum eitt af því sem skiptir máli þegar fólk velur sér búsetu (Gísli Sverrir Árnason, 2013).

## Þáttur 2

# Umfjöllun

Sviðslistir og sinfónísk tónlist

*„Ekki lengur spurning um hvort þessar stofnanir eigi rétt á sér, það sýnir sig í áhorfi og aðsókn að stofnunum“<sup>13</sup>*

---

<sup>13</sup> Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016.

## Stoðir menningar

Þar sem íslensk stjórnvöld líta á það sem hlutverk sitt að skapa landsmönnum skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs þarf settur rammi um þátttöku ríkisins í menningarlífinu, með löggjöf og stuðningsaðgerðum, að vera skýr. Það sama má segja um mikilvægi þess að aðgengi að menningarstarfi sé tryggt, enda álíta stjórnvöld að fjölbreytt menningarstarfsemi sé mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsmanna sem muni veða enn þyngra þegar fram í sækir. Gerð er krafa af hálfu hins opinbera til stjórnenda og starfsmanna stofnana um fagleg vinnubrögð og lögð er áhersla á að þeir aðilar sem hljóti stuðning hins opinbera á sviði menningar og lista viðhafi vönduð vinnubrögð og bjóði upp á faglega starfsemi og þjónustu við almenning. Á sama hátt metur hið opinbera árangur stofnana sinna með menningarsamningum, árangursstjórnunarsamningum og í lögum og reglugerðum um félögin eins (Alþingi, 2012b).

Hjá Reykjavíkurborg er menningarstefna Reykjavíkur höfð til hliðsjónar við úthlutun styrkja, aðgerðaráætlun byggð á henni (Reykjavíkurborg, e.d.).

## Árangursstjórnunarsamningar

Í úttekt Ríkisendurskoðunar (2003)<sup>14</sup> um fyrirkomulag árangursstjórnunar kemur fram „að árangursstjórnun geti orðið mikilvægt stjórnæki í ríkisrekstrinum“. Einnig kom fram að það starf sem lagt hefur verið í verkefnið gæti einnig skilað góðum árangri þegar fram líða stundir. Þörf var á markvissari og skýrari stefnu á þessu sviði menningarmála hjá nokkrum ráðuneytanna og nokkar stofnanir og félög höfðu átt í erfiðleikum með að taka upp nýja stjórnunarhætti. Í ljósi þess var tekin ákvörðun hjá Fjármálaráðuneyti að bregðast við ábendingunum og ráðast í útgáfu handbókar um árangursstjórnun (2004)<sup>15</sup>. Megintilgangur hennar var sá að gera ráðuneytum og ríkisstofnunum auðveldara fyrir að innleiða og starfa eftir leiðum árangursstjórnunar í rekstri. Við mat á árangri þessarar vinnu hefur komið í ljós að á árunum 2003-2006 fór hvað mest vinna í endurnýjun fyrri samninga, en þó voru einhver ráðuneytanna þegar byrjuð að vinna að gerð nýrra samninga (Ríkisendurskoðun, 2008).

Vinnuhópur á vegum samráðshóps Fjármálaráðuneytis og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um aðhalds- og sparnaðaraðgerðir og vinnuhópur um árangursstjórnun var skipaður haustið

<sup>14</sup> Á heimasíðu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins er að finna úttektir á árangursstjórnun. Úttekt frá árinu 2003 ber heitið Náðist árangur (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2003)

<sup>15</sup> Handbók um árangursstjórnun í ríkisrekstri, apríl 2004 (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2004)

2010 en þessir vinnuhópar komu fram með tillögur um nýja umgjörð utan um fyrirkomulag árangursstjórnunar (Fjármálaráðuneytið, 2011). Úttekt þess vinnuhóps benti meðal annars til að margt væri hægt að lagfæra í stjórnsýsluumhverfi ráðuneyta eftir efnahagshrunið 2008. Meðal þess sem kom fram í úttektinni, sem og í skýrslum nefnda og starfshópa, var að bæta og styrkja þyrfti samskipti, skýra eftirlit og að sömuleiðis væri mikilvægt að formfesta verklag, fylgja þyrfti tímamörkum innan stjórnsýslunnar betur og svo framvegis. „*Ríkisreksturinn stóð á tímamótum*“ og var talið að framkvæmd árangursstjórnunar væri veigamikill liður í að gera ráðuneyti og stofnanir betur í stakk búin til að takast á við krefjandi verkefni í sífellt breyttu umhverfi (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010).

Í samningunum eru helstu áherslur og helstu markmið skilgreind fyrir hverja stofnun fyrir sig og eru þeir því breytilegir eftir því hvaða félag á í hlut. Ríkið hefur frá árinu 2006 gert slíka samninga við Þjóðleikhúsið, Íslenska dansflokkinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands, en þau félög eru meðal annarra til umfjöllunar hér. Tilgangur og markmið samninganna „*er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli ráðuneytis og stofnananna*“, auk þess að draga fram áherslur í stefnu, mælingum og eftirfylgni félaganna, efla samstarf og auðvelda skipulagningu verkefna til lengri tíma. Áfangar í starfi félaganna eru tilgreindir og töluleg viðmið eftir því sem mögulegt er. Samningunum er ætlað að leggja grunn að áætlanagerð, stefnumótun, árangursmati og starfsemi stofnananna („Samningar mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði menningarmála“, 2012)

Fram kom hjá viðmælendum rannsóknar að samningar hafi runnið út og óvíst var á meðan rannsókn stóð hvert framhald þeirra samninga yrði. Árangursstjórnunarsamningar verða ekki endurnýjaðir með tilkomu hinna nýju laga um opinber fjármál (Karítas H. Gunnarsdóttir, skrifleg heimild, 2016).

## Fjárlagagerð ríkisins

Fjárlög eru sett á Alþingi Íslendinga á hverju ári og mælir Fjármála- og efnahagsráðherra fyrir fjárlagafrumvarpi sitjandi ríkisstjórnar að hausti eða í byrjun október. Ráðherran leggur til í fyrstu umræðu um frumvarpið og að því verði vísað til fjárlaganefndar. Fjárlagafrumvarpið fer eins og önnur lagafrumvörp í gegnum þrjár umræður á þingi og er þá að lokum samþykkt sem lög frá Alþingi.

Eins og í öðrum löndum þá er árleg fjárlagagerð hér á landi helsta stefnumótunar- og ákvarðanatökufæri ríkisvaldsins. Í vinnu við fjárlagagerðina er tekist á við helstu



þjóðarhagsmuni, helstu efnahagsleg áhrif fjármála ríkisins, og megin áherslurnar hvað varðar verkefni stofnana og ráðuneyta. Þetta ferli á að ramma inn ýmis fagleg og pólitísk viðfangsefni og setja niðurstöður í fjárhaglegan búning fjárlaga.

- Áform næsta fjárlagaárs og til lengri tíma litið um meginatriði ríkisfjármálanna, einkum um tekjur, útgjöld og skuldsetningu, og um áherslur í útgjaldaþróun helstu málaflokka ríkisstarfseminnar.
- Áhrif ríkisfjármálanna sem hagstjórnartækis á eftirspurn, hagvöxt, atvinnustig, verðlag og aðra þætti efnahagslífsins.
- Ákvarðanir um ráðstöfun ríkisins á hluta af auðlindum og aðföngum samfélagsins til starfsemi og verkefna í samræmi við lögbundnar útgjaldaskuldbindingar, nýja stefnumörkun og forgangsröð ríkisstjórnarinnar.
- Umfjöllun Alþingis um tillögur ríkisstjórnarinnar og forsendur fjárreiðna ríkisins og veiting heimilda til fjárráðstafana til stjórnarsýsluaðila.

Þegar fjárlögin hafa verið samþykkt á Alþingi taka stofnanir við, gera áætlanir um fjármál sín og verkefni og hrinda þeim í framkvæmd meðal annars þannig að ekki sé efnt til meiri útgjalda en Alþingi hefur samþykkt (Ríkiskassinn, 2016).

## Menningarsamningar

Menningarsamningarnir, sem eru samstarf Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis annars vegar og sveitarfélaganna í landinu hins vegar, eru átta talsins, við Suðurnes, Suðurland, Austurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Vestfirði og Vesturland ásamt sérstökum menningarsamningi við Akureyri sem lýtur aðeins öðrum lögmálum og snýst um tiltekin verkefni.

Markmið menningarsamninga er að:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Menningarsamningur sem ráðuneytið gerir við Akureyrarbæ fellur undir Norðurland eystra eða Eyþing. Samningur frá árinu 2013 var nýlega endurnýjaður, eða hinn 26. október 2016. Um er

að ræða endurnýjun eldri samnings en menningarsamstarfið teygir sig allt aftur til ársins 1997. Nýi samningurinn nær til yfirstandandi árs og ársins 2017 (Akureyrarbær, 2016).

Með menningarsamningum vill ríkið:

*„Efla hlutverk Akureyrar í lista- og menningarlífi á Íslandi. Með stuðningi við meginstofnanir á sviði leiklistar, myndlistar og tónlistar vilja samningsaðilar stuðla að því að Akureyri verði þungamiðja öflugs menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins, með möguleikum til aukinnar atvinnumennsku á sviði lista.“*

Meginverkefni samningsins er að efla starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, starfsemi Listasafns Akureyrar og starfsemi Menningarhússins Hofsbæjar, þannig að það geti með öflugum hætti rækt það hlutverk sitt að vera eftirsóknarverður vettvangur fyrir listviðburði af landinu öllu, þjóni öllum Norðlendingum sem og framleiðendum listviðburða, listamönnum og gestum (Akureyrarbær, 2016).


Árið 2013 var Capacent (Capacent, 2013) falið að gera úttekt á framkvæmd menningarsamninga fyrir ríkið. Þar kemur fram að árangur hefur náðst í meðal annars nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningarferðaþjónustu á landinu. Þar kemur einnig fram að menningarsamningarnir hafi orðið til þess að skapa ný störf innan menningariðnaðarins. Úttektin sýndi einnig fram á að menningarsamningarnir hafi orðið til að efla grasrótina enn frekar til þátttöku og að þar eigi sér stað nýsköpun sem leitt hefur til fjölbreytni, bæði í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu. Vert er að taka fram í því samhengi að fjármagn til menningartengdrar ferðaþjónustu fer fram með framlögum frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og er nokkuð minna en til menningarhlutans. Úttektin gefur einnig til kynna að þegar leggja á mat á áhrif menningarsamninganna sé erfitt að finna skýr dæmi um fjölgun nýrra starfa sem urðu til í beinu framhaldi og fyrir tilstuðlan samninganna. Þar sem menningarstarfsemi er því sem næst alfarið undanþegin virðisaukaskatti hefur úttektaraðilum reynst erfitt að leggja mat á það hvort og þá með hvaða hætti ný störf hafi orðið til (Capacent, 2013).

## Fjármál ríkisins

Í þessum kafla er fjallað um áætluð heildarútgjöld A-hluta ríkissjóðs vegna áranna 2008-2014, og skiptingu útgjalda hagrænt eftir málaflokknum 082 Menning. Hlutfall rekstrarkostnaðar af heildarútgjöldum er mjög misjafnt og ræðst af eðli þeirrar starfsemi sem fram fer í ráðuneytinu og þeirra stofnana sem undir það heyra. Hlutfallslega er mesta aðhaldið hjá Mennta- og

menningarmálaráðuneytinu, eða 2,3% af veltu fyrir árið 2014, en til samanburðar nemur aðhaldið hjá Innanríkisráðuneytinu um 2,1%. Hærra aðhald hjá þessum ráðuneytum skýrist að hluta til af því að gripið er til sértækra aðhaldsráðstafana í rekstri umfram veltutengdar aðhaldsráðstafanir (Fjárlagavefurinn, 2014).

Hlutfall útgjalda hins opinbera til einstakra málaflokka lýsir pólitískri áherslu stjórnámamanna, hvort sem þeir stjórnámamenn eru í sveitarstjórnnum eða á Alþingi. Eitt helsta verkefni stjórnámamanna er gerð fjárhagsáætlana og þess vegna lýsir hlutfall af heildarútgjöldum hversu mikilvægir einstaka þættir eru frá sjónarhorni stjórnámamanna. Stöðnun hlutfallsins, sem er umtalsvert, og sá tími sem liðinn er frá hruni, sýnir vel þá slöku áherslu sem lögð er á menningarmál af hálfu stjórnámamanna (Fjárlagavefurinn, 2014).




**Tafla 3 Menningarútgjöld 2007-2015 sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera**

Tafla 3<sup>16</sup> sýnir útgjöld til menningarmála sem hlutféild af heildarútgjöldum hins opinbera. Árið 2007 voru útgjöld til menningarmála sem hlutfall af heildarútgjöldum hins opinbera tæp 2,85%, en ári síðar eða á tíma efnahagshrunsins, fór hlutfallið niður í 2,25%, sem er 1,27% lækkun. Berlega má sjá að niðurskurðaraðgerðir hins opinbera voru miklar strax eftir hrun og hólst hlutfallið lágt næstu sjö árin þar á eftir. Rúmum átta árum eftir hrun er hlutfallið komið í 2,51% og hefur enn ekki náð sömu hæðum og árið 2007. Gleðilegt hefði verið að sjá hlutfallið komið upp að sama marki nú, svona mörgum árum síðar.

<sup>16</sup> Þróun fjármagns sem varið er til menningarmála á árunum 2007-2014 gögn fengin í gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016a).

Tafla 4<sup>17</sup> sýnir þróun opinberra útgjalda, það er ríkis og sveitarfélaga, til menningarmála á verðlagi ársins 2015. Hér er hagrænn flokkur 082 Menning skoðaður <sup>18</sup>.



Tafla 4<sup>19</sup> Opinber útgjöld til menningarmála 2007-2015 í millj. kr. á verðlagi ársins 2015


Tafla 5<sup>20</sup> sýnir útgjöld til menningarmála sem hlutfall af landsframleiðslu, en það er ágætur mælikvarði að nota hlutfall af landsframleiðslu sem viðmið. Árið 2007 voru opinber útgjöld til menningarmála, það er ríkis og sveitarfélaga, 1,17% af landsframleiðslu, en ári síðar, 2008, eru þau 1.25%. Í lok árs 2015 er hlutfallið hins vegar komið niður í 1,18%. Hægt er að draga þá ályktun af þeirri þróun sem er sýnd á töflu 5 að undanfarin átta ár hafi opinberir aðilar sýnt menningarmálum litla athygli, hvort sem um sveitarstjórnir eða ríkisstjórnir er að ræða, og ljóst er að vægi menningar í hagkerfinu hefur ekkert vaxið frá efnahagshruninu.

<sup>17</sup> Heildarútgjöld hins opinbera eftir málaflokkum í mestri sundurliðun 2007-2015, gögn fengin út gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016a).

<sup>18</sup> Þróun opinberra útgjalda til menningarmála. Gögn sótt úr gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016d)


<sup>19</sup> Heildarútgjöld hins opinbera eftir málaflokkum í mestri sundurliðun 2007-2015, gögn fengin út gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016a).

<sup>20</sup> Heildarútgjöld hins opinbera eftir málaflokkum í mestri sundurliðun 2007-2015, gögn fengin út gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016a).



Tafla 5 Opinber útgjöld til menningarmála 2007 - 2015 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu

Tafla 6 hér fyrir neðan sýnir heildarútgjöld hins opinbera, það er ríkis og sveitarafélaga, á árunum 2008 til 2016 og eru þau gögn fengin úr fjárlögum hvers árs.




Tafla 6<sup>21</sup> Heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga til menningarmála á árunum 2008-2015

Heildarútgjöld ríkisins til menningarmála eftir málaflokknum 082 Menning eru samkvæmt fjárlögum árið 2016 9.180 milljónir króna, en undir þeim flokki eru söfn einnig skilgreind. Nema framlögin tæpum 14,7% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Undir þennan flokk menningarmála falla ýmis söfn og listastofnanir. Erfitt reyndist að fá sundurliðun á þessum flokki til að tryggja eingöngu sýn á sviðslistir og símfóníska tónlist, en rannsakandi tók saman tölur um heildarútgjöld ríkisins til félaganna úr fjárlögum hvers árs. Þá sundurliðun má sjá í

<sup>21</sup> \*Gögn vantar vegna rekstrarstyrks frá Reykjavíkurborg til Leikfélags Reykjavíkur á árinu 2008.

töflunni hér fyrir neðan (tafla 7). Í þætti 3 eru svo heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga sundurliðuð niður á hvert félag fyrir sig.



Tafla 7 Heildarútgjöld ríkisins til menningarmála á árunum 2008-2015

## Sviðslistalög

Allt frá því í október 2013 hefur legið fyrir frumvarp til sviðslistalaga, en þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, lagði fram tillögu að hinu nýja frumvarpi sem í dag er í höndum núverandi ráðherra menningarmála. Með frumvarpinu er meðal annars lagt til að „*sett verði almenn rammalöggjöf um sviðslistagreinar*“, en undir þá flokkast, eins og í leiklistarlögum, listgreinar á borð við „*listdans og brúðuleikhús auk fleiri skyldra listgreina*“. Frumvarpið tekur mið af, að hluta, á leiklistarlögum frá árinu 1998, sem gert er ráð fyrir að verði fellt úr gildi með gildistöku nýja frumvarpsins sem liggur fyrir Alþingi. Líklegt þykir að samþykkt frumvarpsins muni ekki eingöngu skapa skýrari lagagrundvöll fyrir viðkomandi félög heldur einnig styrkja grasrótina og skapa heilbrigðari grundvöll til að stofna sviðslistamiðstöð sem hefði það hlutverk að annast markaðssetningu sviðslista bæði innanlands sem utan (Alþingi, 2012a).


Fram kom í viðtölum við stjórnendur félaganna að þeir telja mikilvægt að hið nýja frumvarp sviðslistalaga verði samþykkt. Frumvarpið liggur fyrir á Alþingi og hefur enn ekki verið samþykkt (Alþingi, 2012a).

Þar til ný sviðslistalög verða samþykkt eru í gildi Leiklistarlög frá 1998. Þar er fyrst og fremst fest í lög starfsemi Þjóðleikhússins sem og fjallað um skipan leiklistaráðs og fjárframlög til annarrar leiklistarstarfsemi.

## Menningarneysla Íslendinga

Í skýrslunni „Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu“ frá árinu 2013, kom út 2014, kemur fram að menningarneysla virðist ekki hafa dregist saman á sama hátt og útgjöld hins opinbera til menningarmála á árunum 2008-2012, en samkvæmt þeirri rannsókn drógust útgjöldin saman um tæpa 5 millj. kr. eða um 20%. Samdráttur varð einnig um 26% og 12% í menningarútgjöldum sveitarfélaga. Verkefnasjóðir innan skapandi greina voru ýmist minnkaðir til muna eða lagðir alfarið af á sama tíma (Margrét Sigrún Sigurðardóttir & Júlía Björnsdóttir, 2014:15).

Tölur Hagstofu Íslands á árunum 2008-2015 sýna, og sömuleiðis kom fram hjá viðmælendum rannsóknarinnar, að menningarneysla Íslendinga frá efnahagshruni hafi tekið markverðum breytingum til hins betra. Árið 2008 og 2012 voru til að mynda upprisuár, en tölur sýna að frá árinu 2008 hafi gestum fjölgað jafnt og þétt á sinfóníska tónleika. Á árinu 2015 var aðsókn á innlenda tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands ríflega 77 þúsund gestir. Það jafngildir því að um fjórðungur landsmanna hafi sótt sinfóníutónleika á síðasta ári hjá þessum tveimur ríkisstyrktu sinfóníuhljómsveitum. Aðsóknarfjöldi á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands var rétt um 75 þúsund manns á móti ríflega 2.100 gestum á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Til samanburðar voru heimsóknir gesta hér innanlands á tónleika hljómsveitarinnar hátt í tveimur þriðju fleiri árið 2015 en á árinu 2009, en þá hafði fjöldi gesta að mestu staðið í stað frá árinu 2007. Gestum á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hefur hins vegar fækkað, en þær tölur ráðast einnig af fjölda viðburða hjá hljómsveitinni. Aðsóknarfjöldi á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er í samræmi við fjölda tónleika, en þeim hefur farið fækkandi síðustu ár þrátt fyrir byggingu Menningarhússins Hofs á Akureyri (Sjá töflu 8).



Tafla 8<sup>22</sup> Tónleikagestir Sinfó og SN árin 2008-2015

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands hefur fjöldi áheyrenda aukist á innlenda tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem megi vafalaust að miklu leyti skýra með tilkomu Hörpu, þar sem hljómsveitin fékk aðstöðu til æfinga og tónleikahalds þegar húsið hóf starfsemi fyrri hluta árs 2011. Það varð til þess að sætaframboð á tónleika hljómsveitarinnar tvöfaldaðist. Komið hefur fram í samtali við stjórnendur bæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem og Íslensku óperunnar að gríðarleg aukning heimsóknna í Hörpu hafi skilað sér í aukinni aðsókn á tónleika. En viðlíka viðsnúningur hefur ekki orðið á gestafjölda á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands með tilkomu Menningarhússins Hofs síðla sumars 2010, enda er hljómsveitin ekki skipuð fastráðnum hljóðfæraleikurum og markaðssvæði hljómsveitarinnar er mun fámennara en Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aukin aðsókn felst vafalaust að talsverðu leyti af verkefnavali og fjölda tónleika og listviðburða (Hagstofa Íslands, 2016b).

<sup>22</sup> Gestir á innlenda tónleika sinfóníuhljómsveita, gögn fengin úr gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016b)





Tafla 9<sup>23</sup> Fjöldi gesta sviðslistahúsa, leikárin 2007/ 2008-2013/2014

Á leikárinu 2013/2014 var samanlagður fjöldi gesta á leiksýningar leikhúsa, atvinnuleikhópa og áhugaleikfélaga innanlands 371.510 þúsund. Það jafngildir því að hver landsmaður hafi farið einu sinni í leikhús á leikárinu. Sýningargestum fækkaði þó um 18 þúsund milli leikáranna 2012 og 2014. Heildarfjöldi gesta leikhúsa á leikárunum 2007/2008-2013/2014 er sýndur í töflu 9. Hér er einungis verið að skoða földa leikhúsgesta hjá þeim sex félögum sem hér eru til skoðunar. Gögnin eru fengin úr gagnagrunni Hagstofu Íslands, en leikárið 2014/2015, er ekki við lokaskrif þessarar rannsóknar, aðgengilegt á vefnum. Illa gekk að heimta gögn frá félögunum beint svo rannsakandi ákvað að láta síðasta leikár liggja milli hluta í samantektinni. Ef aðsóknartölur eru rýndar yfir sjö ára tímabil má sjá að leikhúsið heldur velli (Hagstofa Íslands, hagtölur listir, e.d.).

## Borgarleikhúsið / Leikfélag Reykjavíkur




Mynd 1 Billy Elliott e. Lee Proud/Karl Ágúst Úlfsson. Mynd: Borgarleikhúsið

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi og hefur starfað sem slíkt óslitið frá stofnun þess, en félagið var stofnað 11. janúar 1897, þegar tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Í kringum 1960 var ráðist í róttækar breytingar í skipulagi og rekstri leikhússins.


23 Gögn fengin úr gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016b) og hjá félögunum sjálfum þar sem við á.

Lögum félagsins var breytt og leikhússtjóri ráðinn árið 1963. Styrkur borgarinnar var aukinn til muna og Leikfélag Reykjavíkur náði takmarkinu að verða eiginlegt atvinnuleikhús veturinn 1964/65. Snemma árs 1975 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur stofnskrá fyrir Borgarleikhúsið í Reykjavík. Hinn 3. september 1989 fékk Leikfélag Reykjavíkur lyklavöldin að Borgarleikhúsinu (Leikfélag Reykjavíkur, e.d.).

Leikfélag Reykjavíkur stendur fyrir leiklistarstarfsemi í Borgarleikhúsinu á grundvelli samnings við Reykjavíkurborg. Stærstan hluta sögu leikhússins hefur fjármögnun þess verið að hluta frá Reykjavíkurborg og að hluta frá Menntamálaráðuneyti (nú Mennta- og menningarmálaráðuneyti), auk sjálfsaflafjár. Eftir að nokkurs konar verkaskipting komst á milli ríkis og borgar árið 1991, um fjárstuðning, hafa árleg framlög ríkisins til leikfélagsins verið mjög takmörkuð (Alþingi, 1998).




**Tafla 9 Gestir Leikfélags Reykjavíkur á leikárunum 2007/2008-2013/2014**



Tafla 10 Fjöldi leiksýninga og uppfærslna hjá LR á árunum 2007/2008-2013/2014

Í töflu 11 gefur að líta framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélagsins á leikárunum 2007/2008-2015/2016. Á árunum 2008 til 2011 hlaut Leikfélagið viðbótarframlag úr ríkissjóði vegna rekstrarerfiðleika uppá samtals 67 millj.kr. Af heildar rekstrarstyrk borgarinnar til LR greiðir leikfélagið um 40% í húsaleigu til Reykjavíkurborgar eða að meðaltali á árunum 2007/2008 – 2015/2016 um 310 millj. kr. á ári.



Tafla 11 Framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur á árunum 2007/2008-2015/2016

## Leikfélag Akureyrar


Leikfélag Akureyrar var lengi vel eina starfandi atvinnuleikhús landsins utan höfuðborgarsvæðisins. LA er rekið með stuðningi Akureyrarbæjar á grunni samnings við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Árið 2014 undirrituðu fulltrúar Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarfélagsins Hofs þátttöku þessara aðila í stofnun nýrrar sjálfseignarstofnunar sem fékk nafnið Menningarfélag Akureyrar (MAk).



Mynd 2 Fló á skinni e. Gísli Rúnar Jónsson.

Mynd: Samkomuhúsið á Akureyri

Menningarfélagið er sjálfseignarstofnun og er tilgangur hennar að efla menningarlíf og menningartengda ferðaþjónustu, meðal annars með því að efla atvinnustarfsemi í leiklist og sinfónískri tónlist á Akureyri. Félagið skapar öflugan vettvang fyrir þrjár af stærstu menningarstofnunum á Norðurlandi til að starfa saman og sækja fram í menningarlífi á Akureyri með rekstri Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Menningarfélagsins Hofs (Menningarfélag Akureyrar, e.d.).




Tafla 12 Menningarframlag ríkisins til Akureyrarbæjar árin 2010-2017

Framlag til menningarsamningsins MAk skiptist á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Sveitarfélaga í Eyþingi, en þau leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneytanna<sup>24</sup>. Menningarsamningar voru fyrst

<sup>24</sup>Menningarframlag ríkisins til Akureyrarbæjar árin 2010-2015, gögn eru fengin úr fjárlögum hvers árs (Fjárlög, e.d.)

undirritaðir í apríl 2011. Framlag ríkisins til menningarmála á Akureyri er ekki eingöngu til að styðja við Leikfélag Akureyrar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, heldur einnig allt menningarlíf Eyþings. Hlýtur því Leikfélag Akureyrar einungis hluta af þessum heildarstyrk og nýtur svo annarra styrkja frá Akureyrarbæ<sup>25</sup> á móti (sjá töflu 12).




**Tafla 13 Fjárframlag Akureyrarbæjar til Leikfélags Akureyrar á árunum 2007/2008-2014/2015**

Tafla 13 sýnir menningarframlag Akureyrarbæjar til Leikfélags Akureyrar á leikárunum 2007/2008-2014/2015.

Á töflu 14<sup>26</sup> má sjá fjölda leikhúsgesta og uppfærslna hjá Leikfélaginu á árunum 2008-2015. Upplýsingar um fjölda leikhúsgesta vegna leikársins 2013/2014 lágu ekki fyrir í gögnum félagsins, MAK né Hagstofu Íslands þegar rannsóknin var unninn

<sup>25</sup> Gögn vegna fjárframlags Akureyrarbæjar til LA eru fengin úr fjárhagsáætlunum Akureyrarbæjar hverju sinni (Akureyri, e.d.-a)

<sup>26</sup> Framlag Akureyrarbæjar til LA ásamt fjölda leiksýninga og aðsókn á árunum 2008-2015, gögn fengin úr fjárhagsáætlunum Akureyrarbæjar fyrir hvert ár (Akureyri, e.d.-a).



**Tafla 14 Fjöldi leikhúsgesta og uppfærslna hjá Leikfélagi Akureyrar leikárin 2007/2008-2014/2015**

Taflan sýnir að heldur hefur fækkað uppfærslum Leikfélags Akureyrar frá því það sameinaðist menningarfélaginu MAk árið 2010. Fram kemur í Ársskýrslu Akureyrarbæjar að starfsárið 2010/2011 hafi gengið mjög vel og voru samtals sýndar 16 sýningar á starfsárinu og voru áhorfendur á þær sýningar 28.900. Þegar starfsárinu lauk lá það fyrir að rekstur LA var efiður og mikill halli var af rekstrinum og vandi á höndum. En árin 2011-2012 þá tókst að halda rekstrinum áfram með aðkomu Akureyrarbæjar, þar sem bærin lagði leikfélaginu til rekstrarlán. Gekk það leikár vel þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu félagsins. Árin þar á eftir var Leikfélagið með færri sýningar, en þökkalegan gestafjölda og vann í fjölbættu samstarfi við hin ýmsu menningarfélög og stofnanir á þessum síðustu þremur árum (Akureyri, e.d.-b).

Leikfélagið greiðir leigu fyrir afnot af húsnæði Leikfélagsins til Akureyrarbæjar og kostnaður vegna tækjakaupa og endurnýjunar tækja fer í gegnum Fasteignafélag Akureyrarbæjar. Leikfélagið er með töluvert af húseignum í rekstri og má þar nefna Samkomuhúsið, Rýmið og Dynheima, sem er nýtt sem æfingarhúsnæði, og svo Hof menningarhús (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

## Íslenski dansflokkurinn



Mynd 3 *Black Marrow* e. *Ernu Ómarsdóttur* og *Damien Jalet*  
Mynd: Viðskiptablaðið

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæð ríkisstofnun í eigu íslensku þjóðarinnar með aðsetur í Borgarleikhúsinu. Hlutverk Dansflokksins er að „*sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur fyrir eflingu og framþróun danslistar á Íslandi*“.

Á vefsíðu Dansflokksins segir meðal annars að flokkurinn sé: *framsækinn nútímadansflokkur skipaður úrvalsdönsurum í hæsta gæðaflokki, að hann leggi áherslu á að kynna íslenskum áhorfendum metnaðarfull verk og hefur unnið með mörgum fremstu danshöfundum Evrópu auk þess að leggja rækt við íslenska danssköpun*“ (Íslenski dansflokkurinn, 2016).

Rekstrarframlag til Íslenska dansflokksins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum ár hvert.

„*Íslenski dansflokkurinn „starfar samkvæmt reglum um starfsemi Íslenska dansflokksins 14/2001 með áorðnum breytingum sbr. leiklistarlög nr. 138/1998*“<sup>27</sup>. *Hlutverk hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi*“ (Íslenski dansflokkurinn, 2016).

Í töflu 15<sup>28</sup> má sjá rekstrarframlag ríkisins til Íslenska dansflokksins á árunum 2008-2016. Dansflokkurinn leigir aðstöðu hjá Borgarleikhúsinu og nema leigugjöld um 25% af heildarframlagi ríkisins. Einnig greiðir Dansflokkurinn laun og launatengd gjöld sem er um 67% af heildarframlagi Dansflokksins (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).


<sup>27</sup> Lög um Íslenska dansflokkinn (Leiklistarlög 138/1998, 1998).

<sup>28</sup> Greiðslur úr ríkissjóði til Íd og breyting á framlagi á árunum 2008-2015, gögn eru fengin úr fjárlögum hvers árs (Fjárlög, e.d.).



Tafla 15 Greiðslur úr ríkissjóði til Íd á árunum 2008-2016

Upplýsingar um fjölda uppfærsla og gesta Íd eru fengnar hjá Hagstofu Íslands, Ekki eru áhorfendatölur teknar saman vegna samstarfsverkefna Íd og LR á til að mynda sýningum eins og Mamma Mía og Njála.



Tafla 16 Uppfærslur og gestir Íslenska dansflokksins á árunum 2007/2008 - 2013/2014




## Íslenska óperan

Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt rekstrarsamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og er henni úthlutað framlagi úr ríkissjóði í Fjárlögum ár hvert. Hún var stofnuð árið 1978, en hefur starfað sem sjálfseignarstofnun óslitið frá árinu 1980. Íslenska óperan starfaði í Gamla bíói allt til ársins 2011 þegar hún flutti í Hörpuna tónlistarhús. Megintilgangur stofnunarinnar er uppsetning á óperu- og söngsýningum og þannig að stuðla að bættri og breiðari menningarstarfsemi á Íslandi (Íslenska óperan, e.d.).



Mynd 4: Óperan *Don Giovanni* e. Wolfgang Amadeus Mozart  
Hallveig Rúnarsdóttir sem Donna Anna, Elmar Gilbertsson sem Don Ottavio, Hanna Dóra Sturludóttir sem Donna Elvira. Mynd: Íslenska óperan

Eins og fram hefur komið þá er Íslenska óperan sjálfseignarstofnun, en fær þrátt fyrir það fjárframlög frá íslenska ríkinu og hefur reglulega fengið aukafjárveitingar til að leiðrétta skuldastöðu sína. Í töflu 17<sup>29</sup> má sjá opinber framlög til Íslensku óperunnar á árunum 2008-2015.



Tafla 17 Opínber framlög til Íslensku óperunnar á árunum 2008-2016

<sup>29</sup> Gögn fengin úr Fjárlögum hvers árs (Fjárlög, e.d.)

Í töflu 18 hér fyrir neðan<sup>30</sup> má sjá fjölda uppfærslna ásamt fjölda sýningargesta hjá Íslensku óperunni frá árinu 2008-2014. Ekki liggja fyrir tölur vegna ársins 2015/2016 hjá Hagstofu Íslands. Þess ber þó að geta að árið 2013/2014 var mjög góð aðsókn vegna velgengni sýningarinnar Ragnheiðar<sup>31</sup>. Þó svo að árin 2009/2010 og 2011/2012 hafi einnig verið metár í fjölda áhorfenda hjá Íslensku óperunni varð veruleg lækkun á rekstrarframlagi hins opinbera til handa óperunni.



Tafla 18 Uppfærslur og gestir Íslensku óperunnar á árunum 2007/2008 - 2013/2014

Ársreikningar Íslensku óperunnar eru ekki opinberir og liggja því ekki frammi fyrir almenning.

<sup>30</sup> Uppfærslur, sýningar og gestir Íslensku óperunnar á árunum 2008-2014, gögn fengin úr gagnagrunni Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2016c).

<sup>31</sup> Íslenska óperan frumflutti óperuna Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, í Eldborg 1. mars 2014. Hjólmsveitarstjóri var Petri Sakari og með titilhlutverkið fór Þóra Einarsdóttir (Ragnheiður, Íslenska óperan, e.d.).

## Sinfóníuhljómsveit Íslands



Mynd 5: Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Mynd: Sinfóníuhljómsveit Íslands


Að rekstri Sinfó hafa staðið ríkissjóður, Ríkisútvarpið, borgarsjóður Reykjavíkur og bæjarsjóður Seltjarnarness. Með nýjum lögum um hljómsveitina frá árinu 2007 voru gerðar þær breytingar á rekstrarfyrirkomulaginu að ríkissjóður greiðir hlut Ríkisútvarpsins og bæjarsjóðs Seltjarnarness. Við það hækkar hlutur ríkissjóðs í 82% (Alþingi, 1982, 2007).

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950, en starfar nú samkvæmt lögum nr. 36/1982 með áorðnum breytingum. Starf Sinfóníuhljómsveitar Íslands miðar að því að:

*„Auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta tónlistarinnar með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarpi og sjónvarpi. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast. Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkostað að hafa sem best samstarf við þá aðila sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.“*


(Alþingi, 1982).

Við flutning Sinfóníunnar í Hörpu tónleikahús fer hlutfallslega meira af fjármagni félagsins í húsaleigu en í listræna starfsemi. Húsaleiga Sinfóníunnar er nú um 162 millj. kr. á ári, en var fram að flutningi um 35 millj. kr. á ári (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016). Húsaleigukostnaður hljómsveitarinnar hefur nærri því þrefaldast við flutninginn yfir í nýja tónlistarhúsið. Félagið berst nú fyrir auknu framlagi hins opinbera til að standa straum af húsaleigu.



**Tafla 19 Opinber framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2008-2016**

Í töflu 19 má sjá rekstrarframlag hins opinbera til Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2008-2016. Sinfóníuhljómsveit Íslands var færð undir A-hluta ríkissjóðs í ársbyrjun 2008. Samkvæmt lögum nr. 36/1983 með síðari breytingum, sem um hljómsveitina gilda, greiðir Reykjavíkurborg 18% af rekstrarkostnaði hennar (Fjársýsla ríkisins, e.d.).



**Tafla 20 Fjöldi tónleika og gestir Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2008-2014**

## Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið starfar samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 auk reglugerðar 117/2009 fyrir Þjóðleikhús<sup>32</sup>. Árangursstjórnunarsamningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þjóðleikhússins kveður á um „áherslur og markmið í starfsemi leikhússins“ og er umgjörð almennra og reglulegra samskipta milli félagsins og ráðuneytis. Meginmarkmið



Mynd 6: Þjóðleikhúsið. Mynd: Þjóðleikhúsið


leikhússins er „að vekja áhuga þjóðarinnar á leiklist og þeim listgreinum sem tengjast leiksviði með fjölbreyttu úrvali leiksýninga. Örva innlenda leikritun og aðra höfundarvinnu og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna sem og meðferð íslenskrar tungu. Stuðla að framþróun í greininni og aukinni samvinnu sviðslistamanna. Efla leiklistaruppeldi, efna til umræðna og verkefna á sviði leiklistar í samvinnu við skóla, félagasamtök og stofnanir. Miðla leiklist um landið með leikferðum og samvinnu.“ (Þjóðleikhúsið, 2016).

Í leiklistarlögum frá árinu 1998 er kveðið á um að Þjóðleikhúsið skuli standa að óperuflutningi (Leiklistarlög 138/1998, 1998). Íslenska óperan hefur hins vegar sinnt þessu hlutverki Þjóðleikhússins frá stofnun. Nýtt frumvarp til sviðslistalaga hefur tvívegis verið lagt fram á Alþingi, en hefur ekki náð fram að ganga. Þar er meðal annars lagt til að óperuflutningur verði ekki lengur meðal verkefna leikhússins (Alþingi, 2012a).

Í ársskýrslur Þjóðleikhússins 2015 kom fram að í desember 2014 var tekin sú ákvörðun að ráðast í endurnýjun tækjabúnaðar Leikhússins en mikið af búnaði þess var kominn langt fram yfir eðlilegan líftíma og endurstofnverð hans var umtalsvert. Sá möguleiki var ræddur að umsjón með viðhaldi og endurnýjun búnaðarins yrði fært til Ríkiseigna. Í kjölfar endurnýjunarinnar þótti eðlilegt að leigugjald Þjóðleikhússins hækkaði til samræmis við hin auknu verðmæti búnaðarins að teknu tilliti til afskrifta. Vænti Þjóðleikhúsið samhliða, hækkunar á framlagi ríkisins til rekstrar vegna hærri húsaleigu. Ennfremur væri fjármögnun tryggð gagnvart Ríkiseignum með fjárlögum (Þjóðleikhúsið, ársskýrslur, 2015).

<sup>32</sup> Sjá reglugerð fyrir Þjóðleikhús á heimasíðu ráðuneytisins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2009)

Gripið var til niðurskurðaraðgerða af hálfu ríkisins strax eftir efnahagshrunið og fram til ársins 2012. En eins og sjá má á töflu 21<sup>33</sup> var skorið niður gagnvart Þjóðleikhúsinu, á föstu verðlagi, um einn þriðja. En frá árinu 2008 til ársins 2011 var skorið niður um 10% eða í kringum 80-90 milljónir kr. á núgildandi verðlagi. Gripið var til aðgerða og uppsagna starfsmanna úr öllum starfsgreinum innan Þjóðleikhússins.



Tafla 21 Framlög úr ríkissjóði til Þjóðleikhúss á árunum 2008-2015


Stjórnsýsluúttekt var gerð á Þjóðleikhúsinu árið 2008 og voru niðurstöður þeirrar úttektar þær að Þjóðleikhúsið sinnti allvel lögboðnum verkefnum sínum og í meginatriðum þeim verkefnum sem kveðið er á um í leiklistarlögum. Leikhúsið hafði einnig náð þeim mælanlegu markmiðum sem tilgreind voru í árangursstjórnunarsamningi þess við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Helst mátti finna að því á þeim tíma að leikhúsið uppfyllti ekki kröfur um almennar leiksýningar utan höfuðborgarsvæðisins og aðeins einu sinni hafði Þjóðleikhúsið staðið fyrir óperusýningu undanfarin ár þar á undan. Ekki varð séð í úttekt þessari að rekstur Þjóðleikhússins væri í eðli sínu óhagkvæmari en annarra sambærilegra leikhúsa sem unnt var að koma á samanburði við (Ríkisendurskoðun, 2008:6-7).

Fram kom í skýrslunni að leiksýningar Þjóðleikhússins höfðu nánast staðið í stað á árunum fram að efnahagshruni. Taldi því Ríkisendurskoðun mikilvægt að leikhúsið héldi áfram að leita leiða til að bregðast við, bæði að standa undir nafni sem leikhús þjóðarinnar og að bæta rekstrarstöðu sína og starfa í samræmi við fjárlög. Val á verkefnum og markaðssetning þeirra

<sup>33</sup> Greiðslur úr ríkissjóði til Þjóðleikhúss og breyting á framlagi á árunum 2008-2015, gögn eru fengin úr fjárlögum hvers árs („Fjárlög“, e.d.).

þótti skipta miklu máli og var leikhúsið hvatt til þess að slá ekki af þeim meginkröfum sem gerðar eru til þess (Ríkisendurskoðun, 2008:6-7). Ferli úttektar á Þjóðleikhúsinu lauk á vormánuðum árið 2014 (Ríkisendurskoðun, 2014).

Í töflu 21 gefur að líta þróun aukningar á fjölda leikhúsgesta Þjóðleikhússins á leikárunum 2007/2008 til 2014/2015. Tölurnar frá Hagstofu Íslands, sem birtar eru í töflunni, sýna með óyggjandi hætti að aðsókn að leiksýningum hjá Þjóðleikhúsinu fór ört vaxandi fyrstu árin eftir efnahagshrunið 2008 samhliða auknum fjölda uppfærslna<sup>34</sup>.



Tafla 22 Leikhúsgestir Þjóðleikhússins á leikárunum 2007/2008-2014/2015

<sup>34</sup> Uppfærslur, sýningar og gestir Þjóðleikhússins á árunum 2008-2014, gögn eru sótt í gagnagrunn Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, hagtolur listir, e.d.).

## Þáttur 3

### Aðferðafræði

*„Þetta er spurning um að lifa af og varðveita upprunann, menningu og tungumálið. Þess vegna veit maður hver maður er“.*<sup>35</sup>

---

<sup>35</sup> Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016.



## Rannsóknaraðferð

Rannsókn þessi er eigindleg (e. Qualitative) og byggir á hálf stöðluðum viðtölum og greiningu á opinberum gögnum og gögnum félaganna sjálfra. Rannsakandi studdist við viðtalsvísi í viðtölum sem innihélt fyrirfram ákveðnar spurningar. Aðferð þessi var valin með það að markmiði að reyna að leita eftir ákveðinni dýpt í umfjöllun um viðfangsefnið sem og draga fram ólík sjónarhorn viðmælanda. Með þessari tegund viðtala er hægt að leyfa viðtalinu að þróast og aðlaga sig að viðmælendum rannsóknarinnar. Hún gefur einnig rannsakandanum tækifæri til að horfa, eftir þörfum, framhjá spurningalistanum og leyfa samtalinu að fljóta. Umræðuefnið er þó fyrirfram ákveðið af rannsakanda og felst í samtali milli aðila á jafnréttisgrundvelli (Sigríður Halldórsdóttir, 2013:143).

## Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Rannsóknin fylgir í meginatriðum ferli eigindlegra rannsóknaraðferða þar sem fyrsta skrefið var að þróa hugmyndina að rannsókninni og velja rannsóknarefnið sem sett var fram eins og viðfangsefni. Því næst tók við gagnasöfnun sem styðja átti við rannsóknina og fékk rannsakandi þaðan hugmyndir um hvernig best væri að standa aðferðafræðilega að rannsókninni (Sigríður Halldórsdóttir, 2013:63).

## Rannsóknargögn og úrvinnsla

Frumgögn (e. Primary data) rannsóknarinnar voru fengin með viðtölum. Notast var við hálf opin (e. Semi-structured) einstaklingsviðtöl, en þau þykja góð aðferð til að ná fram ítarlegri upplýsingum á rannsóknarefninu, en leitast var við að ná fram sem mestri dýpt í umfjölluninni um viðfangsefnið sem og skoða það út frá ólíkum sjónarhornum (Sigríður Halldórsdóttir, 2013: 143-144).

Viðtölin lagði rannsakandi upp með fyrirfram ákveðnum spurningum sem áttu að styðja og endurspeglar rannsóknarspurningarnar. Einnig notaði rannsakandi opnar spurningar þar sem viðmælendur voru meðal annars spurðir um þeirra mat eða sýn á virði menningar, tilvistargrundvöll og réttmæti félaga þeirra í samfélaginu, sem og reynslu þeirra af áhrifum niðurskurðar og þrenginga á rekstur félaganna. Að viðtölum loknum dró rannsakandi efnið saman, leitaði samhæfingar í texta og túlkaði út frá þema rannsóknarinnar. Tilgangur viðtalanna var að draga fram og sýna hvert mikilvægi þeirra staða og þróun sviðslista og símfónískrar tónlistar á Íslandi hefur verið frá efnahagshruninu árið 2008. Einnig er leitast við að svara

eftirfarandi rannsóknarspurningum um hvort þessi tilteknu félög séu mikilvægur hlekkur í hagkerfi landsins, hvort þau leiði til menningarlegra verðmæta og atvinnusköpunar í samfélaginu og að auki hvort tilvist þeirra stuðli að aukinni hagsæld til framtíðar.

Kynningarpóstur var sendur til þátttakenda rannsóknarinnar þar sem umfjöllunarefni rannsóknarinnar var kynnt ítarlega og óskað var eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Viðbrögðin voru góð og náði rannsakandi tali af öllum viðmælendum fyrir utan einn.

Fræðilegi hluti rannsóknarinnar var að mestu unnin fyrir viðtöl, en einnig samhliða þeim. Rannsakandi hafði ekki þegar að viðtölum kom náð að fullmóta nálgun kenninga og því kom það fyrirkomulag sér ágætlega að vinna hann að hluta eftir viðtöl þar sem þá var tryggt að rannsakandi hafði ekki orðið fyrir neikvæðum áhrifum af heimildum sem komnar voru þegar viðtöl voru tekin. Rannsakandi hefur einn aðgang að viðtals- og rannsóknargögnum og verða þau geymd hjá rannsakanda og eytt að rannsókn lokinni.

Tól og tæki nýtti rannsakandi til hins ítrasta og var upptökuforrit í Iphone og tölvu notað í viðtölum og þau geymd hjá rannsakanda. Gagnagreining fór að mestu fram samhliða rannsóknarferlinu, en var þó viðamest við úrvinnslu viðtala. Við greiningu viðtala notaði rannsakandi þemagreiningu (e. Theamatic coding) þar sem viðtöl voru skráð orð fyrir orð og lesin ítarlega yfir. Leitað var samsvörunar í texta og orðum og fundinn hinn rauði þráður milli viðmælenda sem síðan var unnið út frá.

## Réttmæti og áreiðanleiki

Stuðst var við afleiddar heimildir (e. Secondari data) eins og fræðirit, skýrslur, greinar og gagnasöfn á veraldarvefnum ásamt gögnum fengnum frá meðal annars ráðuneytum og Hagstofu Íslands. Rannsakandi aflaði sjálfur allra gagna og tók viðtölin sjálfur. Rannsakandi bar fram sambærilegar spurningar til allra viðmælenda, en nokkuð var um að viðmælendur töluðu af „fingrum fram“. Rannsakandi reyndi eftir besta megni að stýra viðtalinu á þann veg að sem flestum spurningum sem lágu til hliðsjónar í viðtalinu yrði svarað. Nokkuð var um að nýjar spurningar vöknud og í sumum tilfellum fengust svör við öðrum atriðum sem rannsakandi hafði ekki gert ráð fyrir. Rannsakandi aflaði að auki við viðtölin skriflegra gagna. Þar var um að ræða ýmsar tölulegar upplýsingar, ársskýrslur, ársreikninga og gögn úr stefnumótun félaganna.

## Rannsóknarskiðferði

Rannsakandi leitaðist við að halda í heiðri útgefnar siðareglur og þær reglur um vísindaleg vinnubrögð sem Háskólinn á Bifröst mælir með að hver rannsakandi styðjist við. Leitast var við að viðmælendur rannsóknarinnar yrðu ekki fyrir óþægindum vegna þátttöku sinnar né óþarfa ónæði af fyrirspurnum rannsakanda síðar í ferlinu. Kynningarbréf var sent með tölvupósti þar sem rannsakandi lýsti rannsókninni bæði hvað varðar efnistöð og umfang. Stjórnunni viðmælendur tímasetningu og staðsetningu viðtala sem og lengd viðtals eins og hægt var. Voru viðmælendur upplýstir um hver leiðbeinandi rannsóknar var og þeim bent á að hafa samband við hann ef einhverjar spurningar kviknuðu er snertu rannsóknina eða þeir vildu ræða frekar eða voru ósáttir við. Ekki var óskað eftir né talin þörf á að koma í veg fyrir að hægt væri að tengja upplýsingar við viðmælendur í rannsókninni.

## Þáttur 4

# Úrvinnsla og greining viðtala

*„Galdur leikhússins verður til þegar listamennirnir fá að vinna með sannar tilfinningar við góðar aðstæður“.<sup>36</sup>*

---

<sup>36</sup> Magnús Geir Þórðarson, 2008.

Rannsakandi átti samtali við þrjá sérfræðinga á skrifstofu menningarmála hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, þær Karítas H. Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra, Auði B. Árnadóttur, deildarstjóra skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar, og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur, deildarstjóra. Einnig ræddi rannsakandi við forsvarsmenn sex lykilfélaga á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar, en þau voru Kristín Eysteinsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins. Jón Páll Eyjólfsson, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar. Kristín Ögmundsdóttir, framkvæmdastjóri og Erna Ómarsdóttir, listrænn stjórnandi, báðar hjá Íslenska dansflokknum. Steinunn Birna Ragnarsdóttir, óperustjóri Íslensku óperunnar. Ari Matthíasson, Þjóðleikhússtjóri, og Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Eftirfarandi spurningar voru hafðar að leiðarljósi í viðtölum og unnin út frá þeim.



Mynd 7 Viðtalsspurningar

## Hlutverk ríkisins

### Lög og reglugerðir

Þegar sérfræðingar Mennta- og menningarmálaráðuneytis voru spurðir hvernig staðið væri að gerð hinna nýju laga um opinber fjármál svaraði Auður B. Árnadóttir því til að hin nýsamþykktu lög um opinber fjármál verði með „*nýjum formerkjum*“ og að þegar sé hafinn undirbúningur vegna fjárlaga 2017 (Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild, 2016). Karítas tekur undir með Auði og segir að sú vinna verði einnig unnin með nýju sniði. „*Þannig hefur málefnasviðum ríkisins verið fækkað og gerð verður fimm ára stefna fyrir sviðin.*“ Í hverju málefnasviði eru lögð fram markmið og stefna og gerð grein fyrir helstu áherslum og aðgerðum. Frumvörp verða lögð fram og samtímis lögð fram heildar fjárveiting fyrir hvern málaflokk fyrir sig. Sviðslistir og sínfónísk tónlist munu falla undir málaflokkinn „menning og listir“ og verður hægt að skoða sundurliðun málaflokksins í fylgiriti frumvarpsins sem hver fagráðherra leggur fram. „*Þar verður ekki um eiginleg lög að ræða heldur fylgirit,*“ segir Karítas (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016). Grunnhugsunin með þessum nýju lögum er sú „*að nefndir og alþingismenn munu horfa meira á heildina, en ekki týna sér í hvað hver stofnun, skóli og svo framvegis eru að fá,*“ segir Auður. Lögin tóku gildi 28. desember 2015 og er gildistími þeirra frá 2017-2021. Lögin leysa af hólmi fjárreiðulög ríkisins nr. 123/2015<sup>37</sup> (Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild, 2016). Karítas segir það ekki alveg ljóst á þessari stundu hvort gerðir verði langtímasamningar eða árangursstjórnunarsamningar við félög og stofnanir í framhaldinu, en sú umræða sé enn í gangi milli ráðuneyta Fjármála- og efnahagsráðuneytið (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Að sögn Karítasar verður fyrirkomulag þessara nýju laga þannig að félögin munu leggja fram áætlun til þriggja ára og svo kemur eins árs áætlun eins og verið hefur í tengslum við Fjárlög ár hvert og er byggð á því hvernig félögin ætla að nota fjármagnið. Þar sem þetta er í fyrstu umræðu núna og „*úr því það var svona lítill tími, þá er þessi fyrsta stefna byggð meira á þeim lögum og þeim stefnum sem voru fyrirliggjandi, en hugsunin með lögunum er að fagráðuneyti leggi fram stefnu í þeim málaflokkum er heyra undir þeirra ráðuneyti og vinni hana með að hluta til sínum félögum,*“ segir Karítas. Ekki var kallað eftir tillögum félaganna í stefnunum núna, en [...] „*þegar þetta fer að rúlla betur þá verður þeim send inn þriggja ára áætlun sem verður samþykkt og endurskoðuð árlega og þannig munu þeir koma að þessari vinnu,*“ segir Karítas.

<sup>37</sup> Lög um fjárreiður ríkisins 88/1997 (Alþingi, 1997)

Strax í haust verður kallað eftir fyrstu þriggja ára áætlunum frá félögunum (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Sérfræðingar ráðuneytisins voru spurðir eftir því hvort félögin hafi komið að gerð laga og reglugerða er snúa að þeirra málefni. Sögðu bæði Auður og Karítas að svo væri, það er að forstöðumenn félaganna voru „*upplýstir um hinu nýju lög og fengu kynningarfundir með sínu ráðuneyti*“. Reikna má með að forstöðumenn verði ánægðir með að fá svona áætlun lagða fram þrjú ár í senn. „*Hugsunin er alltaf að nú sjái þeir hvað þeir koma til með að hafa næstu þrjú árin,*“ segir Karítas. „*Með því geta þeir skipulagt sig betur fram í tímann, sett sér markmið og fylgt þeim áætlunum sem þeir hafa gert,*“ segir Karítas.

Ástæða þess að stofnanirnar koma óbeint að vinnunni [...] „*af því þær voru teknar inn þær stefnur sem þegar voru samþykktar,*“ segir Karítas. Ekki verður kallað eftir þeirra tillögum í stefnuna núna, en þær munu þurfa að senda inn þriggja ára áætlun sem verður samþykkt af ráðuneyti og endurskoðuð árlega (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016) (Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild, 2016).

Ráðuneytið vinnur samkvæmt Auði meira með opinberum stofnunum sem undirstofnanir, [...] við [ráðuneytið] var að vinna með sjálfstæðum stofnunum þar sem forstöðumenn bera fulla ábyrgð og þeir munu áfram gera samkvæmt Auði, en hugmyndafræðin er sú að „undirstofnanir“ styrkist með þessum nýju lögum.

Karítas segir að samningur sé gerður við Íslensku óperuna og „*mun ráðuneytið halda þeim áfram þar sem Íó er sjálfseignarstofnun*“ (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Þegar rannsakandi leitaði svara við því við forsvarsmenn félaganna hvort almenn ánægja væri með hin nýsamþykktu lög um opinbert fjármagn og hver aðkoma félaganna hefði verið að gerð hinna nýju laga, sagði Ari Matthíasson (2016) Þjóðleikhúsið hafa lítið komið að gerð hinna nýju laga og að lítil reynsla væri komin á þau í dag en „*markmiðin eru skynsamleg,*“ sagði Ari. Taldi hann að lögum væri ætlað að auðvelda félaginu að skipuleggja sig til lengri tíma og veita betri yfirsýn yfir fjárveitingar til lengri tíma, sem ætti að koma fjárfestingum í fastari skorður. „*En rekstur félagsins hefur verið erfiður, sérstaklega á tímum mikils niðurskurðar.*“ Það fyrirkomulag sem skapast með nýju lögum „*verður þannig að félagið mun gera áætlanir til fimm ára í senn og skila svo inn áætlunum til eins árs eins og áður,*“ segir Ari og að með þessu fyrirkomulagi sé verið að „*hnykkja enn frekar á rekstrarlegri ábyrgð forstöðumanna og um leið að leggja auknar skyldur á herða þeim.*“ Ari telur að „*ekki verði hægt að sjá fyrir hvernig ráðuneytið ætlar að fara að því að framfylgja lögum um ábyrgð forstöðumanna ef þeir*

*standa sig ekki í rekstri og með hvaða hætti stuðningur verður við félögin í framtíðinni* (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Að sögn Kristínar Ögmundsdóttur (2016), framkvæmdastjóra Íd, er almenn sátt um hin nýju lög innan Dansflokksins. Forsvarsmönnum Íd var boðin kynning hjá Mennta- og menningarmálaráðneyti vegna breytinganna og einnig hafði Kristín kynnt sér lögina vel. En að sögn Kristínar var „*skortur á gögnum og upplýsingum um með hvaða hætti þeim var ætlað að hefja undirbúning næsta starfsárs*“. Kristín taldi að þetta fyrirkomulag ætti eftir að „*auðvelda þeim áætlanir og undirbúning, til dæmis vegna ferða innan- sem utanlands*“ en Dansflokkurinn fer mjög oft utan og því gott að geta skipulagt ferðalög fimm ár fram í tímann. Með eldri lögum voru áætlanir aðeins ár fram í tímann og upplýsingar um fjárveitingar lágu fyrir í október, nóvember ár hvert sem gerði allar áætlanir fram í tímann erfiðari, segir Kristín. Þó svo að fjárveitingar til Íd hafi yfirleitt verið þær sömu ár frá ári þá mun þetta nýja fyrirkomulag breyta vinnu og undirbúningi við gerð áætlana. „*Þetta þýðir samt ekki að maður þurfi ekki að vera innan fjárheimilda hvers tímabils,*“ segir Kristín (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Steinunn Ragnarsdóttir (2016), óperustjóri Íslensku óperunnar, segir óperuna njóta fjárstuðnings frá ríkinu úr fjárlögum hvers árs og að nú sé unnið að endurnýjun rekstrarsamnings Íó og ráðuneytisins, en gert er ráð fyrir fimm ára samningstíma. „*Mjög mikilvægt er að þetta fari allt í farveg sem er farsæll og geti gengið upp fyrir báða aðila,*“ sagði Steinunn (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Samkvæmt Örnun K. Einarsdóttur (2016), komu stjórnendur SÍ lítið að gerð hinna nýju laga. „*Boðað var til kynningarfundar með forstöðumönnum ríkisstofnana þar sem kallaðir voru til aðilar frá Efnahags- og fjármálaráðuneytinu til að kynna lögina, en að öðru leyti hefur SÍ ekki fengið neinar upplýsingar né heldur hefur ráðuneytið unnið þetta með henni,*“ segir Arna. Helsta breytingin með lögnum er sú, að sögn Örnun, að í framtíðinni mun SÍ gera fjárhagsáætlanir „*til þriggja ára í stað eins árs [...] og síðan fimm ára áætlun*“. Venjan hefur verið eins og hjá öðrum ríkisstofnunum að Sinfónían skilar inn til ráðuneytisins, fjárhagsáætlun í október, nóvember ár hvert „*en nú verður sem sagt unnin þriggja ára áætlun og eins árs áætlun samhliða í haust*“ og telur Arna að tíminn sé frekar „*knappur, sér í lagi í ljósi þeirra takmörkuðu upplýsinga sem henni hafa borist*“. Ekki er alveg ljóst ennþá hvernig vinnan fer fram, á að fara fram og hvers verður ætlast til af stjórnendum Sinfóníunnar, segir Arna



ennfremur. „Undirbúningur og aðdragandinn að lögunum er að gerast í mjög litlu samtali við stofnunina“ (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Pegar rannsakandi spurði viðmælendur ráðuneytisins eftir því regluverki sem til staðar er og hvaða leiðir hið opinbera fari til að framfylgja því svaraði Auður hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti því til að mikill árangur hafi náðst milli aðila með árangursstjórnunarsamningunum, en hún telur að nýju lögin um opinbert fjármagn muni leysa eldri samninga af hólmi (Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild, 2016).

Hins vegar liggja fjárveitingar til landsbyggðarinnar gegnum menningarsamninga meðal annars til Eypings sem Akureyrarbær heyrir undir, en þeir samningar kveða á um að sambærileg fjárveiting skuli koma frá sveitarfélaginu á móti ríkinu ár hvert (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Í október 2016 var gengið frá nýjum samningi milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar og eru forsendur samningsins að framlag ráðuneytisins til samningsins verði 168 millj. kr. í fjárlögum 2016 og er gert ráð fyrir að framlagið verði 172.2 millj. Kr. árið 2017 (Akureyrarbær, 2016). Samningnum er ætlað að styrkja rekstur menningarstofnana á Akureyri, svo sem Leikfélags Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Rekstrar- og launakostnaður hefur farið hækkandi, en samningsfjárhæð hefur staðið í stað eða lækkað vegna hagræðingar og hefur því ekki haldið í við launa- og verðlagshækkunar. Hækkun hefur því orðið frá fyrri samningi, en sá hljóðaði upp á 138 millj. kr. og hafði lækkaði einhliða um 2 milljónir í fjárlögum ársins 2014 (Brynhildur Pétursdóttir, 2015).

Í samstarfssamningi sveitarfélaga í Eypingi um menningarmál kemur eftirfarandi fram:

*[...] „Framlög til menningarstofnana á Akureyri, svo sem nánar er tilgreint í samningi ríkisins og Akureyrarbæjar, eru greidd beint af ríkinu og óháð framlagi til menningarráðsins. Að öðru leyti skal Menningarráð Eypings veita fjármagni þessu skv. markmiðum menningarsamnings ríkisins og Eypings“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).*

Kristín Eysteinsdóttir (LR) svarar því til að rekstrarsamningur Reykjavíkurborgar við Leikfélag Reykjavíkur hafi verið framlengdur með óbreyttum forsendum á fundi borgarráðs í ágúst 2015. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2016 og er gildistími hans þrjú ár. [...] „gerði Leikfélagið þá kröfu að samningurinn yrði hækkadur, því árið 2009, eða frá hrúni, var búið að gera langtímasamning við LR um sjö prósentu hækkun á samningum árlega til fjögurra ára“. Að sögn Kristínar var forsvarsmönnum LR það ljóst að ekki yrði hægt að reka félagið með þeim

hætti sem metnaður stóð til án breytinga á samningi [...] „Síðan kemur þessi skerðing í hruninu,“ segir Kristín. Þáverandi leikhússtjóri og framkvæmdastjóri félagsins samþykktu að „taka þetta [niðurskurðinn] með borginni eins og öll fyrirtæki voru að gera og þurftu að gera á þessum tím, en að þetta yrði svo leiðrétt aftur,“ segir Kristín. Það hefur hins vegar ekki verið gert og er því Leikfélagið að fást við erfiða rekstrarstöðu (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Kristín, leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, segir að nýverið hafi verið gengið til samninga við starfsmenn LR um kaup og kjör og voru nýir kjarasamningar við leikara og fleiri fagfélög samþykkt. „Urðu þessir nýju kjarasamningar til þess að árlegur rekstrarkostnaður leikhússins hækkaði um 50 millj. kr. í einni svipan. Þar sem reksturinn var þegar í járnum fyrir launahækkarnir varð ljóst að tap yrði á rekstrinum, enda ekkert borð fyrir báru hjá félaginu fyrir neinu óvæntu.“ Óskaði LR strax eftir leiðréttingu á samningi út frá launahækkunum, en Reykjavíkurborg gat ekki orðið við því á þeim tíma, segir Kristín. „Við erum núna í mínus á leikárinu, þrátt fyrir frábært ár og met í miðasölu,“ segir Kristín. Var það því samþykkt á fundi borgarráðs 7. júní 2016 að setja aukið fé inn í reksturinn á þessu ári til að koma til móts við leikfélagið vegna þessara launahækkana. Leikfélagið fékk einnig í þessum nýja viðaukasamningi leiðréttingu á vísitölutengingu, en hingað til hefur vísitölu verið bætt við um áramót hvert ár, en héðan í frá verður vísitöluuppgjör á „þriggja mánaða fresti,“ segir Kristín (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Menningarfélag Akureyrar (MAk) gerir samkvæmt því sem Jón Páll Eyjólfsson segir (2016) samning við Akureyrarbæ og starfar Leikfélagið (LA) samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Þar af leiðandi kom LA ekki beint að undirbúningi vinnu við lög um opinber fjármál, en Leikfélagið hefur hins vegar komið að gerð menningarsamninga sem og að athugasemdum er varðar sviðslistarlög sem liggja frammi á Alþingi (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

Að sögn Kristínar Ögmundsdóttur hjá Íd var Dansflokkurinn með árangursstjórnunarsamning<sup>38</sup> við ríkið og starfar samkvæmt reglugerð nr. 14/2002<sup>39</sup> og segist Kristín vona að hið nýja sviðslistafrumvarp<sup>40</sup> nái fram að ganga, enda sé það, að mati hennar svo „að leiklistarlögin séu orðin úrelt sem og árangurstjórnunarsamningurinn frá árinu 2011“. Ef litið er til hlutverka og

<sup>38</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íd gerðu með sér samkomulag sem gildi fyrir árin 2012, 2013 og 2014 og hefur það ekki verið endurnýjað vegna 2015 og 2016.

<sup>39</sup> Reglugerð nr. 14/2002 um Íslenska dansflokkinn (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2002)

<sup>40</sup> Árið 2011 barst fagfélögum sviðslista beiðni frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er varðaði nýtt frumvarp til sviðslistalaga. Vinnsla við frumvarpið hefur tafist, meðal annars vegna athugasemda og viðamikilla breytingatillagna frá sviðslistageiranum og enn hefur ekki náðst að klára árið 2016.

þeirra markmiða sem þar eru tilgreind segir Kristín, [...] „þá er ljóst að Íd er ekki í lófa lagið að standa við skyldur sínar sökum skorts á fjármagni“. „En Dansflokkurinn reynir þó eftir megni að dreifa verkefnaskyldum sínum milli ára til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hans í lögum og samningum“ (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Sinfóníuhljómsveit Íslands er með árangursstjórnunarsamning<sup>41</sup> við ríkið og „hefur það samstarf gengið vel,“ að sögn Örnú Kristínar og telur hún einnig að „ekkert bendi til þess að áherslur muni breytast með tilkomu hinna nýju laga um opinbert fjármagn“ (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Árangursstjórnunarsamningar voru síðast undirritaðir milli ríkis og Þjóðleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslenska dansflokksins árið 2012 og hafa ekki verið endurnýjaðir, segir Auður „enda er reiknað með að starfsskyldur opinberu stofnananna muni breytast með hinum nýju lögum um opinber fjármál“<sup>42</sup> sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2015. Auður segir einnig að með tilkomu laganna verði unnar breytingar á því regluverki er snýr að fjárlagagerðinni og munu lögini leysa af hólmi árangursstjórnunarsamninga frá árinu 2012, sem að öðrum kosti hefði þurft að endurnýja á árinu 2015 (Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild, 2016).

## Menningarhagfræði

### Fjárhagslegt umhverfi félaganna

Þau félög sem rekin eru fyrir ríkisfé og eru rekin samkvæmt lögum og reglugerðum og eru þar með í eigu allra landsmanna, segir Karítas „að til langs tíma hafi verið villji, ekki bara ríkisins heldur sveitarfélaganna allra, til að reka menningarstofnanir og er ástæða þess væntanlega sú að öll samfélög sem telja sig til eða vilja vera samfélag meðal samfélaga reka með einum eða öðrum hætti menningarstofnanir“. Karítas segir ennfremur að helstu stoðkerfi félaganna sé opinberi geirinn „hvort heldur það er ríki eða sveitarfélög og leggja þau sitt af mörkum með til að mynda gerð laga og reglugerða, samninga“ [...] „og með beinum fjárveitingum til félaganna“ til að tryggja menningarlegt framboð hvar sem er á landinu (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

<sup>41</sup> (Árangursstjórnunarsamningur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, 2012)

<sup>42</sup> Lög um opinber fjármál samþykkt á Alþingi 28. desember 2015 (Alþingi, 2015).

Harpan hefur verið starfrækt í fimm ár, en segja má að hún hafi verið byggð „yfir Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Karítas. Síðar tekur stjórn Íslensku óperunnar því „tilboði okkar“ [ríkisins] að fara inn í Hörpu og selja Gamla bíó, en það húsnæði var löngu orðið of lítið og dýrt í rekstri vegna viðhalds og fleiri atriða, segir Karítas, en hún segir einnig að sú ráðstöfun hafi gert það að verkum að Íslenska óperan „lifir ennþá“, en hún var orðin mjög skuldsett félag fyrir flutningana í Hörpu. Það er von ráðuneytisins að þessar tvær ríkisstyrktu stofnanir muni í framtíðinni fara í nánara samstarf, segir Karítas, „búið að setja tvær öflugar stofnanir með mikið ríkisfé þarna inn og beðið eftir því að sjá hver framtíðin verður um samstarf þeirra“. Að mati Karítasar er mjög spennandi að sjá hvernig Harpan muni þróast með þessar tvær stofnanir undir sama þaki, en Harpan er rekin af Reykjavíkurborg og ríkinu, 54% í eigu ríkisins og 46% í eigu Reykjavíkurborgar og greiða Óperan og Sinfóníuhljómsveitin leigu fyrir afnot. (Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Árlega dreifir hið opinbera fjármunum til stofnana og verkefna samkvæmt fjárlögum og lögum um opinbert fjármagn. Að sögn Karítasar er þó af og til deilt um hver fær hvað og hvenær enda um ólíka hagsmunahópa að ræða með mismunandi skoðanir. „Staðan er hins vegar sú að fjármagn er takmarkað í þessum málaflakki,“ segir Karítas. „Auðvitað er það svo að þegar útgjöld ríkisins eru hærri en tekjurnar þarf ríkisvaldið að grípa til aðhalds og forgangsraða uppá nýtt,“ segir Karítas enn fremur. „Að forgangsraða verkefnum ríkisins er flókið verkefni því afleiðingar niðurskurðar eru ekki alltaf ljósar.“

Spurt var hvort félögin settu sér fjárhagsleg markmið, en samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu Þjóðleikhússins vegna ársins 2015 voru aðhaldsaðgerðir leikhússins meðal annars þær að fækka um eina sýningu á Stóra sviðinu, um eina sýningu í Kassarum, skerpa aðhald í launakostnaði og minnka umfang annarra verkefna (Þjóðleikhúsið, ársskýrslur, 2015). Að sögn Ara var „þetta gert til þess að mögulegt yrði að sækja fram með öflugum starfi að hausti sem miðaði að því að styrkja Þjóðleikhúsið“ [...] „um mánaðamót janúar til febrúar 2016 var Þjóðleikhúsinu gert að skila endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir 2015, þar sem sýnt væri fram á hvernig leikhúsið ætlaði sér að ná niður hallanum og lögð var fram áætlun sem gerði ráð fyrir að 30 millj. kr. yrði náð niður árið 2015 og 20 millj. kr. árið 2016“ (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Steinunn Birna sagði Íslensku óperuna eiga í viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um lausnir á fjárhagsvanda Óperunnar og „mætir góðum skilningi þar,“ að sögn Steinunnar. Steinunn taldi einnig að það hafi verið „blessun fyrir félagið að flytja í Hörpuna, því áður var staðan sú, sökum smæðar Gamla bíós og takmarkaðs sætaframboðs,

*að ekki var hægt að ná inn, á einu sýningarkvöldi, fyrir breytilegum kostnaði á miðasölu eingöngu og var staðan því oftast sú hér áður að greitt var með hverjum seldum miða“.* Harpan býður hins vegar uppá aukið svigrúm og aukin sætafjölda og getur því eitt sýningarkvöld vel staðið undir kostnaði og jafnvel skilað inn umframtekjum, segir Steinunn og að á móti komi „*að uppsetningarkostnaður hvernar sýningar sé mikill“.* Þar sem stóra sviðið í Eldborg er ekki hannað sem leikhús, að sögn Steinunnar, þarf þar af leiðandi „*mikið fjármagn til að hanna hvert leiksvið“* sem og að „*hanna lýsingu til að sýningin fái notið sín á þessu stóra sviði“.* Hægt er að setja upp konsertsýningar sem kalla ekki á sviðsmynd, búninga og lýsingu með sama hætti og í stórum uppfærslum og er það eitthvað sem Íslenska óperan er að skoða í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, segir Steinunn (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Þegar spurt var um almenna rekstrarstöðu félaganna sagði Ari (ÞL) stærstu útgjöld Þjóðleikhússins laun og launatengd gjöld ásamt húsaleigu. [...] „*því er svigrúm félagsins algjörlega háð sjálfsaflafé sem kemur af miðasölu“.* Samkvæmt Ara má reikna með að „*um 30% af tekjum félagsins komi gegnum miðasölu“* (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016). Ari segir „*óhætt að fullyrða að stærsti rekstrarliður leikhússins sé launakostnaður, eða um 70% af föstum rekstrarkostnaði“* (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016). Ari sagði einnig „*að vegna þess að umtalverður halli var á rekstri Þjóðleikhússins árið 2014 eða 53 millj. kr., hafi verið nauðsynlegt að grípa til aðhaldsaðgerða á fyrri hluta árs 2015“.* Þá er rétt að geta þess að ekki var keyptur tækjabúnaður 2014 sem veitt var fjárveiting fyrir og því var rekstrarhallinn í raun 70 millj. kr. sagði Ari ennfremur. „*Í ljósi þess að grípa þurfti til erfiðra aðhaldsaðgerða í upphafi árs og þess að hinn óvænti kostnaðarauki vegna stofnanasamnings við leikara féll til segir Ari að það megi með nokkurri sanngirni segja að það geti talist nokkurt rekstrarlegt afrek að sýna 100 millj. kr. viðsnúning í rekstri milli ára“* (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Ari (ÞL) sagði ennfremur að erfið staða hefði komið upp með nýjum kjarasamningum FÍL við Borgarleikhúsið<sup>43</sup> annars vegar og hins vegar við Menningarfélag Akureyrar. En samkvæmt Ara kom í ljós, með þeim samningum, „*að leikarar við Þjóðleikhúsið sátu eftir á mun lægri launum“.* Í framhaldinu tóku við erfiðar viðræður leikara við Ríkið sem enduðu með því að deilunni var vísað í Gerðardóm (Vísir, 2015). Niðurstaða deilunnar var sú að laun leikara við Þjóðleikhúsið voru lagfærð, en þó ekki nema að hluta og því voru þeir enn á mun lægri launum

---

43 Karasamningur milli Leikfélags Reykjavíkur og Félags íslenskra leikara (Félag íslenskra leikara, 2016).

en aðrir atvinnuleikarar. Við þetta varð ekki unað. Því gerði Þjóðleikhúsið stofnanasamkomulag<sup>44</sup> við Leikarafélag Íslands og FÍL fyrir hönd leikara sem tryggði leikurum sambærileg kjör, segir Ari. „*Þetta samkomulag var alger forsenda fyrir vinnufriði í Þjóðleikhúsinu og var allur kostnaðarauki þess greiddur af rekstrarfé leikhússins*“ (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Að sögn Kristínar Ögmundsdóttur hjá Íslenska dansflokknum „*er ljóst að ekki er mikið fjárhagslegt svigrúm hjá Dansflokknum, en hann treystir mjög á sjálfsaflafé eins og gefur að skilja*“ (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Steinunn Birna óperustjóri segir það löngu orðið ljóst að „*listviðburður eins og ópera beri sig ekki sjálfur, [...] „ein slík uppfærsla geti kostað á bilinu 60-80 millj. kr. í uppsetningu*“. Tekur Steinunn fram að tekjur sem koma á móti í formi styrkja og aðgöngumiða „*geti verið í kringum 40% og stundum meira, sér í lagi gerðist það fyrstu árin eftir að Óperan flutti inn í Hörpuna*“. Það er mjög góðs viti, en „*að gera fjárhagsáætlanir miðað við þetta er skelfing [...] við vitum að miðasala getur brugðið til beggja vona,*“ segir Steinunn. [...] „*tónleikar seljast misvel og uppfærslur eru mis vinsælar*“ segir Steinunn. Í nútímarekstri verður að gera ráð fyrir „*minna hlutfalli af miðasölu inn í heildarmyndinni*“ til að reikningsdæmið geti gengið upp“. „*Ef vel gengur með sýninguna þá er það auðvitað bara jákvætt og skilar þá betri fjárhagsstöðu í lok dags. Traustið á sjálfsaflafé gerir fjárhagsstöðuna svo viðkvæma*“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Samkvæmt Jóni Páli, leikhússtjóra Leikfélags Akureyrar, fer stærstur hluti rekstrarfjár LA í framleiðslu menningarefnis og tímabundnar ráðningar starfsfólks. Rekstrarkostnaðurinn jókst lítillega, að sögn Jóns Páls, en við sameiningu félaganna undir MAK [...] „*kostar alltaf að sameina*“. Komið er á ákveðið jafnvægi, í dag fara um 58% af rekstrarframlaginu í framleiðsluna. Jón Páll segir ennfremur að þeir fjármunir sem komið hafa frá til að mynda fjármálastofnunum á svæðinu „*hrökkvi ekki til enda sé dýrt að setja upp eina leiksýningu*“ og því þörf á stærri og fjársterkari styrktaraðilum. En Jón Páll segir að „*þörf sé á almennri vitundarvakningu meðal almennings og fyrirtækja*“ [...] „*það sem sett er í samfélagsleg verkefni á borð við menningu og listir*“ [...] „*skapar menningarleg verðmæti og menningarlegt capital,*“ segir Jón Páll (Jón Páll Eyjólfsen, munnleg heimild, 2016).

---

44 Samkomulag Þjóðleikhús og LÍ 1. janúar 2016 (Félag íslenskra leikara, 2016).

Pegar Arna Kristín (SÍ) tók við sem framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2013 var halli á rekstrinum og hefur stjórnendum hennar tekist að vinna vel á honum og er reksturinn að komast í gott jafnvægi á ný, að sögn Örnú. Það sem hefur haft mikil áhrif á rekstrarstöðuna síðustu ár eru meðal annars nýir kjarasamningar, en Fjármála – og efnahagsráðuneytið gerir slíka samning við hljóðfæraleikara og fer framlag ríkisins að mestu í að dekkja laun starfsmanna og framlag Reykjavíkurborgar fer svo í að greiða húsaleiguna. Afgangurinn og sjálfsaflafé skapa þá það frelsi sem Sinfóníuhljómsveitin hefur til athafna (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Samkvæmt Örnú hækkaði rekstrarkostnaður Sinfóníunnar verulega við flutninginn í Hörpuna, en leigan fór úr um 42 millj. kr. Í hátt í 162 millj. kr. Fjárframlag til félagsins hækkaði að hluta til á móti þessum stóra útgjaldalið, en dugir ekki að öllu leyti. „Ef skjóta á, á þá tölu, segir Arna, þá jókst rekstrarkostnaðurinn um ríflega 100% og sértekjur jukust um sirka 40%“. „Reksturinn er þó að komast í gott jafnvægi inn í húsin,“ segir Arna Kristín (Arna Kristín Einarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Hvað varðar tækja- og/eða hljóðfæra kaup Sinfóníunnar segir Arna það hafa reynst erfitt að sinna því „þar sem fjárhagur er þröngur“. En samkvæmt Örnú sér Sinfónían fyrir sér að það muni verða auðveldara að setja sér fjárfestingamarkmið til lengri tíma með nýju lögunum um opinber fjármál. „Mikilvægt er fyrir hljómsveitina að geta haldið fjármagni til hliðar og þannig safnað fyrir hljóðfæra kaupum,“ en „ein fiðla getur auðveldlega kostað 60 millj. kr.“ (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Í samtali við Kristínu (LR) kom fram að leikfélagið er eingöngu með styrk frá Reykjavíkurborg, en hefur að auki sótt um styrk til fjárlaganefndar (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016). Reykjavíkurborg reiknar innri leigu vegna afnota Leikfélagsins af Borgarleikhúsinu og kemur sá rekstrarstyrkur fram í heildarupphæð framlags Borgarinnar til félagsins. Leikfélagið fór þess á leit við Borgina árið 2013 að innri leiga Borgarleikhússins kæmi fram undir sér lið í fjárhagsáætlun borgarinnar, en ekki í samtölulið sem ósundurgreint framlag til Leikfélags Reykjavíkur ásamt samningsbundnu rekstrarframlagi (Borgarleikhúsið, 2013).

Að sögn Kristínar „er félagið mjög háð sjálfsaflafé, en þar reiknast henni til að það sé um 60% af heildarfjármagni félagsins“. Kristín segir ennfremur að „það séu engin leikhús í Evrópu nálægt þessu. Þau séu flest með á bilinu 7-20% sjálfsaflafé“. Þar með er krafan á meiri miðasölu alltaf að verða þyngri og starfsmenn vinna meira fyrir minni laun. Kristín telur að félagið geti ekki nýtt fjármagnið betur en þegar er gert. Sýningar söngleiksins Mamma mía eru sex til sjö

sinum í viku og „*starfsmenn orðnir örmagna af þreytu*“ (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016). Borgarleikhúsið er sjálfseignarstofnun og greiðir félagið laun og launatengd gjöld af rekstrarframlagi Reykjavíkurborgar og er sá kostnaður í kringum 100 millj. kr. á mánuði en að sögn Kristínar er launakostnaður um tveir þriðju af heildarútgjöldum félagsins, sem setur mikla pressu á forstöðumenn Leikfélagsins að láta enda ná saman. „*Huga þarf að hinum listræna og rekstrarlega metnaði á sama tíma og láta það passa saman*“ (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Samkvæmt Kristínu (LR) fara öll tækjakaup Leikfélags Reykjavíkur úr eignasjóði borgarinnar. Gerð er fjögurra til fimm ára áætlun vegna þessara kaupa og „*Reykjavíkurborg áætla síðan þá upphæð sem nota á til endurnýjunar og nýrra tækjakaupa*“. En samkvæmt Kristínu kemur þessi rekstrarliður ekki inn á borð hjá leikfélaginu. Leikfélagið borgar leigu til Reykjavíkurborgar og er rekstrarstyrkur félagsins hærri sem því nemur, en sú upphæð kemur ekki fram í ársreikningi Leikfélagsins enda færð inn á ársreikning Reykjavíkurborgar. „*Reikna má með að leiga sem reiknuð er fyrir rekstrarstyrkinn sé í kringum 360 millj. kr. á ári eða um 30-40 millj. kr. á mánuði*“ (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

## Aðhaldsaðgerðir

Þegar viðmælendur voru spurði hvort og þá með hvaða hætti niðurskurðarákvarðanir hins opinbera við efnahagshrunið hafi komið niður á þeim, sagði Ari Matthíasson Þjóðleikhússtjóri að allt frá efnahagshruni þar til ársins 2014 hafi verið „*skorið niður gagnvart Þjóðleikhúsinu, á föstu verðlagi um einn þriðja*“ sem hefur gert róðurinn erfiðari. „*Frá árinu 2011 var skorið niður í einu vetfangi um 10%t eða í kringum 80-90 milljónir á núgildandi verðlagi*“. Grípa varð til uppsagna starfsmanna úr öllum starfsgreinum innan Þjóðleikhússins og „*hafði það í för með sér aukið vinnuálag á aðra starfsmenn*“, sagði Ari. „*Í grundvallaratriðum hefur maður verið að biðja fólk um að vinna meira fyrir minni pening og verið að segja upp félögum þeirra og á sama tíma haldið uppi fullri starfsemi og góðum vinnuanda*“ (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Í skýrslu um kortlagningu á hagrænum áhrifum skapandi greina kemur fram að starfsfólki leikhúsanna hafi fækkað frá hruni en á sama tíma hafi mikli aukning átt sér stað í aðsókn að uppfærslum leikhúsanna (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011).

Þar sem Íslenski dansflokkurinn hefur ferðast mikið erlendis getur kostnaðurinn verið mikill og segir Kristín að í þrengingum í kjölfar efnahagshrunsins hafi Dansflokkurinn orðið að bregðast



við með því „*minnka umfang sýninga og fækka ferðum erlendis*“ en ekki var ráðist í uppsagnir dansara „*enda bara um sjö samningsbundna fastráðna dansara að ræða hjá flokknum*“. En á móti, segir Kristín, „*var hægt að draga úr kostnaði tímabundið, til að mynda með því að minnka starfshlutfall markaðsstjóra og slíkt*“. Einnig segir Kristín það ávallt hafa verið stefnu Dansflokksins „*að halda rekstrinum réttu megin við núllið*“. Ennfremur tók Kristín fram að Dansflokkurinn hafi ávallt fundið ákveðinn skilning stjórnvalda gagnvart því að flokkurinn hafi ekki, á hverjum tíma, getað uppfyllt þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og samningum. „*En í þrengingum hefur flokkurinn haldið sig við þrjár sýningar á ári,*“ að sögn Kristínar (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Eftir viðræður þar um gerði Íslenska óperan fimm ára samning, „*í trausti þess að stjórnvöld sköpuðu henni rekstrargrundvöll í nýja húsinu,*“ segir Steinunn, en það var svo árið 2011 að starfsemi Íslensku óperunnar var flutt úr Gamla bíói í Hörpuna. Árið 2014 var svo Gamla bíó selt, en fram að því hafði Óperan leigt húsnæðið út (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Íslenska óperan gekk í gegnum mikla erfiðleika í rekstri, bæði fram að flutningum í Hörpu sem og árin á undan, að sögn Steinunnar. Niðurskurður af hálfu ríkisins reyndist þungur baggi á starfsemina, að sögn Steinunnar, og segir hún ennfremur að það megi „*teljast kraftaverk að Íslenska óperan hafi lifað af þær fjárhagslegu hremmingar sem niðurskurðurinn hafði í för með sér*“. Félagið er enn í þeim sporum að fastakostnaðurinn er hár og húsaleiga til Hörpu tónlistarhúss er hár og þungur biti að bera inn í reksturinn en Íslenska óperan greiðir um 5 millj. kr. á mánuði í leigu. Það hefur áhrif á hversu mikla starfsemi við getum haft, segir Steinunn. „*Ég er í því núna og það er mitt stóra verkefni að búa til „strategist plan“ og rekstrarramma sem virkar,*“ segir Steinunn (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Sinfóníuhljómsveit Íslands var í ákveðinni sérstöðu við efnahagshrunið 2008, að sögn Örnú Kristínar (SÍ). [...] „*Það má alveg segja að hljómsveitin hafi gengið í gegnum kreppuna í skjóli Hörpunnar*“. Það hlaut af því ákveðið skjól þegar Ríkið og Reykjavíkurborg ákváðu að klára byggingu hússins í kjölfar hrunsins og að Sinfónían flutti heimili sitt inn í húsið á sama tíma. Vel hefði mátt sjá fyrir sér að staðan hefði verið verri ef flutningarnir hefðu átt sér stað einhverjum árum fyrr, að þá hefði komið til niðurskurðar af hálfu ríkis og borgar. „*Hið opinbera gaf það út á þessum tíma að það myndi einsetja sér að halda lífi í stóru ríkisstofnununum og Sinfóníunni þar á meðal umfram aðra, enda ljóst að ef til niðurskurðar hefði komið hefði þurft að ráðast í uppsagnir starfsmanna og þar með minnka hljómsveitina,*“

segir Arna. „Ef það hefði gerst hefðum við ekki staðið uppi með Sinfóníuhljómsveit heldur í það minnsta kammersveit sem ætti heimili í þessu stóra tónlistarhúsi og tilgangi hússins ekki verið náð sem skildi“. Þar fyrir utan segir Arna að erfitt sé að ráðast í uppsagnir hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit því „hvert hljóðfæri hefur ákveðnu hlutverki að gegna“. Þá hefði tilgangur hússins ekki náðst.

Sinfónían fór vissulega í gegnum þrengingar við hrúnið, þó svo ekki hafi komið til niðurskurðar af hálfu hins opinbera. Þrengingar hljómsveitarinnar komu aðallega fram í gjaldeyrishöftum, en töluverður hluti rekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar eru laun hljómsveitarstjóra, sem greidd eru í erlendri mynt. Sinfónían fær til sín erlenda gesti í hverri viku og því hafði hrun íslensku krónunnar mikið að segja. Að auki fer hljómsveitin inn í rekstrarumhverfi sem er mun dýrara, segir Arna (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Kristín (LR) sagði að sú ákvörðun hafi verið tekin, við efnahagsþrengingarnar 2009, af þáverandi leikhússtjóra að „í staðinn fyrir að segja upp fólki og taka upp hnífinn“ [...] var starfsfólk beðið um að sýna samstöðu og að allir myndu leggjast á áramnar með að spara eins og mögulegt væri, vinna meira og skila betri sýningum“. „Ákveðið var að fá fleiri gesti í húsið og gefa inn í stað þess að draga saman seglin.“ Þessi ákvörðun „skilaði bara mjög miklum árangri, en hins vegar“ [...] „þetta er búið að vera í gangi síðan í hrúni,“ segir Kristín. Fólk vann meira fyrir minni laun og það hefur ekkert breyst (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Þegar viðmælendur voruð spurðir að því hvort og þá hversu mikið félagið væri háð sjálfsaflafé kom fram meðal annars hjá Íslensku óperunni að aðal tekjustofn hennar er rekstrarframlag úr ríkissjóði samkvæmt samningi óperunnar og ráðuneytisins á hverjum tíma, ásamt rekstrartekjum af listræni starfsemi með miðasölu, fyrirtækja, félaga, stofnana og einstaklinga sem koma að rekstri Íslensku óperunnar samkvæmt samningum milli aðila, sem og með þeim gjöfum og styrkjum sem Íslensku óperunni áskotnast. Steinunn segir að „sjálfsaflafé hafi aukist til muna við flutninginn í Hörpu, með auknum heimsóknnum og aðsókn á viðburði Óperunnar“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Leikfélag Akureyrar leggur fram fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir hvert ár til Mak, að sögn Jóns Páls, en leikfélagið er þannig í sveit sett, eins og langflestar aðrar menningarstofnanir, að félagið verður að treysta á sjálfsaflafé í auknum mæli til koma til móts við það opinbera fé sem félaginu er úthlutað. Reikna má með að um 40% af fjármagni komi með miðasölu, útleigu og öðru (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

Rekstrarstaða Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sambærileg öðrum listastofnunum, háð sjálfsaflafé, en í því felst frelsi til athafna hjá hljómsveitinni. Það er markmið Sinfóníunnar að gera eins vel og hægt er og standa fyrir vandaðri og faglegri dagskrá fyrir alla aldurshópa allt árið. Sinfónían hefur verið lánsöm með stuðning áhorfenda og sýna nýjustu aðsóknartölur að um 85% sætanýting er á hverjum tónleikum Sinfóníunnar. Miðasala jókst á tónleikum Sinfóníunnar áður en hún flutti í nýtt húsnæði Hörpu. En áhættan er alltaf til staðar um að tónleikar komi illa út fjárhagslega „*en sem betur fer höfum við átt mjög farsælt starf síðustu tvö starfsár*“ (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

## Samfélagslegir þættir - Virði

### Samstarf og hagsmunaaðilar

Viðmælendur voru einnig spurðir eftir því hverjir væru helstu styrktaraðilar/ máttarstólpar félagsins aðrir en hið opinbera, og kom þá fram hjá Ara Matthíassyni að Þjóðleikhúsið nýtur ekki stuðnings styrktaraðila og er eingöngu rekið með stuðningi ríkisins (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Kristín sagði að Íslenski dansflokkurinn væri ekki með fasta styrktaraðila í dag, en fyrir efnahagshrunið hafi hann notið stuðnings frá Landsbankanum. ÍD hefur einnig fengið styrki úr sjóðum fyrir ákveðin verkefni, að sögn Kristínar (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016). Hugmyndin er að breyta skipulagi næsta dansárs, en venjan er að vera með um þrjár uppsetningar á ári. Núna ætlum við að horfa meira á eitt stórt verkefni og svo minni viðburði sem eru ekki allt árið, bætir Erna við (Erna Ómarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Máttarstólpar Íslensku óperunnar hafa lengi verið styrkir og stórir, en frá efnahagshruni hefur orðið breyting þar á, að sögn Steinunnar, en unnið er að átaki innan Óperunnar til að rétta stöðuna til hins betra. Að sögn Steinunnar er mikil saga til um aðkomu fyrirtækja að rekstri Íó alveg frá byrjun, en fyrir 20 árum átti Óperan „stolta styrktaraðila“ sem byggðu hana upp og stuðluðu að því að hún lifði af í þessu litla samfélagi. [...] „Í dag mætti höfða meira til samfélagslegrar ábyrgðar ef við ætlum að eiga þessa menningu okkar og listir,“ segir Steinunn. „Erlendis þykir það alveg eins merkilegt að Ísland skuli eiga heila þjóðaróperu eins og fótboltalið“. [...] „við megum ekki vanrækja sjálfsmynd okkar, það er löngu orðið ljóst að okkar 330 þúsund manna þjóð er mjög samkeppnishæf úti í hinum stóra menningar- og listaheimi“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016). Vínafélag Íslensku óperunnar er máttarstólpi hennar og félag áhugamanna um óperutónlist á Íslandi. Markmiðið er að styðja og

styrkja starf óperunnar á hverjum tíma með almennri fræðslu og kynningu á óperulistinni til samfélagsins í samstarfi við óperuna og með hliðsjón af verkefnum hennar á hverjum tíma. Tilgangur vinafélagsins er ekki síður að auka almennan áhuga og þekkingu á óperulist á Íslandi (Íslenska óperan - Vinafélag Íslensku óperunnar, e.d.).

Að sögn Jóns Páls (LA) eru máttarstólpar Leikfélags Akureyrar Flugfélag Íslands og svo önnur fyrirtæki. Öll þrjú félögin, sem sameinast undir Menningarfélagi Akureyrar (MAk) „voru með þessa hefðbundnu styrktarsamninga“. LA var með samninga við einn banka, en „í raun skiptu félögin bönkunum á Akureyri bróðurlega á milli sín,“ segir Jón Páll. Kostun verkefna hjá LA er ekki almennt bundin við máttarstólpa, en í ljósi þess hversu dýrt það er að setja upp hverja leiksýningu hefur reynst nauðsynlegt að draga að styrki umfram þá lögbundnu. Sjálfsaflafé er einnig mjög stór þáttur í breytilega kostnaðinum en „alltaf þarf að reyna að ná inn einhverju af stofnkostnaði hvernar sýningar“. Jón Páll segir það vera stefnu og markmið LA að ná fjárhagslegum markmiðum og um leið fullnýta fjármagnið sem félagið aflar sér. Lista- og menningarlífið á Akureyri „varð eins og annað fyrir töluverðum niðurskurði strax eftir efnahaghrunið,“ ekki eingöngu af hálfu hins opinbera heldur einnig frá stærri máttarstólpum (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið að sækja sér máttarstólpa og má þar nefna stærstan Gamma<sup>45</sup>. Samstarf er einnig komið á milli Sinfóníunnar og Canaby hotels hjá Icelandair Hotels<sup>46</sup>. Þeir eru með ríka áherslu á menningartengda ferðaþjónustu og sjá forstöðumenn Sinfóníunnar þar gríðarleg tækifæri (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Að sögn Örnú Kristínar (SÍ) fann félagið einnig fyrir niðurskurðaráhrifum þegar kemur að umræðunni um máttarstólpa, en frá árinu 2007 hafði Landsbankinn verið helsti máttarstólpi Sinfóníunnar og framlag hans gerði hljómsveitinni það mögulega að ferðast til útlanda. Þar fyrir utan var hljómsveitin með góðan stuðning frá FL Group, sem styrkti hljómsveitina með veglegum fræðslustyrk. Hljómsveitina hefur munað mikið um slíka máttarstólpa, en þeir hurfu algjörlega í og eftir hrunið, segir Arna. Fram að efnahagshruni hafði Sinfóníunni tekist að byggja upp mjög sterka alþjóðlega ímynd og fór hljómsveitin í tónleikaferðir erlendis um tvisvar sinnum á ári. Hljómsveitin vakti athygli á landi og þjóð og er ekki síðri landkynning en fótþóttaliðið okkar, segir Arna. Það þykir mjög sérstakt að jafn lítil þjóð og Ísland sk uli eiga

---

<sup>45</sup> GAMMA Capital Management hf. er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, stofnað í júní 2008 (Gamma, 2016).

<sup>46</sup> Heimasíða Icelandair Hotels (Icelandair Hotels, 2016)

svona öfluga og góða símfóníuhljómsveit og er hún alveg samkeppnishæf við stóru erlendu símfóníuhljómsveitirnar (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

Að sögn Kristínar Eysteinsdóttur er Leikfélag Reykjavíkur með sterka máttarstólpa og hefur Íslandsbanki verið samferða þeim í mörg ár. Styrkur hans felst þó meira í „WinWin“- samningi þar sem bankinn kemur með fjármagn inn í ákveðin verkefni og fær í staðinn afslátt á forsýningar, afslátt á áskriftarkortum og gestasýningum fyrir viðskiptavinum sína. Bankinn auglýsir þá einnig sýningar Leikfélagsins. Flestar stærri sýningar Leikfélagsins eru með máttarstólpa. „Þannig að í raun erum við að setja sambærilegt fjármagn á móti – þetta eru svona vöruskipti,“ segir Kristín. Leikfélag Reykjavíkur nýtur einnig stuðnings frá Odda, Byko og Ölgerðinni. Ætla má að máttarstólpar séu að jafnaði í kringum fjórir til fimm og tengjast þá ákveðnum sýningum (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Þegar viðmælendur eru spurðir efir samstarfi við aðrar menningarstofnanir og hvernig því sé háttað, segir Kristín Ögmundsdóttir að hjá Íslenska dansflokknunum hafi samstarf við aðra aðila gengið vonum frammar, en flokkurinn tók til að mynda þátt í stórsýningunni Njálu og vegna velgengni hennar raskaðist starfsemin aðeins. Önnur samstarfsverkefni Íd og LR voru til dæmis Mary Poppins. „Ekki hefur verið mikið óskað eftir aðkomu dansflokksins inn í sýningar til dæmis hjá Þjóðleikhúsinu, en það gæti alveg orðið enda hér um að ræða tvær stofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé að stærstum hluta,“ segir Kristín. Dansflokkurinn hefur einnig átt í samstarfi við menningarfélög á Akureyri og stefnir, að sögn Kristínar, að því að fara af stað um landið með barnasýningu<sup>47</sup> sem sýnd var á Akureyri í janúar 2016 (Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Að sögn Steinunnar er það mikill kostur að geta aukið samstarf milli Óperunnar og SÍ „enda bæði félögin staðsett í Hörpunni“. „Þar með yrði fjármagn nýtt betur sem skapar ákveðið sóknarfæri í listinni“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Jón Páll segir að Leikfélagið (LA) hafi, [...] „unnið að markvissri stefnumótun“ (MAK.). Sú sýn og hugsun um hvernig ætlunin er að þjónusta samfélagið hefur breyst á síðustu árum, segir Jón Páll og að hans mati er ekki lengur hægt að stunda „hefðbundna leiklistarstarfsemi í dag“ í meginatriðum vegna skorts á fjármagni, en „ætlunin er að framleiða meira og fókstra“. „Við höfum litið á það þannig að við höfum þessi þrjú ár til að móta og sjá hvað verður úr þessu,“ og segir Jón Páll að forsvarsmenn Leikfélagsins hafi [...] „hlustað mikið á ferðapjónustuna á

---

<sup>47</sup> Íslenski dansflokkurinn sýndi nýja íslenska barnaverkið Óður og Flexa halda afmæli eftir Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttur í leikstjórn Péturs Ármannssonar. Sýningin var tilnefnd til Grímunnar 2016 sem barnasýning ársins.

svæðinu“. „Ferðaðþjónustan taldi að þörf væri á frekari menningartengdri vöru á svæðinu. En að þeirra sögn [...] vantaði leiksýningar og tók Leikfélagið því þá ákvörðun að vinna að og setja upp tvær leiksýningar og sumardagskrá í Hofi fyrir ferðaðþjónustuaðila til að selja,“ segir Jón Páll. „Þá vantaði einhverja viðburði eða að eitthvað væri að gerast“. Leikfélagið framleiddi sérstaka ferðamannasýningu, „one man show“, sem fjallaði um landnám í Eyjafirði og á sama tíma annað verk sem var „einhverskonar eltingaleikur eða ratleikur“ um Akureyrarbæ. En svo kemur bara að þessu, segir Jón Páll, „að þó ferðaðþjónustuaðilar hafi viljað fá einhvern viðburð þá [...] höfðu þeir ekki bolmagn til að selja vöruna“. Þrátt fyrir að sýningarnar hafi verið til staðar, „allt kynningarefni hafi legið frammi“, þá skiluðu ferðamennirnir sér ekki á viðburðina, segir Jón Páll. Þetta var „frábær tilraun og enginn stórkostlegur fjárhagslegur skellur,“ að mati Jóns Páls. En þarna skorti á að ferðaðþjónustuaðilar á svæðinu tækju fullan þátt í að koma vörunni til skila til ferðamannsins [...] „Leikfélagið á þessa vöru og þarf bara að upphuga annað afhendingarkerfi,“ bætir Jón Páll við. „Við erum áfram að þróa þetta þannig að við erum ekki bara að hugsa um að þjónusta samfélagið heldur líka erlenda ferðamenn sem koma á svæðið“. Skapa þannig menningarverðmæti og menningarlegt fjármagn, segir Jón Páll (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

## Tilgangur, markmið og listræn stefna

Að sögn Ara er listrænn tilgangur leikhússins tilgreindur í lögum og reglum um Þjóðleikhúsið<sup>48</sup>. Ari segir að ramminn sem markar hina listrænu stefnu Þjóðleikhússins sé í stuttu máli þannig, að „leikhúsið á að setja upp ný íslensk verk og ber þeim að vera um helmingur af þeim verkum sem Þjóðleikhúsið sýnir,“ segir Ari og sömuleiðis á leikhúsið að setja upp ný erlend verk ásamt því að vera með öflugt starf fyrir börn og ungt fólk. „Við eigum að gæta að jöfnum tækifærum fyrir karla og konur“. Þjóðleikhúsið hefur miklum skyldum að gegna og að auki skyldum gagnvart landsbyggðinni, segir Ari að lokum (Ari Matthíasson, munnleg heimild, 2016).

Listræn stefna Sinfóníuhljómsveitar Íslands kemur fram í lögum um hljómsveitina, að sögn Örnú Kristínar. „Hún er mjög skýr og hlutverk hljómsveitarinnar einnig. Hljómsveitinni hefur auðvitað ekki tekist að uppfylla allrar lögbundnar skyldur eftir efnahagshrunið og þá sér í lagi hvað varðar ferðirnar utan og er fullur skilningur á því, enda fjármagn lítið og máttarstólpar færri“ (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

---

<sup>48</sup> Í reglugerð fyrir Þjóðleikhús kemur fram hinn listræni tilgangur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2009)

Markmið og tilgangur Íslensku óperunnar er svo að segja „*greipt í stein*“ í samþykktum félagsins og er listrænt svigrúm alfarið á hendi hvers óperustjóra fyrir sig, enda mótar hann starfsemina og áherslur, segir Steinunn Birna (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Þegar komið er að umræðu um markaðssetningu félaganna segir Steinunnar Birna (Íó) það vera á döfinni að breyta til og auka fjölbreytni sýninga. Óperan hefur að jafnaði verið með tvær stórar uppfærslur á ári, eina að hausti og aðra að vori, en nú stendur til að nýta húsnæðið betur, það er að nota minni rýmin meira, auka fræðslustarfið, nýta opin rými og leggja aukna áherslu á fræðslustarf. „*Mikilvægt að ná inn yngri kynslóðinni og börnunum og gera þau að aðdáendum lífsformsins*“. Stóru uppfærslurnar verða þó áfram ásamt hádegistónleikaröðum, en frítt hefur verið inn á þær, segir Steinunn. „*Hugsunin er að ná inn áhorfendum á öllum aldursstigum og færa listformið til fólksins*,“ segir Steinunn enn fremur (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Fyrir liggur í samráði við ráðuneytið að auka samstarf og samvinnu Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Steinunn segir einnig að markaðssetning Óperunnar hafi verið með óhefðbundnu sniði „en hún hefur staðið fyrir „pop up“-viðburði hér og þar“, til að mynda í Strætó, á Marína bar, farið á hjúkrunarheimilin, en að mestu verið innan höfuðborgarsvæðisins. Það kemur vel til greina, að sögn Steinunnar, að auka til muna samvinnu við menningarstofnanir úti á landsbyggðinni og svo hefur sú hugmynd komið fram að Óperan byrji að „*streyma*“ stórum sýningum út á land og tengja þannig landsfjórðungana saman. „*Þá myndi Óperan ná inn fleiri áhorfendum, auka tekjur sínar og tryggja jafnan aðgang allra í samfélaginu að óperusýningum*,“ segir Steinunn enn fremur. „*Íslenska óperan er með þvívíkt tækifæri til framtíðar í höndunum í þessu húsi*“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Samkvæmt Örnú Kristínu (SÍ) er nauðsynlegt fyrir stjórnendur félagsins að hafa góða tilfinningu fyrir markaðnum og vera í góðu samtali við erlendar umboðsskrifstofur. „*Mikil vinna felst í því að sækja heim erlenda listamenn*“, en Sinfónían fær í hverri viku erlenda listamenn til liðs við hljómsveitina. Sinfónían er að vinna að dagskrárgerð vegna starfsára 2017, 2018 og 2019. Hvað markaðssetningu viðkemur þá „*býr Sinfónían vel að því að hafa aðsetur í Hörpunni og vera með listform á alþjóðlegu tungumáli. Hinn mikli fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands skilar sér mikið inn í Hörpuna og hafa þeir einnig í miklum mæli sótt tónleika Sinfóníunnar*,“ segir Arna (Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild, 2016).

*„Listageirinn má tileinka sér og læra af íþróttahreyfingunni, sem dæmi. Það sem hún hefur gert er að búa til fjölskyldu úr samfélaginu kringum starfið sitt. Það eiga listastofnanir að gera líka. Ef hægt er að ná þessari samfélagslegu ábyrgð á ný er okkur miklu betur borgið. Hjartað þarf að slá í takt við menninguna – listalífið. Við viljum búa til samábyrgðarkennd fyrir velferð stofnunarinnar eins og þeir gera í íþróttunum“ (Steinunn Birna Ragnarsdóttir, 2016).*

Jón Páll (LA) segir að hin hagrænu áhrif menningar séu fyrst og fremst þau „að við búum ekki til peninga innan sviðslistarinnar“. „Það fjármagn sem Leikfélagið hefur til umráða er frá hinu opinbera eða í formi annarra styrkja ásamt tekjum af aðgöngumiðum“. Atvinnusköpun er vissulega til staðar, en „hin klassíska reiknivél gengur ekki innan menningar og lista með sama hætti og til að mynda innan sjávarútvegsins,“ segir Jón Páll. Því er nauðsynlegt að „skoða hið hagræna meira hlutlægt“. En hvað gerir samfélag að samfélagi, „við vitum að það sem gerir samfélag að því sem það er, er ekki bara fjármagnið“. Það þarf meira til og „er það verkefni okkar sem störfum innan menningargeirans,“ segir Jón Páll. „Okkar verkefni er að halda utan um stóru frásögnina [...] hver við erum, hvernig erum við og hvað finnst okkur um hlutina, það er stóra frásögnin,“ segir Jón Páll. [...] „Við höldum utan um hvert annað, speglum ekki eingöngu samfélagið heldur sköpum við eitthvað nýtt og nærandi fyrir sál og líkama“. Jón Páll segir það „skyldu okkar að færa gömul menningarverðmæti í þannig form að nýjar kynslóðir fái eignarhald og fái notið þeirra eins og fyrirrennarar okkar“. Það er einnig okkar hlutverk að varðveita íslenska tungu, að sögn Jóns Páls. „Ef ekkert er að gert þá getur vel verið að eftir 50-60 ár verði íslenska ekki til lengur“. Það er flestum ljóst að menningar- og listagenin eru líka í sjálfstæðisbaráttunni. Eitt af okkar stóru verkefnum er að vernda tungumálið, segir Jón Páll að lokum (Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild, 2016).

Leikfélag Reykjavíkur hefur nýverið unnið að nýrri stefnu Borgarleikhússins og er með henni lögð ríkari áhersla á íslenska leikritun, frumsköpun og erlenda leikstjóra. Árlega er haldinn vinnudagur þar sem sameinast skrifstofa, dramatúlkar, listrænir ráðgjafar og yfirstjórn hússins. Á þeim fundi er stefnan rýnd, liðið leikár metið og lagðar línur fyrir næsta leikár (Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild, 2016).

Starfsemi Íslenska dansflokksins er ekki enn bundin í lögum, aðeins í reglugerð, þó flokkurinn hafi verið höfuðstofnun ríkisins í listdansi í meira en 20 ár. Líkt og að framan greinir vinnur flokkurinn jöfnum höndum með alþjóðlegum þekktum danshöfundum sem og íslenskum og hefur flokkurinn lagt sig sérstaklega fram um að rækta yngri innlenda höfunda. Kom fram í



máli viðmælenda að þessi samþætting, að hafa á boðstólum verk alþjóðlegra, viðurkenndra höfunda sem og verk óþekktara en um margt spennandi íslenskra höfunda, hafi gert flokkinn eftirsóknarverðan á alþjóðlegum markaði og skapað honum sérstöðu hér á landi, sem alþjóðlegri viðurkenndri menningarstofnun. Tölur styðja þá skoðun, enda hefur flokkurinn sýnt verk sín í hartnær 100 borgum í þremur heimsálfum á undanförunum 20 árum (Íslenski dansflokkurinn, e.d.).

## Greining viðtala

Þegar rannsakandi leitaði svara við því hvort almenn ánægja væri með hin nýsamþykktu lög um opinbert fjármagn og hver aðkoma félaganna hefði verið að gerð hinna nýju laga kom fram að viðmælendur voru almennt ánægðir með hin nýju lög um opinber fjármál og töldu að markmiðin með þeim væru skynsamleg. Flest félögin höfðu kynnt sér lögina vel, en að eitthvað hefði skort á gögn og upplýsingar um með hvaða hætti félögunum væri ætlað að hefja undirbúning næsta árs. Viðmælendum þótti skortur á meira samtali við félögin varðandi aðdraganda og undirbúning laganna. Töldu þau öll að lögina muni auðvelda áætlanagerð félaganna fram í tímann og dragi upp skýrari mynd af fjárhagstöðu sem og fjárþörf félaganna til lengri tíma lítið. Einnig töldu þau að lögina veittu þeim betri yfirsýn og auðvelduðu alla skipulagningu og gerð fjárhagsáætlana. Leikfélag Akureyrar kom þó lítið að gerð hinna nýju laga, enda starfar það samkvæmt samningi við sveitarfélagið, ekki ríkið.

Ekki var viðmælendum alveg ljóst á þeim tíma sem viðtöl voru tekin hvernig ráðuneytið ætlaði að framfylgja lögnum ef til að mynda félögin stæðu sig ekki í rekstri.

Þegar rannsakandi spurði viðmælendur ráðuneytisins eftir því regluverki sem til staðar er og hvaða leiðir hið opinbera fari til að framfylgja því, töldu viðmælendur ráðuneytisins að mikill árangur hefði náðst milli aðila með árangursstjórnunarsamningunum og að lögina myndu leysa þá samninga af hólmi. Menningarsamningar muni þó áfram verða notaðir við fjárveitingar til menningar á landsbyggðinni og að rekstrarsamningar verði áfram gerðir við sjálfseignarstofnanir. Allir viðmælendur töldu mjög mikilvægt að sviðslistafrumvarpið næði fram að ganga enda sviðslistalögina orðin úrelt sem og árangursstjórnunarsamningar þeirra félaga sem þá nota.

Þegar spurt var hvort félögin settu sér fjárhagsleg markmið kom fram að flest félögin setja sér skýr fjárhagsleg markmið og voru aðhaldsaðgerðir settar fram í efnahagshruninu. Öll félögin

eiga við fjárhagsvanda að stríða og er rekstrarkostnaður hár hjá þeim öllum. Rekstur þeirra allra gengur út á að halda honum réttu megin við núllið.

Þegar spurt var um almenna rekstrarstöðu félaganna kom fram hjá öllum viðmælendum að stærstu útgjöld félaganna eru laun og launatengd gjöld. Öll félögin þurfa mjög að treysta á sjálfsaflafé, enda rekstrarstyrkir þeirra fyrst og fremst hugsaðir til að standa straum af starfsmannahaldi, yfirbyggingu og/eða húsaleigu. Öll félögin hafa fundið fyrir niðurskurði frá máttarstólpum og hefur þeim öllum reynst erfitt að fá inn nýja styrktaraðila aðra en hið opinbera eftir efnahagshrunið.

Öll félögin hafa þurft að grípa til aðhaldsaðgerða og niðurskurðar með einum eða öðrum hætti, sem hefur í flestum tilfellum komið niður á faglegu starfi og listrænni stefnu þeirra. Fram kom að bæði Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands nutu ákveðinnar sérstöðu þar sem ríkið einsetti sér að halda lífi í stóru ríkisstofnununum í efnahagshruninu. Þrátt fyrir það gengu bæði gegnum þrengingar eins og hin félögin. Stjórnvöld hafa þó reynt eftir fremsta megni að koma til móts við félögin þegar illa árar.

## Þáttur 5

### Niðurstöður og ályktanir

*„Listirnar hafa gildi vegna þeirrar upplifunar  
sem þær gefa okkur“<sup>49</sup>*

---

<sup>49</sup> Jensen 2003: 79

Í þessum kafla verður lagt mat á helstu niðurstöður og verður byggt á niðurstöðum viðtala sem kynntar voru í kaflanum hér að fram. Leitast verður við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var af stað með í upphafi rannsóknar. Greining á niðurstöðum er sett fram á sama hátt og þemaskipting í kaflanum hér að framan og út frá þeim fræðilegu kenningum sem til skoðunar eru í rannsókninni.

Lagt var upp með þrjár rannsóknarspurningar og eru þær eftirfarandi:

- Eru félögin mikilvæg menningarhagkerfi landsins?
- Stuðla félögin að auknum lífsgæðum?
- Skapa félögin menningarleg verðmæti fyrir samfélagið?

Ýmislegt kemur fram í viðtölunum sem rannsakandi taldi nauðsynlegt að draga saman og fara nánar yfir til að geta betur svarað rannsóknarspurningunum, en greining viðtala gefur góða mynd af því ástandi sem félögin standa frammi fyrir í dag. Rauði þráðurinn í viðtölunum voru hin nýju lög um opinbert fjármagn og fjárhagsstaða félaganna.

Fyrsta þemað leiddi rannsakanda að hlutverki ríkisins og stoðum menningar; lögum og reglugerðum, mælikvörðum ríkisins við úthlutun opinbers fjármagns til félaganna og þeim samningum og stefnum sem unnið er eftir. Þar er fjallað um lög um opinbert fjármagn, en þau voru rauði þráðurinn í umræðu viðmælenda, samfélagsleg ábyrgð stjórnvalda gagnvart menningu og listum og þær aðhaldsaðgerðir sem gripið er til þegar þrengir að. Annar þemað fjallar um menningarhagfræðina eða það menningarhagkerfi sem við búum við; stöðu, þróun, rekstur og fjármögnun félaganna. Þriðja þemað tekur á samfélagslegum þáttum; menningarlegum verðmætum í samfélaginu, virði menningar.

Allir þessir þættir eru hluti af fræðilegri nálgun rannsóknar og verða skilgreiningar Dr. Ágústs Einarssonar, David Throsby, Peter Duelund og Chartrand um menningu, hlutverk ríkisins, menningarhagfræði og virði menningar dregnar saman í niðurstöðum rannsakanda.

*„Menning er allt sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í  
baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar“<sup>50</sup>*

## Menning

Menningu og listum verður tæplega viðhaldið hér á landi nema með beinum stuðningi hins opinbera. Umfang aðkomu hins opinbera er eitt helsta hugðarefni allra viðmælenda rannsóknarinnar. Hlutverk ríkisins á sviði lista og menningarmála hér á landi er skýrt eins og fram hefur komið hér að ofan og annast það hvort um sig beinan rekstur félaganna samanber rekstur Þjóðleikhúss, Íslenska dansflokksins og Sinfóníunnar, eða kemur með óbeinum hætti að málum með ríkisstyrkjum samanber Íslensku óperuna og Leikfélag Reykjavíkur, en ríkið hefur einungis styrkt LR með viðbótarframlögum til að rétta af bága rekstrarstöðu þess og Reykjavíkurborg verið aðal stuðningsaðili þess. Ríkið kemur einnig að rekstri sjóða sem styðja við menningarstarfsemi, samanber rekstur Leikfélags Akureyrar.

Var það mat viðmælenda að menningarneysla og lífsstíll landsmanna, fyrir efnahagshrunið, hafi verið með þeim hætti að fólk fór meira úr landi og sótti meðal annars menningu og listir erlendis. Hins vegar var það svo á fyrstu árum eftir hrun, að þá snarbreyttist menningarneysla fólks. Sást það vel í aukinni aðsókn að listum og menningu hér heima, en einnig í viðhorfum gagnvart listastofnunum. Fólk leit til þeirra sem skjól, til að gleyma stund og stað.

Fram kom hjá viðmælendum að útrás íslenskra sviðslista og sinfónískrar tónlistar var með öðru sniði fyrir hrun, en þá voru margar af stærstu fjármálastofnunum landsins helstu máttarstólpar þeirra, sem veittu félögunum aukið svigrúm til ferðalaga og landkynningar erlendis.

Að sögn viðmælenda og í opinberum tölum má sjá að heimsóknir erlendra ferðamanna, bæði í Hörpuna og Menningarhúsið Hof á Akureyri, hafa stóruaukist ár frá ári. Hafa þau félög sem reka starfsemi sína í þeim húsum fundið fyrir þessari aukningu, ekki einungis í heimsóknum í húsið heldur einnig í auknu áhorfi hvort sem er á svið sviðslistanna eða innan sinfóníunnar.

---

<sup>50</sup>Páll Skúlason, 1994:11.

## Hlutverk ríkisins

### Lög um opinbert fjármagn

Flestir viðmælendur telja að hin nýju lög um opinbert fjármagn muni skapa skýrari grunn fyrir félögin að starfa eftir og veita þeim tækifæri til að gera rekstrarlegar áætlanir lengra fram í tímann en til eins árs. Framkvæmd og innleiðing hinna nýju laga var hins vegar að sögn viðmælenda ábótavant. Með innleiðingu nýrra laga og reglugerða þarf að taka mið af starfsemi félaganna, og mikilvægi þess að forstöðumenn þeirra séu með í umræðunni eru forsenda þess að þær geti þróast og dafnað í íslenskum jarðvegi. Eins og áður hefur komið fram voru lög um opinber fjármál<sup>51</sup> mörg ár í undirbúningi á Alþingi og spannaði tíð tveggja ríkisstjórna áður en þau voru samþykkt í lok árs 2015. Að sögn núverandi forsætisráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar (2016), hafa lög in í för með sér miklar breytingar á efnahagsumgjörðinni, til dæmis með samhæfingu á milli fjármála ríkis og sveitarfélaga. Telur Sigurður Ingi að lög in muni koma til með að hafa jákvæð áhrif á hagstjórnina auk aga og annarra breytinga, svo sem eins og hið nýja vinnumarkaðslíkan sem unnið er að norrænni fyrirmynd og stofnun þjóðhagsráðs (Sigurður Ingi Jóhannsson, 2016).

Í lögnum er [...] „sérstök áhersla lögð á langtímahugsun, stöðugleika, aga við framkvæmd fjárlaga og bætt reikningskil“.

*„Hlutverk ríkisins, að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana á sviði menningarmála, snýr einkum að því að tryggja grunninn að því starfi sem félög og stofnanir eiga frumkvæði að og tryggja frelsi þeirra til athafna og að þau fái notið sín sem best“ (Sigurður Ingi Jóhannsson, 2016).*

Einnig er kveðið á um að leggja skuli fram fjármálaáætlun til fimm ára á vori hverju og fjármálastefnu í upphafi hvers kjörtímabils. Fjármálaáætlunin kemur þar af leiðandi árlega, uppfærð á hverju ári, til næstu fimm ára. Í áætluninni eru mörg nýmæli, til að mynda er rekstri ríkissjóðs skipt upp í 34 málefnasvið og stefna og áherslur á hverju einstaka málefnasviði eru síðan lagðar fram (Sigurður Ingi Jóhannsson, 2016).

Fjármálaáætlunin gefur færi á því að sjá stefnumörkun í efnahagsmálum á einstökum málefnasviðum, tekjur, útgjöld á einstökum sviðum, afkomu og skuldir. Sú fjármálaáætlun sem við erum að fjalla um hefur verið í smíðum frá því fyrir síðustu áramót. Sigurður segir að öll

---

<sup>51</sup> Lög um opinber fjármál nr. 123 sem samþykkt voru á Alþingi þann 28. desember 2015.

ráðuneytin hafi komið að þeirri vinnu sem og Samband íslenskra sveitarfélaga og bæði ráðherranefnd um ríkisfjármál og ríkisstjórn hafa tekið þátt í gerð áætlunarinnar og samþykkt hana (Sigurður Ingi Jóhannsson, 2016).

Ákvarðanir hins opinbera á hverjum tíma, sér í lagi á tíma efnahagsþrenginga í kjölfar hrunsins, reyndust flestum þeim félögum sem hér voru til skoðunar þungar í skauti. Dreigið var úr fjármagni til þeirra á sama tíma og grípa þurfti til uppsagna starfsfólks hjá einhverjum þeirra, sem gerði rekstargrundvöll félaganna veikan. Það skal þó tekið fram að það var markmið ríkisstjórnar á tímum efnahagshrunsins að gæta að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en það sama var ekki að sjá og skilja við rannsókn þessa hvað varðar aðra stærstu ríkisreknu stofnunina, Þjóðleikhúsið. Fram kom hjá Þjóðleikhússtjóra að þar á bæ þurfti meðal annars að grípa til uppsagna starfsfólks sem leiddi til þess að þeir starfsmenn sem eftir voru unnu meira fyrir minni laun. Önnur félög þurftu einnig að grípa til slíkra ráðstafana og má þar nefna Borgarleikhúsið sem samþykkti með Reykjavíkurborg að ganga saman inn í samdrátt í hruninu. Varð það til þess að þeir starfsmenn sem þar unnu lögðu á sig þrefalda vinnu á við venjulegt árferði og hefur sú ráðstöfun ekki enn gengið til baka.

Helsta ógnin sem steðjar að félögunum er samdráttur í miðasölu, því öll félögin treysta mjög á þá tekjulind þar sem opinbert rekstrarfé þeirra dugar næstum einungis fyrir föstum kostnaði félaganna. Í því samhengi munu verkefnaval og listræn markmið þessara félaga skipta miklu máli á næstu misserum. Möguleikar félaganna á auknum sparnaði felst fyrst og fremst í að fækka starfsfólki og draga saman seglin eins og hægt er. Stærri félögin gætu mögulega fækkað leiksviðum þar sem það á við eða fækkað uppfærslum leikverka eða leita leiða til að finna ódýrari lausnir við uppsetningu þeirra. Hættan er alltaf sú að með slíkum aðgerðum muni félögin ekki ná að uppfylla kröfur samkvæmt samningum, lögum og reglugerðum og þarf þá hið opinbera að stíga inn með endurskoðun laga og reglugerða sem þau starfa eftir. Sömuleiðis er ávallt sú hættu fyrir hendi að félögin missi stuðning og áhuga áhorfenda

Ákvarðanir um niðurskurð og breytingar á kjarasamningum geta í einni svipan haft gríðarleg áhrif á rekstrargrundvöll þessara félaga. Ákvarðanir ríkisstjórna um að draga úr styrkjum sínum til menningarstarfsemi hafa haft mikil áhrif, enda ekki hægt að ætlast til þess að félög sem þessi, sem treysta verulega á opinbert fjármagn, standi undir föstum kostnaði rekstursins milli ára, séu slíkar ákvarðanir teknar fyrirvaralaust. Ekkert fyrirtæki getur gert áætlanir fram í tímann meðan slík óvissa vofir yfir. Félög sem treysta á sjálfaflafé, sem byggir á áhuga og aðsókn almennings, mega ekki við miklu þegar framlög hins opinbera eru minnkuð.

## Menningarhagfræði

Eins og Throsby hefur bent á, er menningarlegu fjármagni ætlað að efla menningar- og efnahagsleg gildi, meðan venjulegt fjármagn veitir aðeins efnahagslegt gildi þar sem almenna skilgreiningin á „fjármagni“ er virði fjárfestingar.

Það fjárhagslega umhverfi sem félögin starfa innan er fremur óstöðugt að mati viðmælenda og fjárhagslegur styrkur þeirra háður mörgum breytum eins og fram hefur komið. Viðmælendur segja til að mynda að breytingar á kjarasamningum geti í einni svipan haft gríðarleg áhrif á rekstrargrundvöll allra þessara félaga sem og erfitt árferði og vinsældir listviðburða. Með stöðugri vinnu og auknu samráði og samvinnu félaganna og hins opinbera við að finna lausn og leiðir að hagkvæmustu fjármögnunarleiðinni gæti það skilað sér í rekstrarlegum ávinningi. Hvort heldur sé með breytingu á því styrkjafyrirkomulagi sem unnið er eftir í dag eða með nýjum leiðum. Mikilvægt er að félögunum verði skapaður stöðugri grundvöllur til að sinna lagalegum skyldum sínum um leið og stuðlað verður að þeirri listrænu sköpun sem þeim er ætlað samkvæmt lögum og með fyrirliggjandi samningum. Viðmælendur rannsóknarinnar voru flestir sammála um að aukið fé gæfi félögunum aukið svigrúm til athafna, bæði í verkefnavali og fjölgun sýninga.

Meginvandi félaganna allra felst í tekjuöflun á eigin forsendum, án þess þó að fara gegn lagalegum skyldum sem listastofnanir í þágu almennings í landinu hafa. Að mati flestra viðmælenda er ekki á vísan að róa með styrktaraðila í dag. Máttarstólpar samfélagsins eru sjálfir enn í sárum og að ná sér eftir efnahagshrunið, jafnvel öllum þessum árum síðar, og þarf að komast á efnahagslegt jafnvægi á ný í samfélaginu til að hægt verði að treysta á jafn sterka fjárhagslega máttarstólpa og hér var að finna fyrir hrun. Samfélagslegir þættir hafa margvísleg áhrif á grundvöll félaganna. Líkt og í öðrum rekstri skiptir stöðuleiki í efnahagslífi máli fyrir félögin, en í þrengingum hefur það sýnt sig að samfélagslegt gildi félaganna getur aukist í huga almennings.

Eins og Dr. Ágúst Einarsson hefur bent á og fjallað er um í þessari rannsókn er grundvöllur umræðu um opinberar fjárveitingar skilningur, reynsla og þekking fólksins í landinu sem og hins opinbera. Ágúst bendir einnig á að vel sé hægt að færa fyrir því rök hvernig stjórnvöld eiga að styðja við þau félög sem hér um ræðir á hagrænan hátt. En hann skiptir röksemdum sínum upp í sjö flokka (Ágúst Einarsson, 2012). Ef fyrsti flokkurinn, hagfræði, er skoðaður og umræðunni varpað á þau félög sem hér eru til skoðunar, má sjá að ytri áhrif og hlutfallslegir yfirburðir ákveðinna félaga eru misjafnir. Tölur sýna til að mynda þó nokkra yfirburði



Leikfélags Reykjavíkur þegar kemur að aðsókn í samanburði við Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem, ólíkt Leikfélagi Reykjavíkur, njóta töluverðra yfirburða í fjárhagslegum stuðningi hins opinbera. Ekkert bendir til þess að slíkir yfirburðir skapi þessum félögum jöfnuð þegar kemur að útteilingu opinbers fjármagns.

## Menningarstefnur

Eins og rætt var í fræðilega hluta rannsóknarinnar hefur komið fram að leiðarljós stjórnvalda í málefnum menningar og lista er skýrt í hinni nýju menningarstefnu ríkisins, en þar segir meðal annars að „*Íslensk stjórnvöld líti á það sem hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs*“. Sömu leiðis er það samdóma álit nær allra viðmælenda að verulega skorti fjármagn frá hinu opinbera til að rekstur félaganna geti blómstrað og að frelsi þeirri til athafna og listrænnar sköpunar geti notið sín sem og að þau uppfylli þær rekstrarlegu kröfur sem gerðar eru til þeirra, en fram hefur komið hjá félögum að þeim hefur reynst erfitt að framfylgja þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í samningum og lögum.

Peter Duelund heldur því meðal annars fram að menningarstefnur séu þær stefnur ríkis og sveitarfélaga sem leggja línurnar um hvernig listir og menning eru fjármagnaðar á tilteknum tíma og í tilteknu samfélagi. Menningarstefnur þeirra fjalli einkum um hvernig ólíkir hagsmunaaðilar í samfélaginu, annars vegar þegnarnir og á hin bóginn einstaklingar í menningargeiranum, takast á um og endurspeglar menningu og listir. Þá hagsmunaaðila skilgreinir Duelund til dæmis sem hinn frjálsa markað, listamenn, hvers kyns menningarstofnanir og neytendur menningar. Framleiðendur úr öllum starfsstéttum, einkafyrirtæki og hið opinbera og svo framvegis (Duelund, 2013:13-15).

## Virði menningar

### Eru félögin mikilvæg menningarhagkerfi landsins ?

Ljóst má vera að félög sem rekin eru fyrir opinbert fé eru í eðli sínu í eigu allra landsmanna og fyrir alla þegna landsins. Rannsókn þessi bendir til þess að ef ekki hefði notið við þeirrar aukningar í aðsókn sem raun ber vitni eftir efnahagshrunið, hefði rekstrarumhverfi margra þessara félaga getað veikst verulega. Einnig hefur eftirfarandi spurning margoft komið upp í huga rannsakanda við skrif ritgerðarinnar; „*Hefðu þessi félög ekki verið til staðar í hruninu,*

*hvert hefði þjóðin þá leitað að innri næringu, andlegri næringu?*“ Það sýnir sig best þegar þrengir að, hversu mikilvægt það er lítilli þjóð að eiga svona öfluga menningarstarfsemi.

Óhætt er að segja að „oft kemur frægðin að utan“. Fyrir um 20 árum hefði einhverjum einstaklingum ekki látið sér detta það í hug að leikhús gæti orðið söluvara til útlanda. Nú má vel túlka það svo að íslenskt leikhús nýtur trausts, þar sem alþjóðlegir höfundarrétthafar heimila nýjar og breyttar uppfærslur leikverka þeirra, en í því samhengi má nefna söngleikinn Mamma Mía, sem nú er sýndur við mikinn fögnuð á fjöllum Borgarleikhússins. Faglegt starf, gæði innra starfs og hróður íslenskra sviðslista og sinfónískrar tónlistar hefur borist víða (Sinfóníuhljómsveit Íslands, e.d.). Um það vitnar meðal annars erlendur áhugi á starfi Íslenska dansflokksins, fjöldi sýningarferða og erlend gagnrýni sem og umfjöllun um Sinfóníuhljómsveit Íslands, geta hennar til að fá heimsþekkta hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjórstjóra til liðs við sig, tónleikaferðir og hljóðritanir.

Fyrir efnahagshrunið var algilt að fyrirtæki á Íslandi reiknuðu sér viðskiptavild, en þar sem viðskiptavild er hluti af óefnislegum eignum fyrirtækja má vel líkja virði menningar og lista saman við það, þar sem verið er að reikna eitthvað andlegt fremur en efnahagslegt. Áhugi almennings, jafnt íslenskra sem erlendra áhorfenda, hlýtur að vera einn sterkasti vitnisburður um menningarleg verðmæti félaganna. Fjórðungur landsmanna sækir árlega sinfóníska tónleika eins og tölur sýna í þessari rannsókn (sjá töflu 6, bls 28). Sé aðsókn að verkefnum félaganna einvörðungu skoðuð er hægt að fullyrða að þjóðin metur þau menningarlegu verðmæti sem félögin færa henni. Félögin skapa fjölda listamanna og öðru fagfólki atvinnu á hverju ári og eru því gríðarlega mikilvægur hlekkur í listrænni atvinnusköpun í landinu. Að ofangreindu verður talið að félögin séu mikilvæg menningarhagkerfi landsins og eru þá ótalin þau afleiddu áhrif sem félögin kunna að hafa. Þau eru hluti af upplifunarhagkerfi landins og mikilvæg fyrir til dæmis, ferða- og veitingaþjónustu. Frekari umfjöllun um þau afleiddu áhrif er efni aðra rannsókna.

## Stuðla félögin að auknum lífsgæðum ?

Ekki er vinnandi vegur að giska á, „í hinum hlutlæga skilningi orðsins“, menningarlegt virði Þjóðleikhússins eða Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hvað þá öll hin félögin ef því er að skipta, en virði þeirra þarf ekki að vera minna fyrir því. Það er hugsanlegt, jafnvel líklegt, að fjöldi menntafólks hefði aldrei snúið aftur heim frá námi í útlöndum væri ekkert þjóðleikhús í landinu, engin sinfóníuhljómsveit og engin ópera. Þá væri þjóðarbragurinn annar en hann er nú, lífskjörin áreiðanlega lakari og menningarleg hagsæld minni.

Lífsgæði felast í hinni andlegu líðan samfélagsins. Gildi þess að gera líf fólks ánægjulegra og innihaldsríkara. Samkvæmt rannsóknum Efnahags- og þróunarstofnunar Evrópu frá árinu 2015 er Ísland í 2. sæti í heiminum þegar kemur að því að meta lífsgæði almennings („OECD Better Life Index“, e.d.).

Erfitt er að setja mælistiku á hver nákvæmlega hlutdeild menningar og lista er í því lífsgæðamati, en sé árangur félaganna sex skoðaður frá efnahagshruninu 2008 er ljóst að þau hafa haldið velli hvað varðar fjölda gesta og þeim hefur tekist að bjóða upp á stöðugt og fjölbreytt úrval verkefna, þrátt fyrir niðurskurð. Eflaust hjálpar að landsmenn fóru að endurskoða gildi sín og venjur og litu inn á við í stað þess að draga fyrir og loka sig af. Þeir fóru að sækja menningarviðburði í meira mæli hér heima. Fólkið í landinu leitaði meðal annars í listræna og menningarlega upplifun til að ná sér eftir „andlegt hrún“.

### Skapa félögin menningarleg verðmæti fyrir samfélagið ?

Virði lista verður ekki metið til fjár. Menningarleg verðmæti sviðslista og sinfónískrar tónlistar á Íslandi verða ekki talin í krónum og aurum. Verðmætin sem skapast eru flest óápreifanleg. Gestir félaganna sækja gleðistundir, andlega næringu, upplifun og útrás fyrir tilfinningar. Í leikhúsinu og tónleikasalnum geta einstaklingar á öllum aldri öðlast nýjan skilning á sjálfum sér og samfélagi sínu. Og saman eflum við menningarlega samkennd og jákvæða ímynd gagnvart þeim óápreifanlegu sálrænu hughrifum, meðvitund og gleði sem listirnar gefa. Njóti félög líkt og þau sex sem hér hafa verið til umræðu ekki stuðnings, myndi hægt en bítandi kvarnast undan þeirri þekkingu og reynslu sem verður til með hverju listrænu verkefni sem þau taka sér fyrir hendur. Íslendingar hafa getað státað sig af að vera „þjóð meðal þjóða“ í menningarlegu og listrænu tilliti og verður það orðspor og virði seint metið til fjár.

Það er alveg ljóst að ef við hefðum gjaldmiðil á bak við menninguna og mældum hvern listviðburð út frá honum þá myndu gagnrýnendur opinberra styrkja til handa menningargeiranum kannski sjá með ápreifanlegum hætti hvert hið eiginlega virði er. Metnaður og elja þeirra sem starfa á þessum vettvangi er mikil og margir hverjir vinna óeigingjarnt starf í þágu félaga sinna, jafnvel í sjálfböðavinnu þar sem vinnustundir verða löngum fleiri en greitt er fyrir. Lausráðnir starfsmenn félaganna hlaupa á hundruðum og ætla má að með auknu fjármagni og aukinni starfsemi innan sviðslista og sinfónískrar tónlistar mætti fjölga þeim störfum enn frekar og stuðla þannig að atvinnusköpun innan geirans. Segir það meira en mörg orð um þá hagsæld sem þessi félög færa okkar litlu þjóð sem og mikilvægi þeirra í hagkerfi landsins.

# Samantekt ályktana

## Hagfræði

Eins og Ágúst Einarsson nefnir hér að ofan er hægt að færa ýmis rök fyrir því að það felist hagkvæmni í að hið opinbera styrki og styðji við menningu og listir. Helstu rökin eru þau jákvæðu ytri áhrif, það er áhrifin á þriðja aðila sem skapast af samstarfi og samvinnu hins opinbera og félaganna. Nefnir Ágúst þar til sögunnar verðleikavöru eða verðleikagæði, sem túlkast sem gæði hins opinbera til að gefa einstaklingnum eða hvetja hann til menningarneyslu vegna þess að hún er talin æskileg, enda hefur komið fram í rannsókn þessari og hjá viðmælendum að menning og menningarleg umsvif auðga samfélag okkar.

Rannsóknin hefur sýnt fram á hlutfallslega yfirburði ákveðinna félaga og er það áberandi að þau sömu félög njóta ekki sambærilegra styrkja frá hinu opinbera. Hlutfallslegir yfirburðir ráða vissulega miklu um hvar menningin er framleidd, en rannsókn þessi sýnir að tvö félög sem starfa í sama atvinnugeiranum í sömu borg þurfa ekki endilega að njóta sömu hylli almennings eins og ætla mætti. Ræður þar mikið til efnisval og listræn hugsun.

## Menning

Ætla má að verðmæti séu fólgin í menningu sérhvers lands og aðgengi allra að menningu og listum. Stefna hins opinbera fjallar einmitt um að tryggja slíkan jöfnuð almennings, óháð búsetu og efnahag. Varðveisla menningar er verkefni sem stjórnvöldum bera að huga að, því mikill menningararfur liggur í þeim sex félögum sem hér eru til skoðunar og verður sá arfur ekki endilega metinn í peningum.

Stærstur hluti tekna félaganna fæst með opinberum framlögum, en framleiðsla þeirra felur í sér töluverðan fastan kostnað. Hagkvæm verðlagning verður oft ekki framkvæmanleg nema með stuðningi hins opinbera, en slíkt getur þó mismunað fólki þegar hin rótgrónu félög hafa í raun forgang að fjármagninu. Getur það reynst sjálfseignarstofnunum og minni aðilum þungt í skauti og gert þeim erfitt fyrir þegar þrengir að eins og fram hefur komið hjá flestum þeirra félaga sem hér eru til skoðunar.

Fram hefur komið að skort hefur sýnileika þeirra mælitækja sem hið opinbera notar við útdelingu fjármagns til menningar og lista, þó svo að ætla megi að stefnur, samningar og lög eigi að vera þau stjórnþæki sem ríkið notar. Það er þó ekki skýrt hver styrkjastefna hins opinbera

er í raun og veru og því nauðsynlegt að hún verði dregin fram í dagsljósið og að fram fari stöðugt endurmat.

## Atvinna

Innan félaganna starfar fjöldi einstaklinga og hafa þeir umtalsverð áhrif á atvinnusköpun í landinu. Erlendir aðilar eru í ríkum mæli í nánu samstarfi við félögin og má í því samhengi nefna bæði dansflokkinn og sínfóníuna. Bent hefur verið á í rannsókn þessari að menningarsamningarnir hafi orðið til þess að stuðla að fjölgun nýrra starfa á landsbyggðinni. Sömuleiðis hafa rannsóknir sýnt að fastlega megi gera má ráð fyrir að það opinbera fjármagn sem lagt er til menningarmála og tengist menningarmálum og menningartengdri ferðaþjónustu hafi almennt jákvæð áhrif á fjölgun starfa og styrkingu hagkerfisins utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Flest félaganna hér leggja ríka áherslu á ferðaþjónustu og sjá þar gríðarlegt tækifæri til vaxtar.

## Opinber fjármál

Vel hafði tekist með landkynningu og uppbyggingu alþjóðlegrar ímyndar landsins á árunum fyrir hrun. Ekki var það einvörðungu máttarstólpum félaganna að þakka að svo vel tókst til, heldur einnig staða íslensku krónunnar á þeim árum. Fram kom í rannsókninni að landkynning hafi verið stór hluti af starfi Sínfóníuhljómsveitar Íslands og Íslenska dansflokksins á þeim tíma, en frá efnahagshruninu hafi fjármagn verið af skornum skammti og þurftu bæði félögin að draga saman þar, enda máttarstólpar félaganna horfnir á braut á sama tíma og hið opinbera hóf niðurskurð og aðhaldsaðgerðir. Menningarlífið hefur víðtæk afleidd áhrif í efnahagslegu tilliti og má þar meðal annars nefna innan ferðaþjónustunnar, enda er þess sérstaklega getið í menningarsamningum hins opinbera að stuðla eigi að nýsköpun og menningartengdri ferðaþjónustu og hafa rannsóknir sýnt fram á að árangur hafi náðst í þeim efnum hér á landi.

## Lokaorð

*„Hjartað þarf að slá í takt við menninguna – listalífið.  
Við viljum búa til samábyrgðarkennd fyrir velferð stofnunarinnar eins  
og þeir gera í íþróttunum“<sup>52</sup>*

---

<sup>52</sup> Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild, 2016.

Menning er ein af meginstoðum þess samfélags sem við viljum byggja. Menningarlegt virði lýsir sér í viðhorfi fólks til sjálfs sín og umhverfisins og er það mismunandi hvað veitir einstaklingnum lífsfyllingu og hugarró.

Á erfiðum tímum eins og við efnahagshrun heillar þjóðar er hættan sú að yfirvaldið ráðist strax í niðurskurð til menningar og lista, enda ekki sjálfgefið að menningargeirinn sé talinn einn af grunnstoðum samfélagsins. Flestir þeir sem halda á buddunni leggja fyrst áherslu á grunnþarfirnar, mat og húsaskjól. Hins vegar hefur það sýnt sig frá því hruni sem hér varð árið 2008 að gildi lista í huga og hjarta þjóðarinnar er ríkt og líklegt að það hafi ráðið miklu um að niðurskurður menningarframlaga, þar með talið til þeirra sex félaga sem hér um ræðir, varð ekki meiri, en raun ber vitni. Nú þegar betur árar í efnahag þjóðarinnar er brýnt að skoða frekar hlutverk og framlög til félaganna sex.

Það er staðreynd að meginvandi félaganna felst í tekjuöflun, hver svo sem rót þess vanda kann að vera. Niðurstaðan er, að samkvæmt samningum, lögum og reglum eiga félögin að uppfylla ákveðnar skyldur, en geta það ekki að eigin sögn, sökum fjárskorts. Má þá fyrst álykta sem svo að fjármögnunaraðilinn, hið opinbera, sé með óhóflegar kröfur til félaganna sem nauðsynlegt er að endurskoða. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu engan veginn nógu útsjónarsöm að afla sér tekna umfram fasta, opinbera styrki. Fram kom að einkaaðilar sem áður komu að fjármögnun menningar, eru sjálfir enn í sárnum og að ná sér eftir efnahagshrunið, jafnvel öllum þessum árum síðar og ekki ljóst hvort hægt verði að treysta á þátttöku þeirra í fjármögnun menningar til framtíðar. Helstu ógnir sem að félögunum steðja eru samdráttur í miðasölu, því öll félögin treysta mjög á þá tekjulind þar sem opinbert rekstrarfé þeirra dekkar að mestu fastan kostnað. Í því samhengi munu verkefnaval og listræn markmið þessara félaga skipta miklu máli. Möguleikar félaganna á auknum sparnaði felst fyrst og fremst í að fækka starfsfólki og draga saman seglin eins og hægt er. Stærri félögin gætu mögulega fækkað leiksviðum þar sem það á við eða fækkað uppfærslum leikverka eða leitað leiða til að finna ódýrari lausnir við uppsetningu þeirra.

Einnig mætti segja að hið opinbera verði að draga úr kröfum og endurskoða þau ákvæði sem standa í samningum um skyldur félaganna. Spyrja má einnig hvort aðsókn almennings eigi að gilda sem mælikvarði. Á það félag eða aðili sem fær meiri aðsókn að njóta þess með auknum opinberum framlögum? Hvaða aðrir mælikvarðar ættu að gilda? Listrænn árangur, umfjöllun, alþjóðlegur hróður, verðlaun?

Ekki virðast vera til neinar úthlutunarreglur ríkisins til félaganna. Höfundur leitaðist við að fá skýringar á hvað lægi til grundvallar þegar ákveðin er fjárhæð í málaflokkinn eða til félags í fjárlögum. Ekki reyndist mögulegt að komast yfir þær upplýsingar. Mikilvægt er að almenningur geti treyst því og haft vissu fyrir að sanngirni sé gætt varðandi úthlutun fjármagns úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Einnig hefði verið áhugavert að velta upp hvaða úthlutunarmælikvarðar myndu teljast sanngjarnir og hvers sé að meta þann mælikvarða.

*“Art enables us to find ourselves and lose ourselves at the same time”<sup>53</sup>“*

Það deila fáir um gildi og mikilvægi þess fyrir samfélagið að hafa blómlegt listalíf og hafa félögin mikið samfélagslegt gildi. Eins og áður hefur komið fram eru það ekki bara hin augljósu ytri áhrif eins og atvinnusköpun, heldur eru það innri áhrifin sem eru sennilega samfélagslega mikilvægari, áhrif menningar á sköpunarkraft og lífshamingju einstaklinganna og þegna landsins. Það eru áhrifin sem erfitt er að mæla og eru gjarnan vanmetin og þá sérstaklega af þeim sem um budduna halda. Hin raunverulegu verðmæti sérhvers samfélags eru ekki fólgin í veraldlegum auði, heldur er það mannaðurinn sem samfélagið myndar og menningin sem mannaðurinn skapar, sem eru hin raunverulegu verðmæti. Það er sama hvar borið er niður í samfélagi manna hér á jörðinni, alls staðar fyrirfinnst menning í mismunandi formi, oft sjálfsprottin án utanaðkomandi aðstoðar. Í borgarsamfélögum hins vestræna heims, sem einkennast af hraða og spennu, er menning oftast studd af stjórnvöldum.

*“It would be possible to describe everything scientifically, but it would make no sense; it would be without meaning, as if you described a Beethoven symphony as a variation of wave pressure”<sup>54</sup>”*

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna ágætlega að stærsti hlutur tekna þeirra félaga sem eru til umfjöllunar koma frá hinu opinbera. Það kemur í ljós í rannsókninni að stærri félögin njóta forgangs þegar kreppir að og skorið er niður í málaflokknum og úthlutunarreglur eru ekki aðgengilegar. Það er mjög mikilvægt fyrir hið opinbera að hafa mælikvarða aðgengilega fyrir þegnana og að þeir séu samræmdir og sanngjarnir. Reglurnar mega ekki vera huglægt mat eða geðþóttaákvörðun. Það vakti furðu rannsakanda að ríkisvaldið hafi dregið úr opinberum fjárframlögum til félaganna eftir hrun í ljósi þess að eftirspurn og þörf fyrir hverskonar menningu stór jókst. Listamenn þjóðarinnar voru mörgum skjól og veittu hugarró á meðan aðrir fengu útrás fyrir réttláta reiði. Eins og fram kom hér að ofan virðast fjárhagslegar afleiður

---

<sup>53</sup> (Thomas Merton, e.d.)

<sup>54</sup> (Albert Einstein, e.d.)



gleymast líka. Mikill uppgangur í ferðaþjónustunni útheimtir aukið framboð af afþreyingu og hverskonar menningu. Það væri tilefni til frekari rannsóknar að skoða tengsl og áhrif menningar á ferðaþjónustu á Íslandi.

Það er von höfundar að þessi ritgerð hafi verið upplýsandi og áhugaverð fyrir lesandann og lestur hennar hafi gefið innsýn í stöðu þessara sex lykilmála í listum Íslandi.

# Viðaukar

## Viðtalsspurningar fyrir sérfræðinga hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Rætt var við þrjá sérfræðinga á skrifstofu menningarmála hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, þær Karítas H. Gunnarsdóttur, skrifstofustjóra, Auði B. Árnadóttur, deildarstjóra skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar, og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur, deildarstjóra, og spurningarnar sem hafðar voru til hliðar í samtalinu við þær stöllum var eftirfarandi:

1. Hvernig hefur dreifingu fjármagns til félaganna verið háttað ?
2. Hver eru helstu stoðkerfi félaganna ?
3. Hvernig er staðið að menningar-, þjónustu- og árangursstjórnunarsamningum?
4. Hvernig var staðið að gerð hinna nýju laga um opinber fjármál?
5. Hver var aðkoma félaganna að gerð hinna nýju laga ?
6. Hver er aðkoma stofnananna að gerð laga og reglugerða hins opinbera ?
7. Hver er aðkoma stofnananna að gerð fjárlagafrumvarpa ?
8. Hverjar eru afleiðingar niðurskurðarákvarðana fyrir stofnanirnar ?

## Viðtalsspurningar fyrir stjórnendur félaganna sex

Rannsakandi átti samtalið við stjórnendur sex lykilstofnana á sviði sviðslista og sinfónískrar tónlistar og spurningarnar sem hafðar voru til hliðar í samtalinu við þá voru eftirfarandi:

1. Eruð þið sátt við hin nýju lög um opinbert fjármagn?
2. Hvernig er samstarfi og samvinna við hið opinbera háttað?
3. Hvernig framfylgir hið opinbera því regluverki sem þegar er til staðar?
4. Hverjar voru afleiðingar niðurskurðarákvarðana fyrir félagið?
5. Hver er stærsti rekstrarliðurinn hjá félaginu?
6. Ber félaginu skv. lögum eða samningum að setja sér fjárhagsleg langtímamarkmið?
7. Mun það breytast með nýjum lögum um opinbert fjármagn?
8. Hverjir eru helstu styrktaraðilar félagsins aðrir en hið opinbera?
9. Hversu háð sjálfsaflafé er félagið?
10. Hvernig er samstarfi við aðrar menningarstofnanir háttað?
11. Var félagið með árangursstjórnunarsamning við ríki eða borg?
12. Kom félagið að gerð fjárlagafrumvarpa?
13. Hver er hinn listræni tilgangur félagsins?
14. Hvernig er staðið að markaðssetningu félagsins?

# Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (2016). Menningarsamningur endurnýjaður. Sótt 27. nóvember 2016, af <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/frettir/menningarsamningur-endurnyjadur>
- Akureyri. (e.d.-a). Akureyrarbær, Fjárhagsáætlanir. Sótt 18. júní 2016, af <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/ymsar-fjarmalaupplysingar/fjarhagsaaetlanir>
- Akureyri. (e.d.-b). Ársskýrslur Akureyrarbæjar. Sótt 9. desember 2016, af <http://www.akureyri.is/is/moya/page/arsskyrslur>
- Albert Einstein. (e.d.). Albert Einstein, Quotes. Sótt 29. janúar 2017, af <http://www.goodreads.com/quotes/4120-it-would-be-possible-to-describe-everything-scientifically-but-it>
- Alþingi. (1982). Lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands nr. 36/1982. Sótt 1. apríl 2016, af <http://www.althingi.is/lagas/145a/1982036.html>
- Alþingi. (1997). Lög um fjárreiður ríkisins 88/1997. Sótt 26. júní 2016, af <http://www.althingi.is/lagas/137/1997088.html>
- Alþingi. (1998). Stjórnarfrumvarp: leiklistarlög nr. 146/123. Sótt 26. júní 2016, af <http://www.althingi.is/altext/123/s/0146.html>
- Alþingi. (2007). Lög um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sótt 5. desember 2016, af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2007.007.html>
- Alþingi. (2012a). Frumvarp til sviðslistalaga. Sótt 17. júní 2016, af <http://www.althingi.is/altext/pdf/141/s/0202.pdf>
- Alþingi. (2012b). Stjórnartillaga nr. 199/141. Sótt 17. júní 2016, af <http://www.althingi.is/altext/141/s/0199.html>

- Alþingi. (2015). Lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Sótt 18. júní 2016, af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015123.html>
- Ari Matthíasson, munnleg heimild. (2016, jún). Þjóðleikhúsið, viðtal tekið þann 9. júní 2016.
- Arna Kristín Einarsdóttir munnleg heimild. (2016, jún). Sinfóníuhljómsveit Íslands, viðtal tekið þann 13. júní 2016.
- Auður B. Árnadóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, viðtal tekið 8. júní 2016.
- Ágúst Einarsson. (2012). *Menningarhagfræði*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Árangursstjórnunarsamningur, Sinfóníuhljómsveit Íslands. (2012). Sótt 15. apríl 2016, af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/samingar\\_2012/arangur\\_Sinfoniuhljomsveit\\_Islands\\_2012-2014.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/samingar_2012/arangur_Sinfoniuhljomsveit_Islands_2012-2014.pdf)
- Ása Richardsdóttir ofl. (2012). *Skapandi greinar - sýn til framtíðar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Skapandi-greinar-syn-til-framtidar.pdf>
- Borgarleikhúsið. (2013). Aðalfundur Leikfélags Reykjavíkur 2013. Sótt 27. júní 2016, af <http://www.borgarleikhus.is/leikhusid/frettir/aalfundur-leikfelags-reykjavikur-2013/>
- Brynhildur Pétursdóttir. (2015). Menning á landsbyggðinni. Sótt 4. nóvember 2016, af <http://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20151008T112123.html>
- Capacent. (2013). Úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011 - 2013. Sótt 7. nóvember 2016, af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7760>
- Chartrand, Harry Hillman. (2002). Funding the Fine Arts: An International Political Economic Assessment. Sótt af <https://artmarkets.files.wordpress.com/2009/09/chartrand.pdf>
- Duelund, P. (1995). *Den danske kulturmodel: en idepolitisk redegørelse* (1. udg.). Århus: Klim.

Duelund, P. (2013). *The Nordic Cultural Model* (2003. útg.). Kaupmannahöfn: Nordic Cultural Institute.

Erna Ómarsdóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Íslenski Dansflokkurinn, viðtal tekið 15. júní 2016.

Félag íslenskra leikara. (2016). Samkomulag Þjóðleikhús og LÍ; stofnanasamningur. Sótt 26. júní 2016, af <http://www.fil.is/samningar/thjodleikhus-leikarar/>

Fjárlagavefurinn. (2014). Greinargerð fjárlagafrumvarps 2014,. Sótt 7. desember 2016, af [http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/Fjarlagafurvarp/2014/Seinni\\_hluti/Kafla\\_3.htm](http://hamar.stjr.is/Fjarlagavefur-Hluti-II/GreinargerdirogRaedur/Fjarlagafurvarp/2014/Seinni_hluti/Kafla_3.htm)

Fjárlög. (e.d.). Sótt 18. júní 2016, af <https://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/fjarlog/>

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2003). Árangursstjórnun. Sótt 10. nóvember 2016, af [https://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/umbaetur\\_i\\_rikisrekstri/arangursstjornun/](https://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/umbaetur_i_rikisrekstri/arangursstjornun/)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2004). Handbók um árangursstjórnun. Sótt 18. maí 2016, af [https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Handbok-arangursstj2004.pdf](https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Handbok-arangursstj2004.pdf)

Fjármálaráðuneytið. (2011). Staða árangursstjórnunar í opinberum rekstri. Sótt 13. nóvember 2016, af [https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/arangursstjornun/Stada\\_arangursstjornunar\\_i\\_opinberum\\_rekstri\\_08\\_2011.pdf](https://www.fjarmalaraduneyti.is/media/arangursstjornun/Stada_arangursstjornunar_i_opinberum_rekstri_08_2011.pdf)

Fjársýsla ríkisins. (e.d.). Ríkisreikningur. Sótt 17. júní 2016, af <http://www.fjs.is/utgefidenefni/rikisreikningur/>

Gamma. (2016). Gamma, um félagið. Sótt 28. júní 2016, af <http://www.gamma.is/um-gamma>

Gísli Sverrir Árnason. (2013). Samfélagslegt virði menningarstarfs - upphafleg markmið og framtíðarsýn. Flutt á Menningarlandið 2013, samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt af <http://www.samband.is/menningarlandid2013/>

Gunnar Dal. (1992). Að lifa er að elska. 1992.

Hagstofa Íslands. (2016a). Hagstofa Íslands, fjármál hins opinbera. Sótt 27. nóvember 2016, af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_\\_fjaropinber\\_\\_fjarmal\\_opinber\\_\\_fjarmal\\_opinber/THJ05142.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d860c18e-fbeb-47e5-be2c-e0aaee174dd1](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__fjaropinber__fjarmal_opinber__fjarmal_opinber/THJ05142.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d860c18e-fbeb-47e5-be2c-e0aaee174dd1)

Hagstofa Íslands. (2016b). Menning. Sótt 7. nóvember 2016, af <http://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/>

Hagstofa Íslands. (2016c). Menning, listir, leiklist. Sótt 16. nóvember 2016, af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_menning\\_\\_1\\_listir\\_\\_leiklist/MEN05105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2e9cbd17-daaa-4016-aeb1-b9db98953ea0](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__menning__1_listir__leiklist/MEN05105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=2e9cbd17-daaa-4016-aeb1-b9db98953ea0)

Hagstofa Íslands. (2016d). Þróun opinberra útgjalda, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, til menningarmála 082. Sótt 7. desember 2016, af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_\\_fjaropinber\\_\\_fjarmal\\_opinber\\_\\_fjarmal\\_opinber/THJ05142.px/chart/chartViewLine/?rxid=1473573b-72f2-42c1-b21e-85e38e1728e5](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__fjaropinber__fjarmal_opinber__fjarmal_opinber/THJ05142.px/chart/chartViewLine/?rxid=1473573b-72f2-42c1-b21e-85e38e1728e5)

Hagstofa Íslands, hagtölur listir. (e.d.). Sótt 23. júní 2016, af <http://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/listir/>

Icelandair Hotels. (2016). Icelandair hótél, um fyrirtækið. Sótt 28. júní 2016, af <http://www.icelandairhotels.com/is/um-icelandair-hotel/um-icelandair-hotel>



Íslenska óperan. (e.d.). Saga Íslensku óperunnar. Sótt 3. apríl 2016, af <http://www.opera.is/operan/saga-islensku-operunnar>

Íslenska óperan - Vínafélag Íslensku óperunnar. (e.d.). Sótt 25. júní 2016, af <http://www.opera.is/operan/vinafelag-islensku-operunnar>

Íslenski dansflokkurinn. (2016, apríl 2). Um Íslenska dansflokkinn. Sótt 2. apríl 2016, af <http://id.is/um-islenska-dansflokkinn/>

Íslenski dansflokkurinn. (e.d.). Sýningarferðir Íslenska dansflokksins. Sótt af <http://id.is/um-islenska-dansflokkinn/syningarferdir/>

Jón Páll Eyjólfsson, munnleg heimild. (2016, jún). Leikfélag Akureyrar, viðtal tekið 13. júní 2016.

Karítas H. Gunnarsdóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, viðtal tekið 8. júní 2016.

Karítas H. Gunnarsdóttir, skrifleg heimild. (2016, febrúar 12). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, viðtal tekið 2. desember 2016.

Kristín Eysteinsdóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Borgarleikhúsið, viðtal tekið 15. júní 2016.

Kristín Ögmundsdóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Íslenski dansflokkurinn, viðtal tekið 15. júní 2016.

Leikfélag Reykjavíkur. (e.d.). Sótt 3. apríl 2016, af <http://www.borgarleikhus.is/leikhusid/leikfelag-reykjavikur/>

Leiklistarlög 138/1998. (1998). Sótt 1. apríl 2016, af <http://www.althingi.is/lagas/145a/1998138.html>

- Magnús Geir Þórðarson. (2008). Að gleðja, ögra og spyrja. Sótt 29. janúar 2017, af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1237523/>
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir, & Júlía Björnsdóttir. (2014). Sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu. Sótt 23. apríl 2016, af [http://www.ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/skapandi\\_greinar\\_prufa\\_11.6.2014.pdf](http://www.ssh.is/images/stories/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun/Lokaskyrslur/Vaxtarsamningur/skapandi_greinar_prufa_11.6.2014.pdf)
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young. (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Reykjavík: Íslandsstofa.
- Menningarfélag Akureyrar. (e.d.). LA - Leikfélag Akureyrar. Sótt 14. mars 2016, af <http://www.mak.is/is/um-mak/leikfelagid/felagid>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2009). Reglugerð fyrir Þjóðleikhús. Sótt 24. júní 2016, af <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftirraduneytum/menntamalaraduneyti/nr/10860>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2002). Reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins nr.14/2002. Sótt 15. júlí 2016, af <https://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/c953b67aa0d58322002567c900570afa/5C2DEF9B07211C5000256B440052CE13>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2005). Menning, menntun og vísindi. Sótt 6. júní 2016, af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=A206C662179BC6F9002576F00058DB48&action=openDocument>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Menningarsamningur - Eyþing. Sótt 18. júní 2016, af <https://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5957>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). Menningarstefna Íslands. Sótt 15. mars 2016, af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7499>

Njörður Sigurjónsson. (2009). Menningarstefna. Háskólinn á Bifröst.

OECD Better Life Index. (e.d.). Sótt 9. desember 2016, af <http://www.oecdbetterlifeindex.org/countries/iceland/>

Orðabók. (2016). Sótt 27. apríl 2016, af <http://www.ordabok.is/index.asp>

Páll Skúlason. (1994). *Menning og sjálfstæði*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ragnheiður — Íslenska óperan | Harpa.is. (e.d.). Sótt 25. júní 2016, af <http://harpa.is/dagskra/ragnheidur-islenska-operan>

Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). Rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Sótt 13. nóvember 2016, af <http://www.rna.is/eldri-nefndir/addragandi-og-orsakir-falls-islensku-bankanna-2008/>

Reykjavíkurborg. (e.d.). Greinargerð með fjárhagsáætlun 2013. Sótt 27. júní 2016, af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/greinargerd\\_2013.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/greinargerd_2013.pdf)

Ríkisendurskoðun. (2008). Stjórnýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Sótt 28. júní 2016, af <http://rikisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/Thjodleikhusid.pdf.pdf>

Ríkisendurskoðun. (2014). Ferli úttektar á Þjóðleikhúsinu lokið. Sótt 6. desember 2016, af <http://rikisendurskodun.is/ferli-uttekta-a-thjodleikhusinu-lokid/>

Ríkiskassinn. (2016). Áákvörðun verkefna, fjárlagagerðin. Sótt 3. desember 2016, af <http://www.rikiskassinn.is/akvordun-verkefna/fjarlagagerdin/>

Samningar mennta- og menningarmálaráðuneytis á sviði menningarmála. (2012). Sótt 18. júní 2016, af <https://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/menningarmal/>

- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður Ingi Jóhannsson. (2016). Fjármáalstefna 2017-2021. Sótt 14. júlí 2016, af <http://www.althingi.is/altext/raeda/145/rad20160503T172009.html>
- Sinfóníuhljómsveit Íslands. (e.d.). Um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sótt 9. desember 2016, af <http://www.sinfonia.is/hljomsveitin/um-hljomsveitina/>
- Steinunn Birna Ragnarsdóttir, munnleg heimild. (2016, jún). Íslenska Óperan, viðtal tekið 22. júní 2016.
- Thomas Merton. (e.d.). Thomas Merton Quotes. Sótt 29. janúar 2017, af <https://www.brainyquote.com/quotes/quotes/t/thomasmert132241.html>
- Throsby, D. (2001). *Economics and culture*. New York: Cambridge University Press.
- Vísir. (2015). Vísir - Neyðarástand í Þjóðleikhúsinu. Sótt 15. júlí 2016, af <http://www.visir.is/neydarastand-i-thjodleikhusinu/article/2015150829361>
- Þjóðleikhúsið. (2016, mars 31). Um Þjóðleikhúsið. Sótt 31. mars 2016, af <http://www.leikhusid.is/bak-vid-tjoldin/leikhusid>
- Þjóðleikhúsið, ársskýrslur. (2015). Ársskýrsla Þjóðleikhússins 2015. Sótt 15. júlí 2016, af <http://www.leikhusid.is/asset/1379/%c3%81rsk%20%20c3%9ej%20%20c3%b0leikh%20%20c3%bassins%202015.pdf>

